


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Sjónmælingar







VILTU VERÐA STÍLISTI?

Fatastíll - Litgreining -
Förðun - Fatasamsetning

www.utlit.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**13. september 2012**
215. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Fólk forvitið um kynlíf**
*Sunneva og Veigar Ölnir stjórna sjónvarpsþætti um kynlíf fyrir ungt fólk.*
**sjónvarp 58**

**Andrea fimmtug**
*Andrea Gylfadóttir gefur út safnplötu og heldur stórtónleika í tilefni 50 ára afmælis.*
**tímamót 32**



**Betur má ef duga skal**
*Framkvæmdastjóri ÍSÍ kallar eftir meiri fjárhagsstuðningi við íslenskar íþróttir.*
**sport 52**

**veðrið í dag**




**VÆTUSAMT** Í dag verður stíf norðvestanátt um NV- og V-vert landið en hæg suðlæg S-til. Víða rigning en dregur úr vætu í kvöld. Hiti 7-12 stig.
**VEÐUR 4**

# Samkeppni í flugi harðnar

**Öll íslensku flugfélögin ætla að bæta við þjónustu sína á næstu mánuðum. Wow air ætlar að tvöfalda sætaframboð, Icelandair að fjölga vetrarferðum um fjórðung og Iceland Express að hefja Bandaríkjaflug.**

**VIÐSKIPTI** Wow air ætlar að fjölga vélum sínum í þrjár, fjölga áfangastöðum og tvöfalda sætaframboð sitt næsta sumar. Icelandair ætlar að auka framboð sitt yfir vetrarmánuðina um allt að 25 prósent. Framkvæmdastjóri félagsins segir það endurspegla bókunarstöðu félagsins.

Iceland Express tilkynnti í síðustu viku að félagið ætlaði að hefja áætlunarflug til Bandaríkjanna á nýjan leik næsta sumar og auka um leið heildarsætaframboð sitt um 30 prósent. Því er ljóst að möguleikar Íslendinga á að komast til annarra landa munu aukast mikið á næstu misserum auk þess sem öll íslensku flugfélögin reikna með að straumur ferðamanna til landsins haldi enn áfram að aukast.

Wow air ætlar að hefja áætlunarflug til Amsterdam, Mílanó og Düsseldorf næsta sumar og auka tíðni ferða á aðra áfangastaði. Skúli Mogensen, forstjóri og aðaleigandi Wow air, segir að hin auknu umsvif muni kalla á aukna fjárfestingu í félaginu til viðbótar við þann hálfa milljarð króna sem hann lagði því til í síðasta mánuði. Hann ætlar sjálfur að fjármagna þá aukningu og telur Wow air geta skilað hagnaði eftir tvö til þrjú ár.

> **25%** Framboð Icelandair yfir vetrartímann mun aukast um allt að 25 prósent.

Nýir áfangastaðir Icelandair sem flogið verður til í vetur eru Denver, München, London Gatwick, Bergen, Stavanger og Þrándheimur. Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir þessa miklu aukningu vera lið í þeirri stefnu Icelandair að minnka árstíðarsveiflur í flugáætlun félagsins og eins í komu ferðamanna. Alls aukist framboðið um 20-25 prósent.

Iceland Express ætlar að fljúga daglega til Boston frá og með byrjun júní á næsta ári. Áfangastöðum félagsins verður fækkað um sex en um leið verður tíðni ferða aukin á þá staði sem flogið verður á. Nýir áfangastaðir í Evrópu verða Ósló og Frankfurt. Við þetta mun sætaframboð Iceland Express aukast úr 370 þúsund sætum í 480 þúsund. Pálmi Haraldsson, eigandi félagsins, lagði félaginu til um tvo milljarða króna eftir að rekstur þess hafði verið erfiður á árinu 2011.

– þsj / sjá síðu 22



**LEITAÐ Í FÖNNINNI** Hátt í tvö hundruð björgunarsveitarmenn aðstoða nú bændur í snjónum fyrir norðan. Bóndi í Mývatnssveit er svartsýnn á framhaldið enda hefur hann misst hluta bústofnsins og enn er margt fé ófundið. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

Þúsundir fjár enn á fjöllum:

## Þungt áfall fyrir bændur nyrðra

**BJÖRGUNARSTARF** „Þetta er auðvitað alveg ömurlegt og ég er ekki bjartsýnn á framhaldið,“ segir Eyþór Pétursson, bóndi í Baldursheimi, syðsta bænum í Mývatnssveit. „Við erum búin að missa rúm fjórutíu fjár sem við vitum um, en þau gætu verið fleiri.“

Hátt í tvö hundruð björgunarsveitarmenn hafa tekið þátt í björgunarstörfum fyrir norðan, þar á meðal 70 manns frá höfuðborgarsvæðinu.

Um tuttugu bæir í sveitinni hafa verið án rafmagns frá aðfaranótt sunnudags, þar með talin nokkur mjólkurbú.

„Rafmagnsleysið hefur valdið einhverjum óþægindum, en þetta er tiltölulega smávægilegt miðað við sauðfjárbændurna,“ segir Baldur Helgi Benjamínsson hjá Landssambandi kúabænda.

Rafmagn var komið á um mest allt Norðurland um hádegi í gær að undanskildum bæjum við Mývatn. Í gær var þó búist við því að rafmagn kæmist fljótlega á.

- kh, sv / sjá síðu 6

Skuldasöfnun heimilanna teygir sig að stórum hluta aftur fyrir hrunið árið 2008:

## Greiðsluvandi eldri en hrunið

**EFNAHAGSMÁL** Megnið af greiðsluvanda heimilanna vegna skulda var til kominn fyrir hrunið 2008, eða meira en tveir þriðju hlutar vandans. Þetta kemur fram í skýrslu um áhrif hrunsins á lífskjör þjóðarinnar, sem kynnt verður í næstu viku, og Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, vitnaði til í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöld.

Í skýrslunni kemur fram, að sögn forsætisráðherra, að skuldavandi heimilanna hafi náð hámarki á árinu 2009 en síðan þá hafi markvert dregið úr honum.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

„Nú árið 2012 lætur nærri að skuldastaða íslenskra heimila sé svipuð og hún var árin 2006 til 2007. Úrræði stjórnvalda og fjármálastofnana hafa því raunverulega skilað árangri,“ sagði Jóhanna.

Samkvæmt skýrslunni hafa skuldir heimilanna verið lækkaðar um 15-20% „og veruleg hækkun vaxtabóta hefur létt skuldabyrðar heimilanna umtalsvert. Á síðastliðnu ári voru 30% vaxtakostnaðar endurgreidd og í ár tæplega 27%. Væntanleg hækkun barnabóta á næsta ári bætir síðan um betur fyrir ungar barnafjölskyldur, sem margar fóru illa út úr hruninu,“ sagði Jóhanna.

- shá










**SPURNING DAGSINS**



*Fjölnir, er gaurinn alveg eðlulegur?*

„Já, það er honum eðlislægt.“

Fjölnir Geir Bragason húðflúrari stendur fyrir Icelandic Tattoo Expo þar sem Eðlumaðurinn, the Lizardman, mætir á svæðið.

Iphone 5 er hraðvirkari og með stærri skjá en fyrri kynslóðir símans:

# Nýr Iphone var kynntur í gær

**VIÐSKIPTI** Apple, verðmætasta fyrirtæki heims, kynnti í gær nýja vörulínu og þar á meðal nýja kynslóð af snjallsímanum vinsæla Iphone.

Hinn nýi Iphone 5, eins og hann er kallaður, er hraðvirkari og með stærri skjá en fyrri kynslóðir símans. Þrátt fyrir það er hann þynnri og léttari en forverar hans. Verður síminn fáanlegur í verslunum Apple í Bandaríkjunum og nokkrum öðrum löndum frá og með 21. september. Enn er hins vegar óljóst hvenær hann verður fáanlegur hér á landi.

Á þeim ríflega fimm árum sem eru liðin frá því að fyrsta kynslóð Iphone var kynnt hefur síminn verið söluhæsta vara Apple en alls hafa tæplega 90 milljónir Iphone-síma verið seldar.

Verði viðtökurnar við nýja símanum jafn góðar og Apple hefur átt að venjast má búast við því að um 8 milljón nýir Iphone-símar verði seldir á fjórða ársfjórðungi.

Til að setja þá tölu í samhengi kemur fram í minnisblaði frá greiningardeild bandaríska bankans JP Morgan að hagvöxtur í Bandaríkjunum gæti orðið allt að 0,5 prósentustigum hærri á fjórðungnum en ella vegna þessarar nýju útgáfu Iphone.

Í gær var einnig frumsýnd ný auglýsing fyrir Iphone 5. Eins og svo oft með auglýsingar frá Apple hefur hún vakið mikla athygli á veraldarvefnum. Þess ber að geta að íslenska hljómsveitin Of Monsters and Men kemur við sögu í henni en lagið þeirra Dirty Paws hljómar þar undir. **- mþl**



**KYNNINGIN Í GÆR** Tim Cook, forstjóri Apple, kynnti nýja vörulínu fyrirtækisins í San Francisco í Bandaríkjunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðuneyti styrkja stuttmynd:

# Mörk ofbeldis og kynlífs

**SAMFÉLAGSMÁL Verkefnisstjórn innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hefur undirritað samning um styrkveitingu til gerðar stuttmyndar sem ber heitið „Fáðu já – um kynlíf og samþykki.“**

**Vitundarvakningin er hluti af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu á börnum, að því er fram kemur í tilkynningu frá Stjórnarráðinu.**

**Handritshöfundar stuttmyndarinnar eru Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og er hún framleidd af Zeta Productions. - sv**

Illviðri á Suðurlandi tefur fyrir:

# Tungnaréttum verður frestað

**LANDBÚNAÐUR** Loftur Jónsson, fjallkóngur Tungnamanna í Myrkholti í Bláskógabyggð hefur ákveðið að Tungnaréttum verði frestað til sunnudagsins 16. september eða um einn dag.

Ástæðan er illviðrið á fjöllum á mánudaginn sem tafði gangnamenn um einn dag. Þá gengur illa að koma fénu fram enda er það þungt af klakakleprum og erfitt að reka féð.

Ekki er vitað til þess að réttunum hafi verið frestað áður. **- mhh**

**LÖGREGLUMÁL**

## Ökufantar í Reykjavík

Maður um þrítugt var tekin á 173 kílómetra hraða á Reykjanesbraut, norðan Stekkjarbakka í fyrradag. Maðurinn hefur oft komið við sögu hjá lögreglunni Hann hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.




**QUIKTRIP** Lögreglumenn á vettvangi morðsins. Morðinginn hefur verið handtekinn en þeir Kristján Hinrik þekktust. MYND/NEWS ON 6



**MORÐINGINN** Jermaine Jackson hafði játað að hafa hleypt af skotunum, að sögn lögreglu.

# Morðingi Kristjáns Hinriks handtekinn

**Kristján Hinrik Þórsson þekkti manninn sem er grunaður um að hafa myrt hann í Tulsa aðfaranótt laugardags. Lögregla telur þó ekki víst að morðinginn hafi vitað á hvern hann skaut. Hinn grunaði var handtekinn í næsta fylki.**

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem grunaður er um að hafa myrt Kristján Hinrik Þórsson og John White aðfaranótt laugardags í Tulsa í Bandaríkjunum hefur verið handtekinn. Þeir Kristján Hinrik þekktust. Hinn grunaði morðingi var handtekinn af lögreglumönnum í Marianna í Arkansas, sem er í um sex til sjö klukkustunda akstursfjarlægð frá Tulsa.

Hinir myrtu voru í bíl á bílastæði við verslunina QuikTrip aðfaranótt laugardags þegar morðinginn skaut níu skotum inn í bílinn. Kristján Hinrik lést skömmu síðar en White lést á spítala á mánudag.

Hinn grunaði, Jermaine Jackson, er nítján ára gamall og þekkti Kristján Hinrik. Dave Walker, yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í Tulsa, staðfesti þetta í gær. Þrátt fyrir að þeir hafi þekkst heldur lögreglan sig við þá skýringu að Kristján Hinrik og John White hafi verið óheppnir og á röngum stað þegar morðið var framið. „Við vitum að hann þekkti Kristján, en það er ekki víst að hann hafi vitað að það var hann sem var í bílnum þegar hann skaut að honum,“ sagði Walker. Hann segir að lögreglan telji ekki að White hafi ekið á morðingjann, ekkert bendi til þess. „Við höldum bara að þessi drengur hafi viljað drepa einhvern og það var það sem hann gerði.“

„Hann hafði játað fyrir nokkrum einstaklingum að hann væri skotmaðurinn og að hann þyrfti að komast burt úr borginni,“ segir Walker. Hann segir lögregluna hafa fylgt slóð hans og fundið hann í Marianna, þar sem lögreglumenn af staðnum handtóku hann.

Ekki hafði verið tekin ákvörðun um það í gær hvort lögreglumenn frá Tulsa færu til Marianna til að yfirheyra Jackson eða hvort beðið yrði með yfirheyrslu þar til hann fengist framseldur milli ríkjanna. Framsal gæti tekið upp undir viku að sögn Walkers.

Facebook-síða Jackson sýnir að morð virðast hafa verið honum hugleikin. Fyrir hálfum mánuði skrifaði hann stöðuuppfærslu þar sem hann sagðist vera á leið í fangelsi þar sem hann ætlaði sér að fremja morð. Þá eru myndir af honum á síðunni þar sem hann er með byssu í höndunum og í buxnastrengnum. **thorunn@frettabladid.is**



**XI JINPING** Talinn eiga að taka við af Hu Jintao. NORDICPHOTOS/AFP

Fjarvera Xis vekur furðu:

# Ekkert spyrst til leiðtogaefnisins

**KÍNA, AP** Xi Jinping, varaforseti Kína, hefur ekki sést opinberlega í ellefu daga. Spurningum um fjarveru hans hefur ekki verið svarað af kínverskum stjórnvöldum.

Bæði fjarvera hans og þögnin um hana hafa vakið upp vangaveltur um það hvort hann sé alvarlega veikur eða jafnvel látinn.

Fullvíst þykir að Xi eigi að taka við af Hu Jintao forseta á landsþingi Kommúnistaflokksins í næsta mánuði. **- gb**

Selfyssingar brugðu á leik:

# Framkölluðu stóran skjálfta

**SUÐURLAND Um 800 nemendur leikskóla, grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurlands, auk starfsmanna Ráðhúss Árborgar komu saman í miðbæjargarðinum á Selfossi í gær og framkölluðu þar jarðskjálfta af stærðinni 6,5 með hoppi sem allir framkvæmdu í einu.**

**Uppákoman var liður í hreyfingarátaki Fjölbrautaskóla Suðurlands en skólinn er heilsueflandi skóli, eftir því sem fram kemur á fréttavefnum dfs.is.**

**Tveir af íþróttakennurum skólans stýrðu fólksfjöldanum en starfsfólk frá Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi sá um að mæla skjálftann.**




Stjórnvöld telja að refsireglur ESB brjóti gegn alþjóðasamningum sem í gildi eru:

# Refsireglur ESB samþykktar

**SJÁVARÚTVEGUR** Evrópuþingið samþykkti í gær reglur sem gera ESB kleift að beita viðskiptaþvingunum gegn Íslendingum. Ástæðan er deila um makrílveiðar.

„Það er í sjálfu sér ágætt að Evrópusambandið hafi áhyggjur af sjálfbærni fiskveiða, en þeir eiga sjálfir langt í land þar, ég geri svo sem engar athugasemdir við það,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra um samþykkt Evrópuþingsins í viðtali við Visir.is. Hann segir það verða tekið óstinnt upp ef útfærsla aðgerðanna fari út fyrir þann ramma sem íslensk stjórnvöld telja heimila.

Refsiaðgerðir gegn Íslandi hafa hins vegar ekki verið samþykktar, og myndu reynast bitlitlar ef til þeirra kæmi, enda réttur okkar sem fiskveiðiþjóðar tryggður með alþjóðasamningum og í gegnum EES-samninginn. Tillögurnar eiga eftir að fara fyrir ráðherraráð ESB til samþykktar.

Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri, sagði í viðtali við Fréttablaðið vegna þessa máls í lok júní að innflutningsbann á makrílafurðum samræmdist ekki EES-samningnum, að hans mati „og þegar og ef að því kemur að þeim væri beitt gagnvart okkur, þá trúir maður því ekki fyrirfram að þeir beiti ekki heimildunum samkvæmt þeim samningum sem í gildi eru og uppfylla alþjóðlegar kröfur og samningsskuldbindingar við okkur,“ sagði Sigurgeir. **- shá**



**MAKRÍLVINNSLA Í EYJUM** Steingrímur J. Sigfússon segir makrílstofninn nýttan á sjálfbæran og ábyrgan hátt af Íslendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



FIRMAVÖRN
OKKAR VAKT LÝKUR ALDREI
ALLAN SÓLARHRINGINN - 365 DAGA ÁRSINS
Securitas var stofnað árið 1979 og hefur því verið leiðandi í forvarnarstarfi í rúmlega þrjá áratugi. Fyrirtækið gætir öryggis viðskiptavina sinna með úrvali tæknilausna og fjölbreyttu þjónustuframboði fyrir öll svið mannaðrar gæslu og fjargæslu. Securitas hefur rúmlega 400 starfsmenn og meira en 100 öryggis- og þjónustubíla til að sinna ríflega 20.000 viðskiptavinum.
SECURITAS
ÍSLENSKA SIA.IS SEC 60135 09/12

## GENGIÐ 12.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,20 | 121,78 |
| Sterlingspund | 195,28 | 196,22 |
| Evra | 156,57 | 157,45 |
| Dönsk króna | 21,003 | 21,125 |
| Norsk króna | 21,086 | 21,210 |
| Sænsk króna | 18,435 | 18,543 |
| Japanskt jen | 1,5570 | 1,5662 |
| SDR | 186,66 | 187,78 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,9642

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Síbrotamaður dæmdur í tíu mánaða fangelsi í máli stúlku sem lést af völdum fíkniefnisins PMMA:

# Dæmdur fyrir að hjálpa ekki dauðvona stúlku

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær hálfþrítugan síbrotamann í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að láta undir höfuð leggjast að koma stúlku undir læknishendur sem var dauðvona eftir neyslu fíkniefnisins PMMA.

Maðurinn bar því við að honum hefði ekki verið ljóst að konan væri að dauða komin þar sem hún lá inni í rúmi í samkvæmi á heimili hans. Hann hefði á engan hátt átt þátt í dauða hennar.

Lykilgagn í málinu er myndskeið af dauðastríði stúlkunnar sem ekki liggur fyrir hvers vegna maðurinn tók upp. Hann hringdi ekki á neyðarlínuna fyrr en um klukkustund eftir að stúlkan lést.

Í dómnum segir að þegar litið sé til myndskeiðanna sé engum vafa undirorpið að stúlkan hafi liðið miklar líkamlegar kvalir fyrir andlátið. „Eru allar hreyfingar hennar og hátterni þannig að þeim er hefur á horft átti ekki að geta dulist mikil vanlíðan stúlkunnar,“ segir í dómi Símonar Sigvaldasonar.

Engu máli skipti þótt ákærði staðhæfi að hafa áður séð stúlkur í mjög annarlegu ástandi eftir neyslu fíkniefna. Þær hafi án vafa verið í miklum háska en svo giftusamlega hafi tekist til að þær hafi náð fullri heilsu.



**HJÁLPAÐI EKKI** Maðurinn hringdi ekki á neyðarlínuna fyrr en klukkutíma eftir andlátið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Maðurinn er því sakfelldur fyrir að hjálpa stúlkunni ekki, jafnvel þótt ekki liggi fyrir hvort hægt hefði verið að bjarga henni.

Maðurinn er jafnframt dæmdur til að greiða móður stúlkunnar 700 þúsund krónur í skaðabætur.

Brynjar Níelsson, verjandi mannsins, sagði við Vísi í gær að dómurinn væri of þungur og ekki í samræmi við fordæmi. Honum yrði áfrýjað til Hæstaréttar. **- sh**

Guðmundur Steingrímsson:

## Þarf að koma á sátt og trausti

**STJÓRNMÁL Guðmundur Steingrímsson, annar stofnenda stjórnmálaaflsins Bjartar Framtíðar, tók auk forystumanna þingflokkanna til máls á Alþingi í gærvöldi. Sagði Guðmundur eitt mikilvægasta verkefni samtímans að koma á meira trausti og sátt hér á landi. Þá sagði hann að bæta þyrfti vinnubrögð á Alþingi en bætti við að verkefnið væri þó mun viðameira en svo.**

**Guðmundur sagði einnig að sátt gæti ekki snúist um sem minnstar breytingar á þjóðfélaginu og kvartaði undan því hve erfitt mörgum reyndist að virða þá ferla sem mál væru sett í. Vísaði hann í því samhengi til endurskoðunar stjórnarskrárinnar og umsóknarinnar að Evrópusambandinu. - mþl**

Atli Gíslason:

## Langt í land með umbætur

**STJÓRNMÁL** Atli Gíslason, þingmaður utan flokka en fyrrum þingmaður Vinstri grænna, gagnrýndi oddvita ríkisstjórnarflokkanna harðlega í ræðu á Alþingi í gær.

Atli rifjaði í ræðu sinni upp niðurstöður þingmannanefndar sem fjallaði um rannsóknarskýrslu Alþingis. Taldi nefndin að endurskoða þyrfti verklag á þingi og marka skýrari skil milli löggjafar- og framkvæmdavaldsins.

Þá sagði Atli að enn væri býsna langt í land með slíkar umbætur og sagði hann oddvita ríkisstjórnarflokkanna bera mesta ábyrgð þar á. Loks kvartaði hann undan því að hvert stórmálið á fætur öðru væri lagt fram á þingi illa undirbúið, í andstöðu við hagsmunaðila og á síðustu stundu. **- mþl**

# Tókust á um árangur ríkisstjórnar frá efnahagshruni

**Forsætisráðherra sagði nýkynnt fjárlagafrumvarp sönnun þess að tekist hefði að koma ríkisrekstrinum á réttan kjöl í stefnuræðu sinni á þingi í gær. Formaður Sjálfstæðisflokksins gagnrýndi hins vegar mörg verk stjórnarinnar. Formaður Framsóknar sagði hagvöxt of lítinn. Hreyfingin vill klára stjórnarskrármálið strax.**

**STJÓRNMÁL** Leiðtogar ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar tókust á um árangur ríkisstjórnarinnar og verkefnin framundan á Alþingi í gærkvöld. Þar flutti Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, stefnuræðu sína fyrir komandi þing, hið síðasta á þessu kjörtímabili.

Jóhanna fjallaði í ræðu sinni um árangur ríkisstjórnarinnar. Sagði hún Íslendinga í æ ríkari mæli finna fyrir batnandi hag eftir þrengingar síðustu ára. Allir helstu hagvísar sýndu jákvæð merki og þá sagði hún nýkynnt fjárlagafrumvarp óræka sönnun þess að tekist hefði að koma ríkisrekstrinum á réttan kjöl.

Í ræðu sinni fjallaði Jóhanna einnig um áherslumál ríkisstjórnarinnar á komandi þingi. Kallaði hún fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar mikilvægan leiðarvísi á þeirri vegferð að auka hér fjárfestingar enn frekar og skapa ný störf. Þá sagði Jóhanna að á komandi þingi yrði velferðarkerfið styrkt auk þess sem nauðsynlegt væri að ljúka afgreiðslu rammaáætlunar sem fyrst sem og heildarendurskoðunar fiskveiðistjórnunarkerfisins.

> Fjárlagafrumvarpið er einnig óræk sönnun þess að ríkisstjórninni hefur á kjörtímabilinu auðnast að koma ríkisrekstrinum á réttan kjöl.
>
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** FORSÆTISRÁÐHERRA

Á eftir Jóhönnu tók til máls Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Bjarni gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega fyrir frammistöðu sína í efnahagsmálum. Sagði hann þess beðið að Alþingi blési lífi í vinnumarkaðinn og atvinnulífið en þess í stað hækkaði ríkisstjórnin sífellt skatta.

Taldi Bjarni að þann árangur sem hér hefði náðst mætti rekja til þess að vel hefði árað í vissum atvinnugreinum þótt við værum enn ekki á þeim stað sem að hefði verið stefnt fyrr á kjörtímabilinu. Loks gagnrýndi hann ríkisstjórnina fyrir að hafa frestað áformum um hallalaus fjárlög.

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvegaráðherra, sakaði stjórnarandstöðuna um bölmóðs- og niðurrifssöng sem væri ennþá meira hjáróma en áður. Tekist hefði að endurheimta efnahagslegt sjálfstæði landsins sem fengi athygli á alþjóðavettvangi vegna þess árangurs sem hér hefði náðst.

Þá sagðist Steingrímur vonast til þess að umhverfisverndarsinnar og félagshyggjusinnað fólk myndi leiða landið áfram eftir kosningar og gaf í skyn að Sjálfstæðisflokkurinn hefði gott af fjórum árum til viðbótar í stjórnarandstöðu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði hagvöxtinn hér á landi minni en hann þyrfti og ætti að vera. Þá gæti ríkisstjórnin varla stært sig af makrílveiðum og falli krónunnar sem hefðu verið meðal helstu aflvaka hagvaxtarins.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra segir enga ríkisstjórn í hinum vestræna heimi náð viðlíka árangri og sína á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þá sagði hann að næsta ríkisstjórn þyrfti að koma til móts við skuldsett heimili og skapa jákvæða hvata fyrir fólk til að vinna sig út úr efnahagsvandræðum. Þá þurfi að taka atvinnumálin fastari tökum en hingað til, efla verðmætasköpun, einfalda skattkerfið og skapa pólitískan stöðugleika.

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, tók síðust til máls af fulltrúum þingflokkanna í fyrstu umferð umræðna á þingi í gær. Lagði hún í ræðu sinni mesta áherslu á að klára þyrfti endurskoðun stjórnarskrárinnar og hvatti almenning til þátttöku í því verkefni. Þar að auki gagnrýndi hún ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki komið betur til móts við skuldsett heimili.

Að síðustu má nefna að flestir ræðumenn nefndu að áhyggjuefni væri hve lítils trausts Alþingi nýtur og kölluðu eftir betri vinnubrögðum á þingi. **magnusl@frettabladid.is**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTLÆGÐIR**

Það verður vætusamt víða um land í dag en dregur úr úrkomu í kvöld. Sæmilega hægur vindur á morgun en snýst smám saman í suðvestanátt með rigningu á ný um vestanvert landið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 18° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 26° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 15° |
| París | 20° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI Way of Life!







Jimny 40th Anniversary

Jimny er með **sterkbyggða sjálfstæða grind**, sem auk gormafjöðrunar á öllum hjólum gerir auðvelt að hækka bílinn upp. 5 gira handskipting eða 4 hraða sjálfskipting. Hægt að tengja framdríf á allt að 100 km hraða. Litaðar rúður. ABS hemlar. Öryggisloftpúðar fyrir ökumann og framsætisfarþegar. Stryktarbitar í hurðum.

Hæðarstillanleg aðalljós. Þjófavörn. Vökvastýri. Rafdrifnar rúðuvindur. Fjárstyrðar samlæsingar. Rafstýrðir útispeglar. Snúningshraðamælir. Þrívirk inniljós og kortaljós. Höfuðpúðar á fram- og aftursætum. Tvískipt fellanlegt aftursætisbak. Útvarp m. geislaspilara. Meðaleyðsla frá **7,3L/100 km**, beinskiptur.

FULL FRAME 4x4

Hugtök Markaðsráðgjöf, sept. 2012

B R Á Ð U M   B Y R J A R   F J Ö R I Ð



FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú með yfirdráttarlán?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 40,1% |
| NEI | 59,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú hafið nám en ekki lokið prófi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, baðst í gær afsökunar á eftirleik Hillsborough-slyssins:

# Sannleikurinn um Hillsborough kominn í ljós

**LONDON, AP** Breska lögreglan reyndi að hylma yfir eigin mistök með því að kenna áhorfendum um Hillsborough-slysið árið 1989. Þetta kemur fram í leyniskjölum sem gerð voru opinber í gær.

Slysið átti sér stað þann 15. apríl 1989 á Hillsborough-knattspyrnuvellinum í Sheffield. Létust alls 96 aðdáendur knattspyrnufélagsins Liverpool í gríðarlegum troðningi sem myndaðist í einu af hólfum vallarins.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, baðst í gær afsökunar á þeim mistökum sem gerð voru við rannsókn slyssins. Þá sagði hann til skammar að tekið hefði meira en 20 ár að leiða í ljós sannleikann um þau mistök sem gerð voru þennan dag.

Nefnd sem breska ríkisstjórnin skipaði, og hefur yfirfarið skjölin, komst að þeirri niðurstöðu að mistök sem lögreglan gerði hefðu haft bein áhrif á tildrög slyssins. Þá gerir nefndin grein fyrir tilraunum lögreglu til að koma ábyrgðinni á slysinu yfir á fórnarlömb þess með því að gefa í skyn að stór hluti þeirra hefði verið ölvaður og ofbeldisfullur.

Loks kemur fram í skýrslunni að hefði verið staðið betur að björgunarstarfi hefði verið hægt að bjarga allt að 41 af fórnarlömbum slyssins. **- mþl**



**HILLSBOROUGH-SLYSIÐ** Alls 96 knattspyrnuaðdáendur létust í troðningi á Hillsborough-vellinum í Sheffield þann 15. apríl 1989. NORDICPHOTOS/AFP










**HÖRMUNGAR** Bændur fyrir norðan hafa misst töluvert af sauðfé í hremmingunum og Mývatnssveitin hefur verið án rafmagns síðan á sunnudag. MYNDI/EGILL AÐALSTEINSSON

# Búsifjar miklar fyrir norðlenska bændur

**Bændur í Mývatnssveit hafa verið án rafmagns síðan á aðfaranótt sunnudags. Þúsundir fjár eru enn á fjöllum og er féð talið dautt. Ömurlegt, segir sauðfjárbóndi. Hátt í 200 björgunarsveitarmenn taka þátt í leitinni ásamt TF-Sif.**

**BJÖRGUNARSTARF** Bóndi í Mývatnssveit hefur misst að minnsta kosti fjörutíu lömb í aftakaveðri síðustu daga. Hann segir enga leið að vita hversu margar kindur hafi drepist í veðrinu eins og er, en búið er að ná um áttatíu prósent lambanna í hús. Talið er að eitthvað af fé frá hverjum einasta bæ á svæðinu hafi drepist í óveðrinu.

„Við leituðum ekki mikið í morgun [í gærmorgun]. Nú erum við að hagræða þeim sem við erum búnir að ná og gefa þeim, en þau bera sig langflest býsna vel," segir Eyþór Pétursson, bóndi í Baldursheimi, syðsta bænum í Mývatnssveit. Eyþór segir líðan sína eftir hamfarirnar undanfarna daga fara skánandi, sem og veðrið.

„Þetta er auðvitað alveg ömurlegt og ég er ekki bjartsýnn á framhaldið," segir hann. „Við erum búin að missa rúm fjörutíu sem við vitum um, en þau gætu verið fleiri."

Eyþór segir enga leið að vita hversu mikið fjárhagslegt tjón hlýst af vegna lambanna, en ljóst sé að það sé verulegt.

Um tuttugu bæir í sveitinni hafa verið án rafmagns síðan á sunnudagsnótt, þar með talin nokkur mjólkurbú.

Þeir bændur sem Fréttablaðið ræddi við létu það ekki mikið á sig fá og sögðust hafa um nóg annað að hugsa heldur en rafmagnsleysi. Kúm á svæðinu er haldið í fjósum og eitthvað var um að bændur þyrftu að handmjólka og jafnvel hella niður mjólk þar sem engin leið var til að kæla hana eða flytja. Það var þó ekki mikið magn, að sögn Baldurs Helga Benjamínssonar og Sigurðar Loftssonar, hjá Landssambandi kúabænda.

„Rafmagnsleysið hefur valdið einhverjum óþægindum, en þetta er tiltölulega smávægilegt miðað við sauðfjárbændurna," segir Baldur.

Hátt í tvö hundruð björgunarsveitarmenn taka þátt í leitinni og nota til þess tugi vélsleða, snjóbíla, fjórhjól, kerrur og önnur tæki en ekkert göngufæri er á svæðinu.

**sunna@frettabladid.is**

> Þetta er auðvitað alveg ömurlegt og ég er ekki bjartsýnn á framhaldið
>
> **EYÞÓR PÉTURSSON**
> BÓNDI Í MÝVATNSSVEIT

## Skammtað þar til viðgerð lýkur við Laxá

Rafmagn var komið á um mest allt Norðurland um hádegi í gær að undanskildum tuttugu bæjum við Mývatn. Í tilkynningu frá Rarik, sem send var út seinnipartinn í gær, var búist við því að rafmagn kæmist á fljótlega.

Langt er komið að leggja jarðstreng ofanjarðar frá Grímsstöðum suður fyrir Geirsstaði norðvestan vatnsins og munu bæir á þeirri leið koma inn eftir því sem tengingum miðar. Einnig er unnið við að reisa línur að bæjum sem eftir eru sunnan við Mývatn.

Rarik framleiddi enn rafmagn með varavélum í gærkvöld í Kelduhverfi, á Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafirði og verður svo áfram þar til Landsnet lýkur viðgerð á flutningslínu sinni frá Laxá að Kópaskeri.

## TF-Sif tók þátt í leit án árángurs

TF-Sif, flugvél Landhelgisgæslunnar, var send af stað um hádegisbil í gær til að aðstoða við leit að fé á Norðurlandi. Ein þyrla gæslunnar, auk TF-Sif, eru búnar hitamyndavélum og gat því nýst í þessum tilfellum að mati starfsmanna Landhelgisgæslunnar, að því er fram kemur í tilkynningu. Ákveðið var að senda TF-Sif til leitar í samstarfi við almannavarnaryfirvöld í Þingeyjarsýslum, en hún flaug yfir svæðið í eina og hálfa klukkustund, án árangurs. Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, sagði í samtali við Ríkisútvarpið að ef langt væri niður á féð í snjónum næmi hitamyndavélin ekki neitt.












**20% AFSLÁTTUR AF NÝJU HAUSTLITUNUM**
**dagana 20. - 26. september**

Sérfræðingar frá Dior verða í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Skeifunni, Holtagörðum og á Akureyri og kynna nýju haustlitina.
Falleg gjöf fylgir kaupum ef keyptar eru 2 vörur í Dior.*

* Gildir meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað eiga séraðgerðir í skattamálum að skila miklu samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs?

**2.** Hvað heita regnhlífarsamtök sauðfjárbænda um sölu lambakjöts á erlenda markaði?

**3.** Hver er formaður nýskipaðs starfshóps um staðgöngumæðrun?

**SVÖRIN**

1. 4,9 milljörðum króna. 2. Iceland Lamb. 3. Kristrún Heimisdóttir.

Bandarískur sendiherra drepinn í árás á sendiráðið í Bengasí:

# Bandarísk sérsveit send til Líbíu

**LÍBÍA** Christopher Stevens, sendiherra Bandaríkjanna í Líbíu, lét lífið í fyrrinótt í árás á sendiráðið í Bengasí. Vopnaðir menn réðust inn á sendiráðslóðina, skutu á byggingar og köstuðu heimatilbúnum sprengjum.

Bandaríkjamenn brugðust við með því að senda sérsveitarmenn, sérhæfða í baráttu við hryðjuverkamenn, til Líbíu. Barack Obama Bandaríkjaforseti fordæmdi árásina og sagðist ætla að sjá til þess að árásarmönnunum yrði refsað.

Auk sendiherrans urðu mennirnir þremur öðrum starfsmönnum sendiráðsins að bana.



**ÁRÁS Á SENDIRÁÐ** Bandarísk kvikmynd fór fyrir brjóstið á árásarmönnunum. NORDICPHOTOS/AFP

Tilefni árásarinnar var bandarísk kvikmynd, sem stefnt er gegn múslímum og Múhammeð spámanni þeirra. Myndin er gerð af vanefnum, en hefur að hluta verið birt á Youtube í arabískri þýðingu.

Myndin varð tilefni til mótmæla víða við sendiráð og stofnanir Bandaríkjanna. Í Egyptalandi klifruðu mótmælendur yfir vegg umhverfis bandaríska sendiráðið í Kaíró nokkrum klukkustundum áður en árásin var gerð á sendiráðið í Líbíu. Stevens er fyrsti bandaríski sendiherrann sem hryðjuverkamenn ráða af dögum síðan árið 1979, þegar Adolph Dubs var myrtur í Afganistan. **- gb**

Verksmiðjur brenna:

# Hundruð létu lífið í eldinum

**PAKISTAN, AP** Meira en 300 manns létu lífið í eldsvoða í tveimur verksmiðjum í Pakistan.

Að minnsta kosti 289 létust í eldsvoða í fataverksmiðju í Karachi, en stuttu áður hafði eldur í skóverksmiðju í Lahore orðið 25 manns að bana.

Framkvæmdastjórar verksmiðjunnar í Karachi eru flúnir. Þeim er kennt um manntjónið, því eldvörnum var mjög ábótavant. „Það voru engir neyðarútgangar. Allt fólkið lokaðist inni,“ sagði Amjad Farooqi lögreglumaður. **- gb**

Þingmaður um innflytjendur:

# Bann við búsetu í borgum

**NOREGUR** Þingmaður Framfaraflokksins í Noregi, Christian Tybring-Gjedde, segir innflytjendur eiga þátt í skorti á húsnæði í stórum borgum landsins. Þeir séu jafnframt of mikil byrði fyrir opinbera þjónustu, eins og skóla og leikskóla.

Í viðtali við Finansavisen segir þingmaðurinn það skoðun sína að innflytjendur eigi ekki að fá að flytja til stórra borga frá öðrum sveitarfélögum nema þeir geti séð fyrir sér og fjölskyldum sínum.

Håkon Haugli, fulltrúi Verkmannaflokksins, er síður en svo sammála Tybring-Gjedde. Hann spyr hvort næst verði mögulega lagt til bann við barneignum. **- ibs**

Launamunur kynjanna:

# Læra meira en þéna minna

**SVÍÞJÓÐ Ráðstöfunartekjur sænskra karla jukust um 6,7 prósent frá 2006 til 2010 en kvenna um 6,2 prósent.**

**Launamunurinn er 14,8 prósent og hefur hann ekkert breyst að ráði síðan á tíunda áratug síðustu aldar, að því er segir á vefnum allastudier.se.**

**Þar segir jafnframt að fleiri konur en karlar ljúki háskólaprófi. Fyrir fjórum árum hafi þær verið 65 prósent þeirra sem útskrifuðust.**

**Á vinnumarkaðnum eru karlar í meirihluta í einkageiranum en konur fleiri en karlar við störf hjá hinu opinbera.**

**Í báðum geirum eru flestir yfirmenn karlkyns.** **- ibs**

# Grasreykingarnar koma í ljós á haustin

**Unglingar byrja ekki að neyta kannabisefna í framhaldsskóla, heldur kemur neyslan í ljós þegar í skólann er komið. Þetta segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi. Neyslan fari minnkandi en foreldrar þurfi að vera vel á verði.**

**FRÉTTASKÝRING:**
Hvenær byrja unglingar að neyta kannabisefna?

Á haustin, þegar framhaldsskólastarf fer af stað, leita merkjanlega fleiri ungmenni sér aðstoðar vegna kannabisfíknar en á öðrum tímum ársins.

Að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, fær hann þó ekki séð, eins og gjarnan er haldið fram, að unglingar hefji kannabisneyslu í stórum stíl þegar þeir byrji í framhaldsskóla á haustin – að þar hafi myndast menning fyrir grasreykingum og að efnunum sé markvisst haldið að nýnemum.

„Það er nú kannski rétt að horfa á þetta á annan hátt. Það kemur í ljós með haustinu að kannabisneyslan er í gangi, þegar krakkarnir geta ekki mætt í skólann. Þeir byrja á þessu á sumrin þegar þeir eiga peninga. Svo þegar mamma getur ekki vakið þá fara þeir að safna punktum og komast í vandræði. Það er þá sem allt kemst upp,“ útskýrir Þórarinn.

Svo komi gjarnan til þeirra önnur bylgja skömmu eftir áramót af sömu sökum. „Krakkarnir sem koma til okkar á þessum tíma eru oft krakkar sem standa sig að öðru leyti ágætlega, hafa lokið grunnskólanum og eru komnir aðeins af stað inn í framhaldsskólana.“ Vandi þeirra sem aldrei ná inn í framhaldsskóla sé síður árstíðabundinn.

### Hugarfarið ekki að breytast

Víða, einkum á netinu, má finna áróður, íslenskan sem erlendan, fyrir því að kannabisneysla sé ekki jafnskaðleg og látið hafi verið liggja að. Fyrir þessu eru unglingar nokkuð berskjaldaðir, en Þórarinn segir þetta hins vegar ekkert nýtt og kveðst ekki merkja að þessi skoðun sé að verða útbreiddari, almennari eða viðurkenndari en áður. Hugarfarið sé ekki að breytast.

„Við verðum ekki vör við það. Það hefur alltaf verið umræða um að þetta væri skaðlítið – það hafa alltaf verið þeir sem mæla þessu bót á einhvern hátt. Það er óskóp svipað og með áfengið og þá sem halda því fram að það sé hollt í hófi.

Mér finnst það ekki hafa mikið breyst þótt svoleiðis sjónarmiðum sé alltaf haldið mjög til haga. Því er ekki jafnmikið haldið til haga að flest af því unga fólki sem kemur til okkar gerir sér alveg grein fyrir því að það er ekki hollt að nota þetta.“

Þórarinn vitnar til ástralskrar rannsóknar sem var nýlega í fréttum þar sem í raun hafi bara verið rifjað upp það sem menn hafi lengi vitað um kannabisefni. „Að það að vera í vímu er ekki mönnum til framdráttar. Maður verður ekki gáfaður í vímunni.“



**EKKI MIKLAR BREYTINGAR** Þórarinn segir að kannabisreykingar séu ekki samfélagslega viðurkenndari iðja nú en áður fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hættumerki

Hér að neðan má sjá dæmi um hegðun og hluti sem gætu bent til þess að unglingur sé byrjaður að neyta kannibisefna:

- Félagsleg virkni minnkar.
- Unglingurinn á erfitt með að vakna í skóla.
- Þátttaka í fjölskylduathöfnum dregst saman.
- Rauð og jafnvel blóðhlaupin augu.
- Þurrkur í munni.
- Sérstök lykt af fötum og vistarverum.
- Notkun lyktareyðandi efna, reykelsa og ilmkerta.
- Notkun augndropa.
- Ummerki um vímuefni og áhöld til að neyta þeirra, til dæmis pípur, sígarettupappír, álpappír, filmubox og plastfilmubútar og annað.



### Skipta ekki áfengi út fyrir annað

Fyrir nokkrum árum tóku skólar upp á þeirri nýbreytni að láta nemendur blása í áfengismæla á leið inn á skólaböll og meina ölvuðum inngöngu. Sumir spyrja hvort þetta verði þess ekki valdandi að krakkarnir leiti í önnur efni en áfengi, fyrst erfiðara er orðið að komast upp með að neyta þess.

„Menn tala oft um þetta. Þetta er á svipuðum nótum og röksemdin um að ef við hækkum áfengisverð þá verði meira um brugg – ef maður hefti aðgengi að áfengi þá bæti menn sér það upp með kannabisneyslu eða öðru. Stundum skilur maður ekki alveg hvert markmiðið er með því að halda þessum sjónarmiðum á lofti,“ segir Þórarinn.

„Staðreyndin er sú að þetta er mjög keðjuverkandi. Það að láta krakka blása svona mun hafa áhrif langt umfram og út fyrir það að krakkarnir séu að drekka á skemmtunum. Þau drekka minna í framhaldinu og það leiðir af sér minni vímuefnaneyslu almennt.“

Aðspurður segist Þórarinn ekki hafa séð bein merki um þessi áhrif. „En við vitum þetta. Þetta er haft fyrir satt í öllum alþjóðlegum fræðum um forvarnir og skaðaminnkun.“

### Á að horfa í augun á barninu sínu

Þórarinn hvetur alla foreldra sem hafa áhyggjur að hafa samband við skólayfirvöld, SÁÁ, lögreglu eða jafnvel barnayfirvöld. „Það er meira en að segja það að ala upp unglinga á þessum tíma og fólk þarf að gera sér grein fyrir því að það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Maður gerir það ekki einn.“

En hvenær er ástæða til að hafa áhyggjur af því að unglingur hafi ánetjast kannabisefnum? „Vísbendingarnar eru fyrst og fremst þær að það dregur úr félagslegri virkni, unglingurinn tekur ekki þátt í fjölskylduathöfnum, vaknar ekki á morgnana, hættir að mæta í skólann og gerir ekki það sem hann er vanur að gera og fjölskyldan fer fram á að hann geri – mæti í afmæli og taki til í herberginu sínu, svo dæmi séu nefnd,“ segir Þórarinn.

Þetta geti skýrst af öðru en kannabisneyslu en í öllu falli þurfi að bregðast við. „Svo á maður bara að horfa í augun á barninu sínu og ef þau eru sljó þá er eitthvað að.“

### Kannabisneysla fer minnkandi

Þrátt fyrir allt hefur töluverður árangur náðst í baráttunni við kannabisneyslu á Íslandi. Þórarinn bendir á að kannabisneysla ungs fólks hafi dregist jafnt og þétt saman undanfarin fjögur til fimm ár. „En það er rétt að taka fram að það var algjörlega óviðunandi ástand fyrir fimm árum og við sitjum enn uppi með mikinn vanda.“

stigur@frettabladid.is






# Sumarauki á frábæru tilboði!

# Síðustu sætin í september



Stökktu til
## COSTA DEL SOL
**19. eða 29. sept.**

Frá aðeins
**kr. 69.900**

**Kr. 69.900 – 10 nátta ferð**
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð 19. september í 10 nætur og 29. september í 7 nætur.*

**Kr. 99.900 í 10 nætur með allt innifalið**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í herbergi á hóteli.
Netverð fyrir einbýli kr. 119.900 á mann.
Stökktu tilboð 19. september í 10 nætur.*



Stökktu til
## TENERIFE
**20. sept. eða 27. sept. í viku.**

Frá aðeins
**kr. 69.900**

**Kr. 69.900 – 7 nátta ferð**
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð.
Stökktu tilboð 27. september.*

**Villa Adeje Beach**
**Frá kr. 99.900 í viku**
**með allt innifalið**
Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð á mann.
Sértilboð 20. september í viku.



Stökktu til
## BENIDORM
**19. sept. í 7 nætur**

Frá aðeins
**kr. 69.900**

**Kr. 69.900 – 7 nátta ferð**
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð.
Stökktu tilboð 19. september.*



Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara.

* **Stökktutilboð** – Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM54241



**HOTT, HOTT Á ASNA** Tveir afganskir strákar leika listir sínar í útjaðri borgarinnar Herat í Afganistan. NORDICPHOTOS/AFP



**VEITTI STYRK** Gísli Vigfús Sigurðsson, formaður Stjörnunnar, tók við styrknum frá Agnari Daníelssyni, framkvæmdastjóra Kynnisferða.

Týndu ferðamanni við Eldgjá:

## Styrkja sveitina eftir leit í Eldgjá

**STYRKIR Kynnisferðir og Reykjavík Excursions styrktu björgunarsveitina Stjörnuna í Skaftártungu um 300 þúsund krónur sem eiga að fara í byggingu húsnæðis sveitarinnar.**

**Stjarnan leitaði í lok ágúst ferðamanns við Eldgjá sem hafði ekki skilað sér í rútu hópferðafyrirtækisins. Eftir að fimmtíu manns höfðu leitað í nokkrar klukkustundir kom í ljós að ferðamaðurinn hafði aðeins skipt um föt sem bílstjórinn áttaði sig ekki á. Enginn týndist því í raun.**

**Stjarnan bar hitann og þungann af leitinni. Sveitin er nú að byggja sér 200 fermetra húsnæði í landi Grafar í Skaftártungu. Gert er ráð fyrir að húsið verði tekið í notkun á næsta ári.** - bþh

Eyrarsundssvæðið:

## Svíar og Danir semja um heilbrigðisþjónustu

**SVÍÞJÓÐ** Íbúar á Skáni í Svíþjóð geta reiknað með að verða sendir til lækninga á Kaupmannahafnarsvæðinu og Danir til Skánar.

Gerður hefur verið samningur þar að lútandi og er tilgangurinn að nýta betur sjúkrahúsrými og sérfræðikunnáttu á Eyrarsundssvæðinu, að því er segir á vef Sydsvenskan.

Taxtinn vegna Dana sem koma til lækninga á Skán verður hinn sami og ef þeir kæmu frá einhverju sænsku léni. Dönsk yfirvöld munu jafnframt setja upp sama taxta fyrir Svía eins og um Dani væri að ræða. - ibs

DÓMSTÓLAR

### Stunginn með flösku

Rúmlega tvítugur Sauðkrækingur hefur verið ákærður fyrir að hafa í desember síðastliðnum, á skemmtistaðnum Mælifelli á Sauðárkróki, stungið ungan mann af Skagaströnd í hálsinn með brotinni glerflösku. Þolandinn hlaut mikla skurði á hálsi og neðan við kjálka. Árásin er talin mjög alvarleg og getur varðað allt að sextán árum í fangelsi.

Eftirlitsstofnun EFTA kannaði hvernig gengið hefur að framfylgja nýju matvælalöggjöfinni hér á landi:

# Bæta þarf eftirlit með matvælaframleiðslu

**LANDBÚNAÐUR** Bæta þarf opinbert eftirlit með kjöt- og mjólkurvöruframleiðslu hér á landi. Það er helsta niðurstaðan úr fyrstu heimsókn ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, hingað til lands eftir að ný matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu tók að fullu gildi á Íslandi.

Umhverfi kjöt- og mjólkurframleiðslu tók nokkrum stakkaskiptum við breytingarnar sem Ísland lagðist í á grundvelli EES-samningsins. Það er Matvælastofnun sem sér um eftirlit með því að löggjöfinni sé fylgt eftir.

Meðal athugasemda sem ESA gerir við umhverfi kjöt- og mjólkurvöruframleiðslu hér á landi er að Matvælastofnun skortir ráðstafanir til að koma í veg fyrir að matvælaframleiðendur sem brotið hafa lög geti sett vörur sínar á markað.

Þá var vöntun á því hjá ýmsum matvælaframleiðendum að allar kröfur er varða hreinlæti og hollustuhætti væru uppfylltar. Sem dæmi má nefna að sums staðar voru ónógar varnir gegn smitsjúkdómum og skortur á búnaði til dauðhreinsunar. - mþl



**LAMBAKJÖT** Ný matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu tók að fullu gildi á Íslandi þann 1. nóvember á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Barroso boðar tillögur um nánara samband ESB-ríkja

**Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins boðar breytingar á sáttmála þess. Framkvæmdastjórnin ætlar að kynna tillögur sínar fyrir kosningar til Evrópuþingsins árið 2014. Sameiginlegt fjármálaeftirlit evruríkjanna verður að veruleika um áramótin. Skuldakreppan er aðalástæða breytinganna.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvert stefnir Evrópusambandið?

„Við skulum ekki vera hrædd við þessi orð: Við þurfum að fikra okkur í áttina að nánara sambandi þjóðríkja," sagði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, í árlegri stefnuræðu sinni sem hann flutti á fundi Evrópuþingsins í Strassborg í gær. Hann segir að nánara stjórnmálasamband ríkjanna krefjist þess að breytingar verði gerðar á stofnsáttmála ESB og boðar að framkvæmdastjórnin muni kynna tillögur sínar að slíkum breytingum fyrir kosningar til Evrópuþingsins árið 2014.

**Þungt í vöfum**

„Ég á ekki auðvelt með að segja þetta, því öll vitum við hve erfitt hefur reynst að breyta sáttmálunum," sagði hann.

Allar breytingar á sáttmálunum eru þungar í vöfum og taka yfirleitt mörg ár, því öll aðildarríkin þurfa að samþykkja þær og sum ríkjanna hafa kosið að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Almenningur hefur ítrekað tafið og jafnvel komið í veg fyrir breytingar, sem bæði framkvæmdastjórnin og leiðtogaráðið hafa verið sammála um að gera þurfi á sáttmálunum.

Hann tók fram að hann væri ekki að tala um neitt ofurríki. Sambandinu sé ekki beint gegn þjóðríkjunum: „Á tímum alþjóðavæðingar þýðir sameiginlegt fullveldi meiri völd, ekki minni."

**Kerfisgallar**

Það er fyrst og fremst evrukreppan mikla, skuldakreppa evruríkjanna, sem að mati Barroso kallar á þessar breytingar. Kerfisgallar hafi verið á Efnahags- og myntbandalagi ESB frá upphafi, en úr því þurfi nú að bæta.



**JOSE MANUEL BARROSO** Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins flytur stefnuræðu sína á fundi Evrópuþingsins. NORDICPHOTOS/AFP

„Kreppan hefur leitt í ljós, að á meðan bankar urðu yfirþjóðlegir þá voru reglurnar og eftirlitið áfram þjóðbundið. Og þegar allt fór úrskeiðis, þá voru það skattgreiðendur sem sátu uppi með reikninginn," sagði Barroso.

Rökin fyrir þessum breytingum sagði hann vera augljós: „Efnahagsákvarðanir eins aðildarríkis hafa áhrif á hin ríkin," sagði hann. „Við þurfum öflugri og meira bindandi ramma utan um ákvarðanatöku þjóðríkjanna í helstu efnahagsmálum."

**Bankaeftirlit**

Evruríkin hafa nú þegar stigið nokkur skref í þessa átt, og í gær kynnti Barroso frumvörp framkvæmdastjórnarinnar um sameiginlegt fjármálaeftirlit, sem á að taka til starfa strax um næstu áramót.

Samkvæmt þessum hugmyndum fær Seðlabanki Evrópusambandsins verulega aukin völd og eftirlit með starfsemi banka verður stóreflt, en það verður gert í samvinnu við fjármálaeftirlitsstofnanir aðildarríkjanna.

Sameiginlegt fjármálaeftirlit segir Barroso hins vegar að sé aðeins fyrsti áfanginn í áttina að raunverulegu bankabandalagi Evrópusambandsins.

Hann segir ekkert standa í vegi fyrir því að strax verði byrjað á mikilvægum breytingum, sem ekki krefjast sáttmálabreytinga: „Með núverandi sáttmálum er strax hægt að hefjast handa við að koma á djúptæku og raunverulegu efnahags- og myntbandalagi, en síðan verður einungis hægt að klára það verk með því að gera breytingar á sáttmálunum."

gudsteinn@frettabladid.is

## Gengur illa að sannfæra lánardrottna

Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggja nú hart að grísku stjórninni að innleiða sex daga vinnuviku í landinu, til þess að landsframleiðslan geti aukist hraðar. Einnig er þess krafist að eftirlaunaaldur verði hækkaður úr 65 árum í 67.

Einungis þannig geti gríska stjórnin náð þeim markmiðum í efnahagsmálum, sem frekari fjárhagsaðstoð frá þessum stofnunum er bundin við.

Fulltrúar frá ESB, AGB og Seðlabanka ESB, þríeykið svonefnda, eru þessa dagana staddir í Grikklandi til að kafa ofan í ríkisbókhaldið. Grískum stjórnvöldum hefur ekki gengið vel að sannfæra þessa lánardrottna sína um að nýjar aðhaldsaðgerðir dugi til að standa undir kröfunum, sem gerðar eru til þeirra.

Gríska stjórnin hefur reynt að berja saman aðhaldsaðgerðapakka, sem á að skila 11,5 milljarða evra sparnaði í ríkisbókhaldinu.



**ÞRÍEYKIÐ** Matthias Mors frá framkvæmdastjórn ESB, Klaus Masuch frá Seðlabanka ESB og Poul Thomsen frá AGS koma af fundi með Antonis Samaras, forsætisráðherra Grikklands, í Aþenu.

## Grænt ljós í Þýskalandi

Stjórnlagadómstóll Þýskalands gaf í gær grænt ljós á nýjan stöðugleikasjóð Evrópusambandsins, sem notaður verður til að hjálpa skuldugustu evruríkjunum yfir erfiðasta hjallann.

Úrskurðar dómstólsins hefur verið beðið með vaxandi spennu síðustu vikur og mánuði, því hefði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að sjóðurinn stæðist ekki þýsku stjórnarskrána, þá væru björgunaraðgerðir evruríkjanna í uppnámi.

„Þetta er góður dagur fyrir Þýskaland og þetta er góður dagur fyrir Evrópu," sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari og fagnaði niðurstöðu dómstólsins.



**ANGELA MERKEL** Brúnin var létt á kanslara Þýskalands í gær.

Ekki er allt sem sýnist í tölfræði Seðlabankans um hækkun yfirdráttarlána:

# Vöxtur yfirdráttar 29 prósent frá 2009

**FJÁRMÁL** Vöxtur yfirdráttarskulda heimilanna frá júlí 2009 til júlí 2012 var úr 43,6 milljörðum króna í tæpa 66 milljarða króna. Það gerir um 29 prósenta vöxt á þessum þremur árum.

Þessum tölum kom Seðlabanki Íslands til Fréttablaðsins vegna forsíðufréttar á mánudag. Þar kemur fram að yfirdráttarlánin stóðu í 86,8 milljörðum í lok júlí en þar er næstum tvöföld sú tala sem kemur upp í tölfræði SÍ um yfirdráttarlánin í júlí 2009. Fyrir þessari hækkun eru fleiri skýringar en bent var á í fréttinni og tengjast hræringum innan bankakerfisins og breytingum almennt. Útgangspunkturinn fréttarinnar var því villandi og rétt að árétta eftirfarandi:

Í lok mars rann Kreditkort saman við Íslandsbanka og frá þeim tíma flokkast kreditkortaskuldir við Kreditkort sem yfirdráttarlán við innlánsstofnanir. Við það jukust yfirdráttarskuldir án þess að um raunverulega aukningu væri að ræða.

Þessu til viðbótar jukust mældar yfirdráttarskuldir í nóvember í fyrra við sameiningu Íslandsbanka og BYR þar sem þessar skuldir höfðu verið bókaðar með mismunandi hætti. Breyttar uppgjörsaðferðir innlánsstofnana við greiðslukortafyrirtæki í samræmi við reglur Seðlabankans um greiðsluuppgjör kortaviðskipta skipta hér einnig miklu. **- shá**



**KRÓNUR** Breytingar innan fjármálakerfisins skýra hækkun yfirdráttarskulda í bókum SÍ að stórum hluta.



**TURN ÚR LEGÓKUBBUM** Í Prag í Tékklandi unnu menn um helgina að því að reisa 32,5 metra háan turn úr Legókubbum, og slógu þar með fyrra met sem var 32,3 metrar. NORDICPHOTOS/AFP



**HEIÐARFJALL** Bandaríkjaher rak ratsjárstöð á Heiðarfjalli.

Eigendur Heiðarfjalls:

## Vilja síður fá útsýnisskífu

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur jarðanna Eiðis I og II gera athugasemdir við þá fyrirætlan Langanesbyggðar að setja upp útsýnisskífu á Heiðarfjalli. Þeir vilji frekar draga úr umferð upp á Heiðarfjall en auka hana. Lengi hafi staðið til að loka veginum norðan megin í fjallinu ofan við húsið á Eiði.

„Auðvitað hefur það ónæði í för með sér fyrir okkur og dvalargesti á okkar vegum sem koma í heimsókn til að fá frið og ró, að umferð aukist fyrir ofan staðinn,“ segja landeigendur sem kveðast síður vilja að þetta verði gert. Þeir benda á að víðsýnna sé af Gunnólfsvíkurfjalli sem sé í opinberri eigu. **- gar**

Fyrsti erlendi ræðumaðurinn:

## Róbert heldur ræðu hjá KU

**MENNTAMÁL** **Róbert R. Spanó, forseta Lagadeildar Háskóla Íslands, hefur verið boðið að halda fyrirlestur við brautskráningu kandídata við Lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn, fyrstum útlendinga.**

**„Þetta er athyglisvert í sögulegu ljósi og frekari viðurkenning á stöðu Lagadeildar HÍ og á samstarfi hennar við Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla, en við tókum nýlega inn fyrstu nemendurna í sameiginlegt doktorsnám deildanna,“ segir Róbert.**

**Hann segir ræðuna verða hvatningarorð til ungra danskra lögfræðinga til að nýta þekkingu sína í þágu samfélagsins.**

**Brautskráningin verður þann 21. september næstkomandi.** **- sv**

Fjölmiðlaverðlaun ráðuneytis:

## Þrír tilnefndir til verðlauna

**FJÖLMIÐLAR** Dómnefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hefur tilnefnt þrjá til fjölmiðlaverðlauna ráðuneytisins í ár.

Tímaritið Fuglar er tilnefnt fyrir umfjöllun um fugla í náttúru Íslands. Herdís Þorvaldsdóttir er einnig tilnefnd fyrir heimildarmynd sína „Fjallkonan hrópar á vægð“, sem fjallar um landeyðingu og ofbeit sauðfjár. Þá er Rúnar Pálmarsson, blaðamaður Morgunblaðsins, tilnefndur fyrir umfjöllun sína um akstur utan vega.

Verðlaunin verða veitt á degi íslenskrar náttúru, hinn 16. september næstkomandi. **- sv**



# Vandamálið ekki séríslenskt

**Orð forsetans við setningu Alþingis eru eðlilegt framhald orðræðu úr kosningabaráttu hans, segir Gunnar Helgi Kristinsson. Forsetinn sagði slælegt álit á Alþingi munu auka þrýsting á aðkomu hans að lagasetningu.**

**STJÓRNMÁL** Ummæli forseta Íslands við setningu Alþingis á þriðjudag eru framhald af stefnu sem hann boðaði í kosningabaráttu sinni til embættis forseta fyrr á árinu, að mati Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Í ræðu sinni á Alþingi sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, brýnt fyrir þjóðina og stofnanir hennar að á komandi vetri yrði tekið á vanda Alþingis, ella myndu aukast áfram kröfur um afskipti hans af setningu laga, umfram það sem tíðkast hefði. Bauð hann í ræðunni liðsinni sitt við að efla á ný virðingu Alþingis.



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Gunnar Helgi segir hafa komið fram í kosningabaráttunni fyrir forsetakjörið í sumar að Ólafur Ragnar túlki embættið með nokkuð virkum hætti og telji heimildir vera fyrir nokkuð miklum inngripum forseta. „Það er auðvitað bara umdeilt, en með því að hafa unnið forsetakosningarnar telur hann sig hafa fengið sterkara umboð til að tala svona og jafnvel fylgja því eftir.“

Um leið segir Gunnar Helgi óljóst hvernig forsetinn ætli sér að hjálpa þinginu. „Það verður að segjast að tal hans um vantraust á þinginu er ekki sérstaklega til þess fallið að vinna að því markmiði að auka traust á þinginu.“ Vandann við túlkun á ræðu forsetans segir Gunnar Helgi liggja í því að hann tali nokkuð óljóst og ekki liggi fyrir hvaða form yrði á auknum afskiptum hans af lagasetningu. „Viðtekin skoðun fólks er að hér sé þingræði og forsetinn gegni engu sérstöku hlutverki undir venjulegum kringumstæðum og óski stjórnmálamenn ekki eftir sérstökum afskiptum hans, þá er vandséð hvaða úrræði hann hefur.“

> Með því að hafa unnið forsetakosningarnar telur hann sig hafa fengið sterkara umboð til að tala svona og jafnvel fylgja því eftir.
>
> GUNNAR HELGI KRISTINSSON
> PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI VIÐ HÍ

Um leið segir Gunnar Helgi að traust á stjórnmálamönnum og flokkum hafi farið dvínandi víða um heim, þótt hér hafi vantraust aukist eftir hrun. „Þetta vandamál er ekki bundið við Ísland.“

Í könnun Eurostat frá því í vor kemur fram að traust Íslendinga á Alþingi sé rétt fyrir neðan meðaltal Evrópusambandsríkja. Meðal ríkja sem minna traust bera til þings síns eru Bretland, Írland, Portúgal og Pólland. Af þeim ríkjum sem minnst traust bera til þinga sinna er Ísland í átjánda sæti, en fjórðungur almennings telst treysta þingi sínu. Minnst traust bera Litháar, Ítalir og Tékkar til sinna þinga, sjö, átta og níu prósent.

olikr@frettabladid.is



**VIÐ SETNINGU ALÞINGIS** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gerði stöðu Alþingis í þjóðarvitundinni að umræðuefni í ræðu sinni við setningu Alþingis á þriðjudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vilja bæta vinnubrögð þótt tekist sé á

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, segir að ekki verði fram hjá því litið að traust á Alþingi hafi dalað mjög og við því verði að bregðast. Í því skipti miklu endurskoðun þingskapa. „Svo má hafa ólíka skoðun á því hvort áfram verði ákall um að forsetinn blandi sér í löggjafarstörfin,“ segir hann.

Þá segir Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, æskilegast að Alþingi klári mál með þeim hætti að fólk þurfi ekki að leita til forsetans.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, segist ekki tjá sig sérstaklega um ummæli eða ræður forsetans. „En ég held að okkur þingmönnum og stjórnmálamönnum í landinu sé það alveg ljóst, og við þurfum svo sem ekki ekki hjálp frá öðrum í að átta okkur á því, að þessi tími hefur verið stjórnmálunum erfiður á ýmsan hátt, en það er eitthvað sem stjórnmálin verða að greiða úr sjálf.“

Magnús Orri Schram, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segist í fyrstu ekki hafa áttað sig á hvort forsetinn hafi verið að hvetja þingmenn til að vanda sig betur eða hvort hann segðist ætla að taka til sín frekari völd á sviði lagasetningar. Undir fyrri skilninginn gæti hann tekið, en væri ósammála þeim síðari. „Lýðræðislega kjörinn meirihluti á að fá að ráða málum með þeim hætti sem hann telur bestan.“

### Traust almennings til þjóðþinga landa sinna*

| Land | Treysta fremur | Treysta síður | Veit/svara ekki |
|---|---|---|---|
| Litháen | 7% | 90% | 3% |
| Ítalía | 8% | 84% | 8% |
| Tékkland | 9% | 89% | 2% |
| Spánn | 11% | 82% | 7% |
| Grikkland | 12% | 86% | 2% |
| Lettland | 12% | 84% | 4% |
| Rúmenía | 16% | 76% | 8% |
| Búlgaría | 17% | 77% | 6% |
| Pólland | 18% | 77% | 5% |
| Slóvenía | 18% | 80% | 2% |
| Króatía | 20% | 77% | 3% |
| Serbía | 20% | 75% | 5% |
| Ungverjaland | 21% | 74% | 5% |
| Portúgal | 21% | 76% | 3% |
| Kýpur | 22% | 70% | 8% |
| Bretland | 23% | 72% | 5% |
| Írland | 24% | 69% | 7% |
| Ísland | 25% | 73% | 2% |
| Makedónía | 27% | 69% | 4% |
| Meðaltal ESB | 28% | 66% | 6% |
| Malta | 29% | 56% | 15% |
| Svartfjallaland | 29% | 62% | 9% |
| Eistland | 36% | 59% | 5% |
| Slóvakía | 39% | 58% | 3% |
| Frakkland | 42% | 47% | 11% |
| Belgía | 46% | 52% | 2% |
| Þýskaland | 46% | 49% | 5% |
| Bandaríkin** | 47% | 52% | 1% |
| Austurríki | 48% | 48% | 4% |
| Holland | 49% | 47% | 4% |
| Tyrkland | 54% | 39% | 7% |
| Lúxemborg | 55% | 27% | 18% |
| Finnland | 59% | 39% | 2% |
| Danmörk | 64% | 34% | 2% |
| Svíþjóð | 70% | 28% | 2% |

*Samkvæmt Eurobarometer-mælingu Hagstofu Evrópusambandsins vorið 2012.

**Samkvæmt Gallup-könnun 7.-10. júní 2012



# 20% afsláttur

af öllum Rexona vörum í Hagkaup frá fimmtudegi til sunnudags.

# Rexona

## MEIRI HREYFING
## – BETRI VIRKNI

## FYRIR HANN OG HANA




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Heilsudagar! Betra bak leggur




* 3,5% lántökugjald

**Tempur® Cloud**
heilsurúm 180 x 200 cm
**TILBOÐ Kr. 375.840,-**
**Verð áður 469.800,-**

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

**20% afsláttur í sept.**




## Stillanlegt og þægilegt!




## Stillanleg heilsurúm!
Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**SEPTEMBER-TILBOÐ Kr. 578.550,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

**20% afsláttur í sept.**

## Ný sending af rúmgöflum
**Komdu og skoðaðu úrvalið**



# www.betrabak.is

**betrabak@betrabak.is • Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**

# grunn að góðum degi.

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR



## Vönduð heilsurúm á frábæru verði!

**Chiro Deluxe**

| Dýna, botn og lappir | SEPTEMBER-TILBOÐ |
|---|---|
| 160x200 - kr. 280.900,- | 224.720,- |
| 180x200 - kr. 329.900,- | 263.920,- |

**Chiro Deluxe**

- Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði
- 8 cm Latex heilsuyfirdýna
- Eurotop® betur nýttur svefnflötur
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Val um 5 liti á botni
- Val um 3 gerðir af löppum

20% afsláttur í sept.





## FLUFFY-DÚNSÆNGIN!

**SEPTEMBER-TILBOÐ**

**Frábært verð kr. 41.900,-**

**Þú sparar 10.475 kr.**

Ekta hlý og mjúk dúnsæng fyllt með 800 gr. af dúnmjúkum Síberíugæsadún

20% afsláttur í sept.

**Lingen** svefnsófi

**TILBOÐ AÐEINS**

**Kr. 99.000,-**

**Verð áður 123.750,-**

20% afsláttur í sept.



**Góð svampdýna**
**Breidd:** 200 cm
**Dýpt:** 120 cm



Betra BAK

• Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 • Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**FRÉTTASKÝRING:** Fjárlagafrumvarpið

# 117 milljarða niðurskurður frá hruni

**Eftir hrun haustið 2008 blasti við nýr veruleiki í ríkisfjármálum þar sem tekjustofnar hrundu og útgjöld jukust til mikilla muna. Þessar aðstæður kölluðu á aðgerðir þar sem bæði var ráðist í að hækka tekjur og skera niður útgjöld. Í skýringum með fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár kemur fram að á árunum 2009 til 2013 nemi upphæð aðhaldsaðgerða um 117 milljörðum, en nú segir ráðherra að niðurskurðartímanum sé lokið.**




**EKKI NIÐURSKURÐARFRUMVARP** Oddný Harðardóttir lagði í vikunni fram frumvarp til fjárlaga 2013. Þar er gert ráð fyrir hófsamari aðhaldsaðgerðum en síðustu ár. 117 milljarðar hafa verið skornir niður í ríkisútgjöldum frá hruni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins sem kynnt var fyrr í vikunni kemur fram að aðhaldsaðgerðir næsta árs spari 6,7 milljarða í útgjöldum ríkissjóðs, sem nemur 1,5% lækkun miðað við veltu fjárlaga 2012, að undanskildum vaxtagjöldum og óreglulegum liðum eins og afskriftum skattkrafna og lífeyrisskuldbindingum.

Í greinargerðinni segir að aðhaldsaðgerðir þessa árs megi teljast nokkuð hóflegar miðað við síðustu ár. Meðal annars er verulega létt á svokölluðum veltutengdum aðhaldsmarkmiðum frá því sem áður var. Nú er til dæmis miðað við 1,8% niðurskurð í almennri opinberri þjónustu og stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum, þar sem niðurskurðarkrafa hefur verið allt upp í tíu prósent á ári, og sjúkrahúsum, heilbrigðis- og öldrunarstofnunum er hlíft eftir erfið ár þar sem niðurskurðarkrafan hefur verið allt að 5%.

Eftir hrun varð algjör viðsnúningur í ríkisrekstrinum þar sem útgjöld jukust stórkostlega á meðan tekjur hrundu. Árið 2008 reyndust útgjöld til dæmis 688 milljarðar, 290 milljörðum meira en árið á undan, meðal annars vegna tapaðra krafna vegna gjaldþrots viðskiptabankanna.

Síðan þá hafa útgjöld verið upp undir 600 milljarðar á ári, þar sem vaxtagreiðslur og kostnaður vegna atvinnuleysisbóta hefur vegið afar þungt. Til að bregðast við þeirri stöðu og ná jafnvægi í ríkisfjármálunum hafa stjórnvöld þurft að grípa til umfangsmikils niðurskurðar á ýmsum sviðum sem hafa komið misilla við almenning í landinu.

Í frumvarpinu nú er gert ráð fyrir heildarútgjöldum að upphæð 573 milljörðum, sem er um 14 milljörðum meira en gert er ráð fyrir á þessu ári.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins er samantekt á „uppsöfnuðum aðhaldsaðgerðum" áranna 2009 til 2013 og er niðurstaðan sú að niðurskurðurinn, uppreiknað á verðlag 2013, nemi 116,7 milljörðum (að undanskilinni frystingu launa og bóta). Það samsvarar um 23% af veltu ársins 2008.

Þeir málaflokkar sem helst fundu fyrir niðurskurðarhnífnum voru heilbrigðismál þar sem skorið var niður um 24,7 milljarða á tímabilinu, sem samsvarar um átján prósentum af veltu málaflokksins árið 2008. Vega- og umferðarmál voru skorin niður um 24,5 milljarða, almannatrygginga- og velferðarmál um 16,7 milljarða, fræðslumál um 13,5 milljarða og löggæsla um 6,7 milljarða.

> **24,7** milljarðar er uppsafnaður niðurskurður í heilbrigðiskerfinu á árunum 2009 til 2013.

Oddný Harðardóttir fjármálaráðherra sagði á kynningu fjárlagafrumvarpsins á þriðjudag að þrátt fyrir það sem þar er tiltekið, sé vart hægt að tala um niðurskurð heldur „aðhaldsaðgerðir sem í venjulegu árferði væri gripið til til þess að rýma fyrir nýjum verkefnum".

Hún sagði þess vegna ekki hægt að tala um niðurskurðarfrumvarp að þessu sinni. „Heldur er þetta aðhald sem er gripið til til að halda ríkisbúskapnum innan viðráðanlegra marka."


**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

## Tuga milljarða niðurskurður 2009-2013

**Niðurskurður í ríkisútgjöldum hefur tekið á flestum sviðum síðustu ár en snert sum meira en önnur.**

| Aðhaldsaðgerðir, á verðlagi 2013, í milljónum króna | Fjárlög 2008 | Uppsafnaðar aðhaldsaðg. 2009-2013 | Aðhald m.v. veltu 2008 |
|---|---|---|---|
| **Samgöngumál** | **57.241,5** | **26.947,1** | **47,1%** |
| Vega- og umferðarmál | 42.500,0 | 24.478,4 | 57,6% |
| **Almenn opinber þjónusta** | **32.068,9** | **11.305,7** | **35,3%** |
| Þróunarmál og alþjóðastofnanir | 5.572,0 | 4.316,1 | 77,5% |
| **Eldsneytis- og orkumál** | **3.349,4** | **858,2** | **25,6%** |
| **Löggæsla og öryggismál** | **26.393,4** | **6.657,1** | **25,2%** |
| Löggæslustofnanir og öryggismál | 7.513,2 | 1.879,2 | 25,0% |
| **Menningarmál** | **21.251,3** | **5.334,1** | **25,1%** |
| **Fræðslumál** | **55.931,1** | **13.530,3** | **24,2%** |
| Framhaldsskólar | 23.501,3 | 4.377,4 | 18,6% |
| Háskólar og rannsóknir | 23.861,4 | 4.888,4 | 20,5% |
| **Önnur útgjöld vegna atvinnuvega** | **10.272,8** | **2.437,2** | **23,7%** |
| **Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarm.** | **6.761,9** | **1.506,6** | **22,3%** |
| **Heilbrigðismál** | **138.424,4** | **24.733,9** | **17,9%** |
| **Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál** | **21.818,4** | **3.459,1** | **15,9%** |
| **Almannatryggingar og velferðarmál** | **117.521,7** | **16.701,3** | **14,2%** |
| **Iðnaðarmál** | **2.434,3** | **331,0** | **13,6%** |
| **Önnur útgjöld ríkissjóðs** | **25.121,0** | **2.887,8** | **11,5%** |
| **Samtals án frystingar launa og bóta** | **518.590,1** | **116.689,4** | **22,5%** |

HEIMILD: FRUMVARP TIL FJÁRLAGA 2013

## Heildarútgjöld ríkissjóðs í milljörðum króna




* samkvæmt áætlun | ** samkvæmt fjárlagafrumvarpi


BESTÅ lætur
þig líta vel út
nýtt
31.050,-
BESTÅ samsetning
með hurðum
B120×D40, H192cm
Hvítt/dökktúrkís
nýtt
95.800,-
BESTÅ samsetning með hurðum
B240×D40, H160cm. Hvítt/dökktúrkís
Nýi BESTÅ bæklingurinn er kominn!
Honum er dreift í dag inn á öll heimili í landinu sem samþykkja fjölpóst! Ef þig dreymir um að hafa hlutina í röð og reglu í fallegum og stílhreinum hirslum þá lætur BESTÅ drauma rætast. Sveigjanlegar geymslulausnir fyrir allt frá forstofu að svefnherbergi. Skoðaðu málið!
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# neytendur
hagur heimilanna

**144,9 TONN** af plastvöru til endurvinnslu voru flutt úr landinu í júlí á þessu ári, umtalsvert minna en í sama mánuði ári fyrr þegar flutt voru út 584,6 tonn, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Blek í fötum

*Óvænt not fyrir hárlakkið*



Lendi fólk í því að fá kúlupennablek í föt má reyna eitt áður en fötunum er hent. Úðið blettinn með hárlakki og þurrkið síðan með hreinum klút. Við þetta ætti blekið að hverfa. Öðrum kosti á að endurtaka meðferðina, sem sögð er henta einkar vel á föt úr gerviefni.

■ **Rafmagnsvörur**

## Minna kvikasilfur í umhverfismerktum sparperum



Ekki má henda sparperum og flúrperum sem innihalda kvikasilfur beint í ruslafötuna, að því er segir á vef Umhverfisstofnunar. Perurnar flokkast sem spilliefni og skila á þeim á endurvinnslustöðvar. Ef sparpera brotnar á að hafa glugga opinn meðan brotin eru þrifin upp. Ekki á að nota kúst þar sem hann getur dreift kvikasilfrinu enn meira um herbergið. Taka á frekar brotin upp með pappaspjaldi og nota svo límband og blautan eldhúspappír til að ná smáum ögnum. Ganga á frá brotunum í loftþétt ílát. Lofta á vel út í fimmtán mínútur eftir þrifin. Umhverfismerktar sparperur eru sagðar innihalda minna af kvikasilfri en aðrar perur.

■ **Sundstaðir**

## Dýrara að taka á leigu handklæði og sundföt



Það kostar 750 krónur að taka sundföt á leigu á sundstöðum Reykjavíkur en 550 krónur að leigja handklæði. Í fyrra kostaði 600 krónur að leigja sundföt og 400 krónur að leigja handklæði. Stakt aðgangsgjald fyrir fullorðna er nú 500 krónur. Sérstakt tilboð – sundföt, handklæði, sund – er á 1.300 krónur. Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri Íþrótta- og tómstundasviðs, segir að nauðsynlegt hafi verið að hækka verðið. „Það verður talsverð rýrnun á sundfatnaði og handklæðum og það er ekki hægt að borga með þessu. Sundfatnaður hefur auk þess hækkað í verði.“

# Geyma þarf kvittanir til að njóta tollfrelsis

**Þeir sem flytja búferlum til landsins geta þurft að greiða toll af búslóðarmunum sínum hafi þeir ekki verið í eigu þeirra í eitt ár fyrir flutninginn. Mikilvægt er að geyma kvittanir til að geta fært sönnur á hvenær hlutir voru keyptir.**



**BÚFERLAFLUTNINGAR** Greiða þarf mögulega toll af búslóðarmunum sem hafa verið í skemmri tíma en eitt ár í eigu þess sem flytur erlendis frá. NORDICPHOTOS/GETTY

Hafi búslóðarmunir verið í eigu þess sem flytur til landsins í skemmri tíma en eitt ár eða séu munirnir ónotaðir er veitt undanþága frá tolli sé verðmæti munanna ekki meira en 140 þúsund krónur miðað við hvern fullorðinn fjölskyldumeðlim. Fjárhæðin er helmingi lægri fyrir þá sem eru yngri en 18 ára. Er þá miðað við smásöluverð.

Upphæðin sem greiða þarf í toll af búslóðarmunum fer eftir því um hvaða vöru er að ræða, að því er Bjarni Sverrisson tollfulltrúi greinir frá. „Þetta getur verið frá því að vera virðisaukaskattur upp í 70 prósent í heildina eins og til dæmis af hljómflutningstækjum og sjónvarpi.“

Bjarni segir mikilvægt að sýna kvittanir fyrir þeim munum sem keyptir hafi verið erlendis vilji menn vera vissir um að geta notið þess tollfrelsis sem í boði er.

„En það er aldrei þannig að það sé alveg útilokað að færa sönnur á aldur hluta. Við höfum náttúrulega okkar aðferðir til að komast að því en ég man ekki eftir ágreiningi um slíkt. Þetta er yfirleitt leyst.“

Á vefsíðu tollstjóra segir meðal annars að hafa eigi búslóðina með sér við búferlaflutninga til landsins. Þó er hægt að flytja hana eigi síðar en innan sex mánaða frá því að viðkomandi tók sér bólfestu hér á landi eða öðlaðist hér lögheimili.

Jafnframt er þess getið að matog drykkjarvörur, þar með talið áfengi, auk tóbaks teljist ekki til búslóðar né heldur hlutir sem jafnan eru vegg- eða gólffastir í híbýlum, eins og til dæmis innréttingar og parket.

„Það hefur komið fyrir að fólk hafi flutt innréttingar með búslóð en þá verður að greiða toll af þeim,“ segir Bjarni. **ibs@frettabladid.is**

### Munir sem ekki falla undir undanþágu frá tolli

1. Hlutir og búnaður til nota í atvinnuskyni.
2. Skráningarskyld ökutæki, vélknúin farartæki og farartæki til siglinga eða flugs.
3. Hlutir sem jafnan eru vegg- eða gólffastir í híbýlum manna, t.d. innréttingar og parket.
4. Mat- og drykkjarvörur, þ.m.t. áfengi, auk tóbaks.


# GILDI ÍSLENSKRA RANNSÓKNA Á BRJÓSTA-KRABBAMEINI

FIMMTUDAGINN 13. SEPTEMBER

Göngum saman

MÁLÞING Í HÁTÍÐASAL HÁSKÓLA ÍSLANDS
Í TILEFNI AF 5 ÁRA AFMÆLI STYRKTARFÉLAGSINS GÖNGUM SAMAN

**Dagskrá**

15.00 Setning, **Gunnhildur Óskarsdóttir**, formaður Göngum saman
15.05 Ávarp, **Katrín Jakobsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra
15.15 *Does research in breast cancer matter for the general public?* **Norman Freshney**, forstöðumaður rannsókna hjá Breakthrough Breast Cancer í Bretlandi
15.45 *Hverju hafa rannsóknir á brjóstakrabbameini á Íslandi skilað?* **Helga Ögmundsdóttir**, prófessor við Háskóla Íslands
16.05 Tónlistaratriði, **Karlakórinn Fóstbræður**
16.15 *Grunnrannsóknir, forsenda framfara í lækningum* **Friðbjörn Sigurðsson** læknir
16.30 *Hverju getur samtakamáttur hugsjónafólks og vísindamanna áorkað?* **Kristín Ingólfsdóttir**, rektor Háskóla Íslands
16.45 **Göngum saman brjóstanna vegna**, forsýning á fræðslumynd Göngum saman
17.15 Málþingsslit



Fundarstjóri: **Þórólfur Árnason**
Að loknu málþingi er boðið upp á léttar veitingar.
Norman Freshney flytur erindi sitt á ensku en önnur dagskrá fer fram á íslensku.
**Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.**

...UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU...

VERÐHRUN!

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-19 ALLA DAGA**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~5.490,-~~
1.990,-




~~4.980,-~~
990,-




~~2.490,-~~
1.490,-




~~3.990,-~~
1.990,-




~~2.750,-~~
1.450,-




~~8.900,-~~
1.980,-




~~2.980,-~~
790,-




~~3.490,-~~
2.490,-




~~4.900,-~~
990,-




~~2.690,-~~
1.290,-



~~7.990,-~~
2.990,-




~~24.900,-~~
19.900,-

## BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

# ÚTSALA

**20-70% AFSLÁTTUR!**






**Blandari Russel Hobbs**
Desire Vnr. 1840065
**Áður: 14.290 kr.**
**Nú: 11.429 kr.**




**Uppþvottavél Electrolux**
Time Focus. 6 kg. Vnr. 1805331
**Áður 89.900 kr.**
**Nú: 79.900 kr.**




**Ofn Electrolux**
Burstað stál. Vnr. 1830200
**Áður: 109.900 kr.**
**Nú: 89.900 kr.**




**Osram perur**
60W og 40W glóperur,
10 í pakka.
LÆGSTA LÁGA VERÐ
**Nú: 690 kr.**



**LJÓS 30-50% AFSLÁTTUR!**

**Markika útiljós**
Vnr. 6000770
**Áður 1.790 kr.**
**Nú: 2.579 kr.**



**RYKSUGUR 20% AFSLÁTTUR!**

**Ryksuga Electrolux**
Vnr. 1805285
**Áður 17.495 kr.**
**Nú: 13.995 kr.**

TRUENORTH



**ÚLPUR 50% AFSLÁTTUR! VALDAR VÖRUR**




**BLÖNDUNARTÆKI 20-25% AFSLÁTTUR!**

**Handlaugartæki**
Emmevi. vnr. 7900020
**Áður 13.395 kr.**
**Nú: 9.999 kr.**

**Kíktu á husa.is og skoðaðu útsölublaðið á netinu!**



# ÁRSINS

## ENN MEIRA ÚRVAL!



SKRÚF-
JÁRNASETT,
40%
AFSLÁTTUR

**Skrúfjarnasett**
75 stk. TOOLUX. Vrn.5010139
**Áður 4.995 kr.**
**Nú: 2.995 kr.**



SLÍPI-
ROKKUR
33%
AFSLÁTTUR

**Slípirokkur Worx**
710w, 125mm, með tösku. Vrn. 5244872
**Áður 14.995 kr.**
**Nú: 9.995 kr.**



RAFMAGNS
VERKFÆRI
WORX
20-30%
AFSLÁTTUR!

**Hjólsög**
1500W, 190 mm Vnr. 5244838
**Áður 24.995 kr.**
**Nú: 16.995 kr.**



SKJÓLVEGGUR
50%
AFSLÁTTUR!

**Skjólveggur Gyrðir**
178x178 sm. Vnr. 603312
**Áður 13.790 kr.**
**Nú: 6.895 kr.**



**Verkfæraskýli**
Vnr. 600241
**Áður 99.900 kr.**
**Nú: 74.925 kr.**



VINNUFATNAÐUR
20-25%
AFSLÁTTUR!

**Vinnuúlpa**
Vnr. 5869011
**Áður 7.199 kr.**
**Nú: 5.759 kr.**

## HAUSTLAUKARNIR KOMNIR, LOFORÐ UM LITRÍKT VOR!



ERIKUR
3 stykki að
eigin vali
1.299

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

**217 PUNKTAR** er 5 ára skuldatryggingaálag á ríkissjóð Íslands. Álagið hefur minnkað um ríflega fimmtung á einum mánuði.

Áfangastöðum yfir vetrartímann fjölgað:

# Fjórðungs aukning á framboði Icelandair

Icelandair ætlar sér að auka framboð sitt yfir hinn hefðbundna vetrartíma, sem er frá nóvember til mars, um tuttugu til 25 prósent. Þessi aukning endurspeglar stöðu bókana hjá félaginu. Nýir áfangastaðir sem flogið verður á í vetur eru Denver, München, London Gatwick, Bergen, Stavanger og Þrándheimur. Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir þessa miklu aukningu vera lið í þeirri stefnu Icelandair að minnka árstíðasveiflur í flugáætlun félagsins og eins í komu ferðamanna. „Sérstök áherslu verður lögð á ferðamannamarkaðinn til Íslands, í takt við verkefnið Ísland allt árið, sem er markaðssamstarf hins opinbera og ferðaþjónustunnar, og gera má ráð fyrir verulegri fjölgun ferðamanna núna yfir háveturinn frá síðasta vetri í samræmi við aukið framboð.“



**BIRKIR HÓLM GUÐNASON** framkvæmdastjóri Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Icelandair Group, móðurfélag Icelandair, hagnaðist um 1,7 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi, sem var fjórum sinnum meira en á sama tíma í fyrra. **- þsj**




**ATLANTSOLÍA** Félagið skilaði 112,5 milljóna króna hagnaði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hagnaður hjá olíufélagi í fyrra:

# Eigendur Atlantsolíu fá 375 milljónir í arð

Atlantsolía hagnaðist um 112,5 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta var 428,6 milljónir króna sem var um 20 milljónum krónum meira en árið áður. Stjórn félagsins mælir með því að greiddur verði út 375 milljóna króna arður í ár vegna frammistöðu þess á árinu 2011. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi olíufélagsins.

Heildarvelta Atlantsolíu, sem er langminnsta olíufélagið á íslenska markaðnum, jókst um hálfan milljarð króna á milli ára og var um 7,4 milljarðar króna. Aukninguna má að mestu rekja til hækkandi eldsneytisverðs sem má aftur rekja til hækkandi heimsmarkaðsverðs á olíu og hærri skatta á eldsneyti. Stærstu eigendur Atlantsolíu eru Atlantsolía Holdings ehf. með 50 prósenta hlut, Brandon C. Rose með 25 prósent og Guðmundur Kjærnested með 24 prósent.

Eignir félagsins er metnar á 3,6 milljarða króna og skuldir þess á um 2,6 milljarða. Eigið fé er því rúmlega einn milljarður króna. **-þsj**

Samkeppniseftirlitið samþykkir kaup á Olís:

# Samherji og Fisk Seafood mega kaupa

Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt kaup Samherja og FISK Seafood, dótturfélags Kaupfélags Skagfirðinga (KS) á meirihluta hlutafjár í Olís. Núverandi hluthafar félagsins, Einar Benediktsson forstjóri og Gísli Baldur Garðarsson, munu verða minnihlutaeigendur eftir aukninguna.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sagði við Vísi í gær að gerð hefði verið sátt við samrunaaðila sem feli í sér að þeir skuldbindi sig til að stuðla að samkeppni. Olíufélagið verði því ekki vettvangur einhvers konar samstarfs sjávarútvegsfyrirtækja.

Hlutafé í Olís var lækkað um 502,5 milljónir króna að nafnvirði, eða um 75 prósent, í febrúar síðastliðnum og hækkað samstundið aftur um sama magn. Fyrir breytingarnar átti FAD 1830, eignarhaldsfélag Einars og Gísla, allt hlutafé í Olís. Eftir þær var hlutur þeirra 25 prósent. Einar sagði í samtali við Fréttablaðið í apríl að Samherji og FISK Seafood fengju lagt fé á sínu nafni inn á bankareikning við hlutafjáraukninguna sem yrði „síðan breytt í hlutafé ef Samkeppniseftirlitið samþykkir“. Í ársreikningi KS-samstæðunnar, eiganda FISK Seafood, kemur fram að bundnar bankainnstæður hennar nemi einum milljarði króna og að þær séu „innstæður inni á vörslureikningi í Landsbankanum vegna skuldbindingar FISK Seafood hf. vegna fyrirhugaðra hlutafjárkaupa Olís hf.“. **- þsj**

# Wow air tvöfaldar sætaframboð 2013

**Flugfélagið Wow air mun leigja fleiri flugvélar, fljúga á nýja áfangastaði og auka tíðni ferða næsta sumar. Hin auknu umsvif kalla á viðbótarfjárfestingu sem Skúli Mogensen ætlar að standa undir. Hann útilokar ekki að fá fleiri að.**

Wow air ætlar að auka tíðni fluga og bæta við nýjum áfangastöðum næsta sumar. Vegna þessa verður ráðist í leigu á fleiri flugvélum og hefur verið gengið frá því að þrjár Airbus-vélar þjónusti félagið á næsta ári. Sætaframboð Wow air mun tvöfaldast við þetta og verða um 280 þúsund á árinu 2013. Skúli Mogensen, forstjóri og aðaleigandi Wow air, segir ljóst að hin auknu umsvif muni kalla á aukna fjárfestingu í félaginu á næstu árum til viðbótar við þær 500 milljónir króna sem hann lagði félaginu til í lok ágúst síðastliðins. Skúli ætlar sjálfur að fjármagna þá aukningu en útilokar ekki að fá fleiri hluthafa að þegar meiri reynsla er komin á verkefnið. Stefnt er að því að Wow air skili hagnaði eftir tvö til þrjú ár.

Wow air mun hefja áætlunarflug til Amsterdam, Mílanó og Düsseldorf næsta sumar. Auk þess ætlar félagið að fjölga ferðum sínum til Londum upp í átta á viku og fljúga sex sinnum í viku til Kaupmannahafnar næsta sumar. Áfangastaðir Wow air verða því þrettán talsins næsta sumar. Skúli segir ástæðu þess að ráðist sé í þessa innspýtingu vera góð viðbrögð viðskiptavina gagnvart Wow air á fyrsta starfsári félagsins. „Við teljum tvímælalaust þörf fyrir félag eins og Wow, sem getur boðið lægsta verð með bros á vör, inn á þennan markað. Þessir nýju áfangastaðir urðu fyrir valinu vegna þess að við höfum bæði fundið fyrir áhuga Íslendinga á þeim, en ekki síst fyrir miklum áhuga frá öllum þessum stöðum á Íslandi. Í þessu ákveðna tilfelli þá ræður erlendur áhugi á Íslandi mestu um hvaða staðir urðu fyrir valinu.“

Að sögn Skúla er alveg ljóst að þessi auknu umsvif muni kalla á viðbótarfjárfestingu í félaginu, en tilkynnt var í síðasta mánuði að hann hefði lagt því til hálfan milljarð króna til að styrkja stöðu þess. Fjárfestingafélag Skúla, Títan, er eini eigandi Wow air. „Ég legg áherslu á að svona uppbygging er að lágmarki þriggja ára verkefni. Þessu fylgir mikill upphafskostnaður en að sama skapi er þetta gríðarlega áhugaverður markaður. Erlendir ferðamenn skila 158 milljörðum króna inn í þjóðarbúið árlega. Kakan er því orðin ansi stór og mun enn stækka svo framarlega sem stjórnvöld fara ekki að krukka of mikið í þennan geira.

Það er alveg ljóst að það kallar á töluverða fjárfestingu að koma á fót svona ferðaþjónustufélagi. Þær fjárfestingar verða umtalsverðar næstu árin. En ég er bjartsýnn á að við getum byggt upp öflugt félag til lengri tíma. Að svo stöddu er ég mjög sáttur við að fjármagna félagið sjálfur. En ég mun ekki útiloka að taka fleiri með mér í lið þegar það er komin meiri reynsla á þetta.“ **thordur@frettabladid.is**




**FORSTJÓRI OG EIGANDI** Skúli Mogensen ætlar sjálfur að fjármagna aukin umsvif Wow air. Hann lagði félaginu til hálfan milljarð króna í ágúst síðastliðnum auk þess sem hann lagði fram upphafskostnað þegar það var sett á fót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ætlar að skila hagnaði eftir tvö til þrjú ár

Wow air hóf að fljúga til og frá Íslandi í júní 2012. Félagið hefur alla tíð verið að fullu fjármagnað af Títan, fjárfestingafélagi Skúla Mogensen. Spurður um hvenær hann reikni með því að Wow air skili hagnaði segir Skúli að tvö til þrjú ár séu í það. „Við erum að mörgu leyti á þeim stað sem við ætluðum að vera á. Auðvitað hefðum við getað gert betur, en við höfum líka lært margt og munum vinna að því að fínpússa, betrumbæta og hefja stórsókn á nýju ári.“

> Í þessu ákveðna tilfelli þá ræður erlendur áhugi á Íslandi mestu um hvaða staðir urðu fyrir valinu.
>
> **SKÚLI MOGENSEN**
> FORSTJÓRI WOW AIR

Verulegar fjárhæðir í uppgjöri tengdust endurskipulagningu:

# Húsasmiðjan á að skila arði 2013

Inni í rekstrartölum Húsasmiðjunnar fyrir árið 2011 eru verulegar fjárhæðir sem tilheyra endurskipulagningu félagsins í aðdraganda söluferlis á því, að sögn Sigurðar Arnars Sigurðssonar, forstjóra Húsasmiðjunnar. Hann segir uppgjörið því gefa ranga mynd af rekstri félagsins.

Greint var frá því í gær í Markaðnum, fylgiblaði Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, að Húsasmiðjan hefði tapað 1,6 milljarði króna í fyrra. Rekstur hennar var seldur til Bygma A/S í byrjun árs 2012 og rekstrareignir og skuldir upp á 2,5 milljarða króna færðar í nýtt félag.

Uppgjörið sem greint var frá í gær var því „gömlu“ Húsasmiðjunnar, sem í dag heitir Holtavegur 10 ehf. Sigurður Arnar segir að óvænt krafa frá skattstjóra upp á tæplega 700 milljónir króna og einskiptiskostnaður vegna niðurfærslu á birgðum, kröfum og uppgjöri á leigusamningum samtals upp á tæplega 400 milljónir króna hafi skipt verulegu máli í uppgjöri félagsins í fyrra. „Til viðbótar var umtalsverður kostnaður vegna söluferlis allur gjaldfærður í rekstrarreikningi síðasta árs og er niðurstaðan hans því ekki lýsandi fyrir raunverulegan rekstrarárangur ársins 2011.“

Hann segir rétt að minna á að í lok árs 2009 hafi rekstrarhorfur Húsasmiðjunnar í óbreyttri mynd verið mjög slæmar. Þá hafi verið hafist handa við endurskipulagningu félagsins sem lauk að mestu í árslok 2011 þegar Bygma keypti Húsasmiðjuna fyrir 3,3 milljarða króna. „Í áætlunum er gert ráð fyrir að rekstur Húsasmiðjunnar skili nýjum eigendum hagnaði á árinu 2013. Rekstur Húsasmiðjunnar er því kominn á rétta braut með nýjum áherslum og sterkum bakhjarli með eignarhaldi BYGMA A/S.“ **-þsj**




**SIGURÐUR ARNAR SIGURÐSSON** Forstjóri Húsasmiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# FORD **FOCUS** Trend **frá 3.450.000 kr.**
# FORD **FOCUS** Titanium **frá 3.740.000 kr.**

Kauptu nýjan Ford Focus Trend eða Titanium í dag. Ford Focus er ríkulega útbúinn og fæst bæði bensín og dísil. Beinskiptur og sjálfskiptur. Lipur og sparneytinn. Með 1,0 lítra 125 hestafla EcoBoost vélinni færðu nýjustu spartækni Ford. Falleg hönnun. Fáanlegur sem skutbíll. Frábær í endursölu. Góð kaup. Kauptu Ford Focus frá 3.450.000 kr. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **FOCUS** TREND
FRÁ
**25.848 kr./mán.***

* Ford Focus Trend 5 dyra 1,0 EcoBoost bensín, 125 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.900.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,46%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin hefur ekki úthald í meira aðhald:

# Upp brekku á baki skattgreiðenda

Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra fylgdi fjárlagafrumvarpi sínu úr hlaði með grein í Fréttablaðinu í gær. Hún rifjaði þar upp að hún hefði áður sagt í grein hér í blaðinu að þótt mörgum hefði þótt ókleift fjall blasa við eftir hrun, miðaði vel í fjallgöngunni. Enn væri þó brekka eftir í ríkisfjármálunum. Ráðherrann lætur í það skína að nú sé brekkan að verða búin.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Ekki er ástæða til að gera lítið úr árangri ríkisstjórnarinnar í glímunni við ríkisfjármálin undanfarin þrjú ár. Þar hefur vissulega mikið áunnizt. Hitt er svo annað mál að þótt sums staðar sé enn beitt niðurskurði í fjárlagafrumvarpinu, sem lagt hefur verið fram, er nú ráð fyrir því gert að auka ríkisútgjöldin á ný og verja miklum peningum í vinsæl mál, sem stjórnarflokkarnir vona að afli þeim atkvæða.

Þótt gert sé ráð fyrir að hagvöxtur skili auknum skatttekjum og að auðlindagjald og arður eða sala eignarhluta ríkisins í bönkunum skili dágóðum summum í kassann, dugir það ekki til. Ríkisstjórnin fer ekki þá leið að laga útgjöldin að tekjunum, eins og fyrirtæki og heimili þurfa að gera, heldur leggur enn á nýja skatta, sem koma einmitt niður á fyrirtækjum og heimilum í landinu.

Samtök atvinnulífsins hafa réttilega bent á að fyrirhuguð hækkun á tryggingagjaldi gengur þvert á samkomulag sem gert var í tengslum við síðustu kjarasamninga, en þá átti atvinnulífið að njóta þess í lægra tryggingagjaldi ef atvinnuleysi minnkaði. Áframhaldandi orkuskattur á stóriðjufyrirtæki er sömuleiðis brot á fyrra samkomulagi við atvinnulífið. Viðbótarþrep í svokölluðum fjársýsluskatti, sem leggst á launakostnað fjármálafyrirtækja, er enn eitt skemmdarverk ríkisstjórnarinnar á skattaumhverfi íslenzkra fyrirtækja.

Það eru gild rök fyrir því að greiða eigi sama virðisaukaskatt af gistiþjónustu og annarri atvinnustarfsemi. Ferðaþjónustan hefur hins vegar rétt fyrir sér í því að þessa skattahækkun ber alltof brátt að og hún kollvarpar áætlunum ferðaþjónustufyrirtækja fyrir næsta sumar.

Hinn almenni neytandi fær sinn skerf af skattahækkunum. Föst „krónutölugjöld“ eru hækkuð til að halda í við verðbólgu og þannig er tryggt að til dæmis benzínlítrinn hækkar, sem kyndir einmitt undir meiri verðbólgu og hækkar greiðslubyrði lánanna okkar. Ríkisstjórnin ætlar að skattleggja tóbaksfíkla og sykurgrísi undir merkjum heilbrigðis og „manneldissjónarmiða“ en gerir samt augljóslega ráð fyrir að ósiðirnir viðhaldist, því að annars myndi skattahækkunin ekki skila þeim tekjum sem áætlað er – eða hvað?

Fjárlagafrumvarpið ber þess merki að ríkisstjórnin hefur ekki lengur úthald í það aðhald sem er nauðsynlegt í ríkisrekstrinum. Í frumvarpinu er heldur ekki gert ráð fyrir væntanlegum kostnaði vegna erfiðrar stöðu Íbúðalánasjóðs og fleiri óreglulegum útgjaldaliðum. Á kosningavetri má svo gera ráð fyrir að í meðförum þingsins sleppi mörg „góð“ útgjaldamál inn í frumvarpið og hallinn á fjárlögum aukist enn frekar.

Það er gott að fjármálaráðherrann þykist eygja tindinn, en það á ekki að fela þá staðreynd að þangað ætlar hún að komast með því að bæta enn byrðum á bak skattgreiðenda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eitthvað mikið að

Óli Björn Kárason skilur ekki hvað sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi eru að skipta sér af starfsmannamálum Ríkisútvarpsins. Undir það taka margir. Óli Björn ritaði grein í Morgunblaðið í tilefni þess að sunnlenskir pólitíkusar létu það renna sér til rifja að Magnúsi Hlyni Hreiðarssyni hefði verið sagt upp sem fréttaritara í kjördæminu og mótmæltu. Það er eitthvað mikið að, segir Óli Björn um afskiptin.

### Fleiri dæmi

Þetta er hins vegar síður en svo í fyrsta sinn sem stjórnmálamenn skipta sér af starfsmannahaldi RÚV, eins og Óli tekur reyndar fram í greininni. Skemmst er að minnast þess þegar Guðlaugur Þór Þórðarson, flokksbróðir Óla Björns, og Össur Skarphéðinsson utanríkisherra, urðu mjög gramir yfir uppsögn Þórhalls Jósepssonar, sem hafði unnið sér það til sakar að skrifa bók um Árna Mathiesen samhliða störfum sínum á fréttastofunni. Og nokkur hljóð heyrðust úr pólitískum hornum – aðallega einu – þegar ekki lengur var óskað eftir pistlalestri Láru Hönnu Einarsdóttur í útvarpið.





### Árangurslaust

Og dæmin eru enn fleiri. Árið 2005 kallaði Björgvin G. Sigurðsson eftir því að RÚV endurskoðaði ákvörðun sína um að víkja Sigmundi Sigurgeirssyni, fréttaritara á Suðurlandi, frá störfum vegna bloggfærslu um Baug og KB banka. Tína mætti fleira til, svo sem gagnrýni á lokanir svæðisstöðva. Það athyglisverða er hins vegar að þessar mótbárur stjórnmálamanna við ákvörðunum stjórnenda RÚV hafa aldrei borið árangur. Ekki einu sinni. Þannig að líklega eru áhyggjurnar óþarfar.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Einstakt tækifæri kjósenda

Ný stjórnarskrá



**Jóhanna Sigurðardóttir**
forsætisráðherra

Senn líður að lokaáfanga á merkri vegferð sem hófst þegar víðtæk samstaða flestra stjórnmálaflokka náðist á Alþingi vorið 2010 um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þótt sú ferð hafi ekki reynst áfallalaus hefur árangurinn og uppskeran verið góð og í fullu samræmi við væntingar.

Einstigið á milli varðanna sem Alþingi reisti hefur verið fetað. Frá Alþingi til þúsund manna þjóðfundar, frá þjóðfundi til sérfræðinganefndar og frá sérfræðinganefndinni til stjórnlagaráðs, sem skipað var í samræmi við niðurstöðu almennra og lýðræðislegra kosninga, niðurstöðu sem ekki hefur verið dregin í efa efnislega, enda þótt annmarkar hafi talist vera á formlegri framkvæmd kosninganna.

Sú leið sem Alþingi varðaði vorið 2010 var afar metnaðarfull. Hún var síðast en ekki síst lýðræðisleg og Alþingi Íslendinga til mikils sóma. Með ákvörðun sinni sýndi Alþingi því skilning að heildstæð endurskoðun stjórnarskrárinnar er stærra mál en svo að það verði alfarið til lykta leitt innan veggja Alþingis, heldur þurfi jafnframt að tryggja ríka aðkomu almennings að endurskoðunarferlinu öllu.

Þjóðaratkvæðagreiðslan þann 20. október næstkomandi felur í sér einstakt tækifæri fyrir íslenska þjóð til að hafa bein áhrif á mótun þeirra grunnreglna sem samfélag okkar verður byggt á til framtíðar.

Þetta er tækifæri sem enginn kosningabær Íslendingur ætti að láta fram hjá sér fara, því engin trygging er fyrir því að annað eins tækifæri muni gefast aftur á komandi árum.

Jákvæð niðurstaða í þjóðaratkvæðagreiðslunni mun fela í sér skýr skilaboð til Alþingis um að ljúka endurskoðunarferlinu á grundvelli tillögu stjórnlagaráðs.

Í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu verða ekki einungis greidd atkvæði um tillögur stjórnlagaráðs í heild sinni heldur munu kjósendur einnig fá einstakt tækifæri til að segja álit sitt á nokkrum mikilvægum úrlausnarefnum sem taka þarf afstöðu til í tengslum við nýja stjórnarskrá.

Má þar nefna hvort náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu skuli lýstar þjóðareign, hvort auka eigi persónukjör í kosningum til Alþingis, hvort jafna eigi atkvæðavægi kjósenda, hvort stjórnarskráin eigi að innihalda ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi og hvort tryggja eigi rétt fólks til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg mál.

Mikilvægt er að þjóðin gefi Alþingi skýra leiðsögn í þessum efnum enda hefur reynslan sýnt að þessi mál hafa reynst Alþingi erfið úrlausnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Viðskiptabankar verða ætíð á ábyrgð almennings

Fjármál

dr. Jakob Ásmundsson
framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar hjá Straumi fjárfestingabanka



Í kjölfar hrunsins hefur komið í ljós að almenningur á Íslandi hefur þurft að bera verulegan kostnað, bæði beint og óbeint, af falli fjármálakerfisins. Sömu sögu er að segja í öðrum löndum þar sem stórar fjármálastofnanir hafa riðað til falls og því miður sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Þetta er ekki nýtt af nálinni og enn sem komið er hafa ekki komið fram fullnægjandi lausnir á þessu vandamáli. Ástæðan er væntanlega sú að það er ekki til nein töfralausn og þar með má gera ráð fyrir að almenningur muni með einum eða öðrum hætti alltaf bera stóran hluta af áhættu viðskiptabankanna.

### 2012 í samanburði við 2008

Er einhver þörf á því að grípa til róttækra ráðstafana? Vissulega er umhverfið annað í dag, bankarnir hafa minnkað frá 2008, starfsemi þeirra einskorðast við heimamarkað og þar fram eftir götunum. Rétt er að athuga hverjir borguðu stærsta reikninginn vegna hrunsins 2008. Þó vissulega hafi fallið kostnaður á ríkið og almenning, beint og óbeint, þá voru það skuldabréfaeigendur og lánveitendur gömlu bankanna sem fengu langstærsta reikninginn. Þetta varð raunin ekki síst vegna þess að innstæður voru settar í forgang með afturvirkri lagasetningu. Væri þetta hægt í dag? Nei, af þeirri ástæðu að bankarnir í dag eru í raun nær einungis fjármagnaðir með sértryggðum skuldabréfum og innlánum. Kæmi til annars bankahruns, þá eru yfirgnæfandi líkur á að innstæðueigendur yrðu fyrir enn meira tjóni. Þörfin á aðgerðum til að tryggja hagsmuni almennings er því sannanlega til staðar.

### Forgangur innstæðna

Í dag er ekkert þak á forgangi innstæðna. Innstæður með forgangi og sértryggð skuldabréf sem jafnan eru tryggð með veðum í bestu eignunum skipa verulega stóran sess á efnahagsreikningi bankanna. Þetta hefur í för með sér að forgangsinnstæður hafa í raun aðeins forgang á mjög lítinn hluta af heildarskuldum bankanna. Þvert á móti njóta sértryggðu skuldabréfin í raun forgangs á innstæður vegna trygginga, eins konar ofur-forgangs. Forgangur án þaks missir því marks og innstæðueigendur lenda að öllum líkindum í tjóni ef bankarnir fara í þrot.

### Er lausnin þak á forgangi innstæðna?

Skoðum nú hvort lausnin felist í að setja þak á forgang innstæðna. Ef slíkt þak yrði sett, þannig að t.d. aðeins helmingur innstæðna nyti forgangs, mætti reikna með að stór hluti þeirra innstæðna sem ekki nytu lengur forgangs myndi leita í aðrar fjárfestingar. Afleiðingin af því væri sú að aftur nytu nánast allar innstæður forgangs, en fjárhæð þeirra væri lægri en áður. Bankarnir þyrftu aukið fjármagn vegna þeirra innstæðna sem leituðu annað. Það yrði erfitt og í öllu falli mjög kostnaðarsamt fyrir bankana að sækja sér fjármögnun sem nyti hvorki forgangs né trygginga. Líklega myndu þeir bregðast við með frekari útgáfum á sértryggðum skuldabréfum en það væri til þess fallið að setja innstæðueigendur í verri stöðu.

### Afnám ríkisábyrgðar

Í gildi er yfirlýsing stjórnvalda um fulla ábyrgð á innstæðum. Þó stjórnvöld afturkölluðu þessa yfirlýsingu, þá er líklegt að þau myndu engu að síður gangast í ábyrgð fyrir öllum innstæðum ef til kastanna kæmi. Oftar en ekki skapast aðstæður þar sem annað hvort almenningur gerir kröfu um inngrip eða stjórnvöld meta aðstæður þannig að það sé ódýrara fyrir ríkið að grípa inn í heldur en að taka afleiðingunum af því að innstæðueigendur geti ekki nálgast fjármuni sína.

### Að lokum

Niðurstaðan er því sú að innstæðueigendur sem og ríkið munu að öllum líkindum bera verulegan kostnað, komi til falls viðskiptabanka. Ekki virðist vera mögulegt að komast hjá því, a.m.k. ekki með þeim leiðum sem vonir hafa verið bundnar við hingað til. Mikilvægt er að viðskiptabankarnir séu sterkar stoðir í hagkerfinu og að líkur á falli þeirra séu sem minnstar.

Í næstu grein mun ég fjalla um hvernig aðskilnaður viðskiptabanka og fjárfestingabanka minnkar líkurnar á falli viðskiptabanka með litlum sem engum tilkostnaði og varpa fram þeirri spurningu hvernig hægt sé að réttlæta að aðskilja þá ekki í ljósi þess sem hér hefur verið rakið.

# Ben Stiller og Össur

Ferðaþjónusta

Þórey Vilhjálmsdóttir
framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins



Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ritaði grein hér í Fréttablaðið á laugardag með þeirri afbragðsfyrirsögn „Ben Stiller og Þórey“ þar sem hann tekur undir greinaskrif mín um ástæður velgengni kvikmyndageirans á Íslandi. Við erum greinilega sammála um mikilvægi athafnafrelsis og vaxtar í einkageiranum en væntanlega á það þá einnig við um ferðaþjónustu – ört vaxandi grein sem fjöldi fólks hefur lífsviðurværi sitt af.

Össuri finnst þó vanta þakkarlistann í grein minni sem lýsir líklega vel kynslóðabilinu í stjórnmálunum. Ný kynslóð í stjórnmálunum er ekki eins upptekin af því hvaðan gott kemur en að sjálfsögðu á fólk skilið að fá viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Því er mér ljúft og skylt að færa ráðherranum mínar bestu þakkir fyrir hans baráttu og eldmóð í þessu máli og eins öllum þeim sem átt hafa aðkomu að lagasetningunni um endurgreiðslu á hluta framleiðslukostnaðar á kvikmyndum sem teknar eru á Íslandi.

Megintilgangur greinar minnar var að benda á af hverju kvikmyndageirinn blómstrar hér sem aldrei fyrr – einmitt vegna lagasetningarinnar. Með henni varð kvikmyndageirinn á Íslandi samkeppnishæfur á alþjóðlegum vettvangi.

Það sem ég saknaði úr grein ráðherrans var að hvergi minntist hann á samanburð minn við ferðaþjónustu almennt og hvernig við megum ekki skerða samkeppnishæfni þeirrar greinar á alþjóðavettvangi með skattahækkunum. En eins og fram hefur komið hefur ríkisstjórnin tilkynnt um skattahækkanir á gistinætur úr sjö prósentum í 25,5% sem bent hefur verið á að muni koma verulega illa niður á ferðaþjónustu og allsendis óvíst að skattahækkanirnar skili sér í hærri tekjum ríkisins.

Ég treysti því að ráðherrann muni því „ólmast eins og kviðsítt naut í mýri“ gegn fyrirhuguðum skattahækkunum á ferðaþjónustu á sama hátt og hann beitti sér fyrir því að efla alþjóðlega samkeppnishæfni kvikmyndageirans. Með því móti getum við notið þess meðbyrs sem Ben Stiller og hinar kvikmyndastjörnurnar hafa veitt okkur til þess að efla og byggja upp vaxandi greinar ferðaþjónustu og kvikmyndagerðar.

> Ég treysti því að ráðherrann muni því „ólmast eins og kviðsítt naut í mýri” gegn fyrirhuguðum skattahækkunum á ferðaþjónustu...



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi
Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

# Norðurslóðamál á fljúgandi ferð

Norðurslóðir

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Nú er rúmt ár liðið síðan að Alþingi samþykkti einróma þingsályktunartillögu mína um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Með stefnunni var brotið blað. Þar eru í fyrsta sinn skilgreindir hagsmunir og stefnumið Íslands á norðurslóðum með tilliti til alþjóðasamvinnu, auðlindanýtingar, siglinga og umhverfisverndar. Þar eru norðurslóðir skilgreindar sem svæði sem Ísland ætlar að nýta til framleiðslu á miklum verðmætum í framtíðinni, bæði með vinnslu á olíu og gasi en ekki síst í gegnum þjónustu við starfsemi annarra þjóða sem mun tengjast norðursvæðum.

Á þessu eina ári hefur margt jákvætt áunnist. Það ber ekki aðeins að þakka gjörbreyttri og stóraukinni áherslu utanríkisþjónustunnar á samvinnu við ríki norðurslóða og sterka hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd, heldur ekki síður frumkvæði og elju íslenskra stofnana og einstaklinga. Sterk staða Íslands varðandi stefnumótun svæðisins verður ekki tryggð nema með ábyrgum málflutningi bæði stjórnvalda og einstaklinga.

## Svæðasamstarf er kjölfestan

Ísland hefur unnið ötullega að því að styrkja stoðir Norðurskautsráðsins í því augnamiði að það verði í senn vettvangur heimskautaríkjanna átta til að móta stefnu í sameiginlegum málum, en geti jafnframt ráðist í beinharðar aðgerðir þegar hagsmunir allra fara saman.

Besta dæmið um það er samkomulag ríkjanna um leit og björgun á heimskautaslóðum. Það var í reynd leitt til lykta hér á Íslandi og því vel við hæfi að fyrsta sameiginlega björgunaræfing ríkjanna átta á grundvelli samningsins standi nú yfir í næsta nágrenni Íslands. Í henni munu nær allar íslensku viðbragðssveitirnar taka þátt. Markmið okkar Íslendinga er að hér á landi verði ein af þeim alþjóðlegu björgunarmiðstöðvum sem með tíð og tíma tryggja framkvæmd samningsins þegar umsvif á norðurslóðum aukast. Annað af forgangsmálum Íslands, lagalega bindandi samningur um viðbrögð við olíumengun í norðurhöfum, er nú þegar komið á góðan rekspöl. Vonir standa til að gerð samningsins ljúki á þessu ári. Ísland tekur þannig fullan þátt í að treysta samstarf norðurskautsríkjanna á mörgum sviðum. Kaldastríðshaukum þykja það svo sennilega tíðindi að þegar yfirmenn varnarmála í ríkjunum átta funduðu í fyrsta skipti sl. vor var einhugur um að ógnir norðurslóða sneru að umhverfi og borgarlegu öryggi. Í hernaðarlegu tilliti hefur því tekist að halda lágspennu á svæðinu.

## Norðlæg frændsemi

Á rífu ári frá samþykkt íslensku stefnunnar í málum norðurslóða hef ég beitt mér af alefli fyrir tvíhliða samvinnu milli Íslands og hinna ríkjanna sjö. Ég hef átt sérstaka fundi með sex af sjö starfsfélögum mínum í norðurskautsríkjunum þar sem ég hef lagt til hugmyndir að slíkri samvinnu milli okkar og viðkomandi ríkis. Vísindasamstarf hefur þar verið í öndvegi í samræmi við þau viðhorf okkar að mikilvægustu auðlindirnar á þessu stigi séu mannauður og þekking. Það hefur á skömmum tíma skilað verulegum árangri.

Við Jónas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, gerðum samkomulag sem innsiglar m.a. nýja prófessorsstöðu við Háskólann á Akureyri og opnar mikilvæga möguleika til samstarfs á sviði mennta og vísinda milli Íslands og Noregs. Margvíslegur annar ávinningur af þeim samningi verður kynntur síðar í vetur.

Fyrir frönsku kosningarnar átti ég gagnlegan fund með Alan Juppé, sem þá var utanríkisráðherra Frakka, þar sem lögð voru ítarleg drög að samstarfi við Frakka í norðurvísindum. Þau voru útfærð frekar á fundi með Michel Rocard, fyrrum forsætisráðherra sem nú er sérlegur sendiherra Frakka gagnvart heimskautasvæðum. Það hefur borið ávöxt í staðfestum samstarfsamningum íslenskra háskóla við Marie Curie-háskóla í París sem opnar ný sóknarfæri fyrir vísindamenn okkar um rannsóknir varðandi málefni norðurslóða.

Í tengslum við heimsókn Wen Jibao, forsætisráðherra Kína, til Íslands staðfesti ég samkomulag um vísindasamstarf milli ríkjanna, þar sem áhersla er lögð á rannsóknir á norðurljósum, vistkerfum norðursins og þætti, sem tengjast siglingum á nýjum skipaleiðum yfir norðurskautið. Svo vill til að Kínverjar hafa eins og Íslendingar áhuga á að rannsaka svokallaða miðleið sem gengur þvert yfir Norðurpólinn. Hún er minnst rannsökuð, en Snædrekinn, stærsti ísbrjótur Kína, fer einmitt þá leið til baka úr heimsókn sinni til Íslands – með íslenskan hafísfræðing um borð.

Ég get þess einnig, að samstarfsyfirlýsing sem ég staðfesti með Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, í Moskvu undir lok síðasta árs, felur í sér margvísleg tækifæri fyrir Íslendinga er snúa að norðursiglingum, viðskiptum og auðlindanýtingu.

## Innlendur þróttur

Stefnan setur rammann utan um starf sem er unnið á mörgum vígstöðvum. Hér heima er öflugt lið, í rannsóknarstofnunum og háskólum, ekki síst við Háskólann á Akureyri, sem hefur lagt sín lóð á vogarskálarnar. Fljótlega hefst starfsemi svokallaðs Norðurslóðanets á Akureyri sem nýtur stuðnings úr sóknaráætlun landshluta og ætlað er að stuðla að samvinnu stofnana, fyrirtækja og annarra aðila um allt land er fjalla um málefni norðurslóða. Utanríkisráðuneytið hefur ásamt vormönnum Norðurlands og öðrum unnið að því að koma þessu verkefni á koppinn. Slíkt vogarafl getur skapað fjölmörg ný sóknarfæri og matarholur í innlendu og erlendu samstarfi.

# Flæði milli svæða

Skipulagsmál

Ragnheiður Þorláksdóttir
Reykvíkingur



Fólk á röltinu og reiðmenn á hjólhestum eiga greiða leið á milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs um sund milli rauða hússins í Vallarstræti 4, Hótels Víkur sem einu sinni var, og gula hússins í Aðalstræti 7, þar sem var Brynjólfsbúð (vanalega talað um að versla hjá Brynka B.).

Þessari leið skal lokað, fari fram sem horfir. Fyrir samkeppni sem bar heitið Ingólfstorg – Kvosin, og mikið hefur verið til umræðu að undanförnu, var gefin út keppnislýsing. Aðalatriðið var að koma fyrir stóru hóteli á svæði sem er afar viðkvæmt vegna þess að þar eru lágar byggingar fyrir og allmikil umferð. Í keppnislýsingunni segir m.a. um Ingólfstorg og Fógetagarð, „Leggja skal áherslu á samspil torgs/torga, bygginga, nærumhverfis og umferðarflæðis.“ (7) Almennt segir: „Leggja skal áherslu á gott umferðarflæði allra þeirra sem ferðast um svæðið.“ (6) Enn er áhersla lögð á „að flæði gangandi, hjólandi og akandi umferðar sé gott“ (4). Segir m.a.: „að flæði akandi, hjólandi og gangandi umferðar verði ofið saman á fínlegan hátt og gangandi og hjólandi vegfarendum gert hátt undir höfði“ (4). Hér er alltaf verið að tala um sama svæðið og verður að skilja svo að átt sé við umferð inn á svæðið í heild og tengsl umferðar milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs og óhætt er að bæta við Austurvelli.

Tvennt í tillögunni sem hlaut fyrstu verðlaun vekur einkum athygli þess sem þetta ritar, og er þá miðað við tengsl almenningsrýma á svæðinu: Annars vegar að ofannefnt færi sem gafst til auðveldrar umferðar gangandi og hjólandi milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs er ekki nýtt og hins vegar að gert er erfitt fyrir um för þeirra sem hjóla og ganga milli Austurvallar og Fógetagarðs. Deiliskipulagið sem gildir fyrir svæðið er svonefnt Kvosarskipulag, nefnt Kvosin ´86. Þar er skýrlega kveðið á um gönguleið á milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs, um sundið sem er á milli Aðalstrætis 7 (Brynjólfsbúðar) og Vallarstrætis 4 (Hótels Víkur). Þarna á borgin 88 $m^2$ skika. Höfundar vinningstillögunnar gera ráð fyrir að þar komi nýtt og alltof hátt hús og gönguleið verði lokað. Verður þá að gera breytingu á samþykktu deiliskipulagi og afhenda hótelbyggjanda lóðina.

Hitt atriðið er ný hótelbygging sem skal koma í Kirkjustræti þar sem er opið svæði á milli Austurvallar og Fógetagarðs. Á þessu svæði, sem er nýtt núna sem bílastæði, væri kjörið að hafa öruggan stíg fyrir gangandi og hjólandi. En þegar húsið hefur risið skal

> Skrýtið er að dómnefnd skuli hunsa svo gjörsamlega forsendur sem hún setti sjálf í keppnislýsingu.

þeim sem ganga og hjóla beint út í þröngt Kirkjustræti þar sem virðist eiga að vera aðaladkoma að hinu nýja stórhóteli. Ekki er sýnt hvernig umferð hjólandi, gangandi og akandi verði ofin þar saman á fínlegan hátt, enda sjálfsagt vonlaust ef þarna rís fyrirhuguð bygging.

Skrýtið er að dómnefnd skuli hunsa svo gjörsamlega forsendur sem hún setti sjálf í keppnislýsingu. Það virðist ekki hafa verið nein alvara í ítrekuðum lýsingum á flæði á milli svæða, greiðum leiðum gangandi og hjólandi vegfarenda frá einu almenningsrými yfir á annað. Fólki er bent á að andmæla þessum vondu fyrirætlunum á www.ekkihotel.is.



# Viltu vinna draumaferð um Ísland?

## 8 glæsilegir ferðavinningar í boði

Allir sem setja inn myndir á vefinn islandermedetta.is eiga möguleika á að vinna ferðalög, gistingu og fjölbreyttar upplifanir af Íslandi.

**Fjöldi vinninga í boði! Valið úr innsendum myndum í lok september.**



















## Það geta allir tekið þátt í myndaleiknum!

**Það er einfalt að senda inn myndir, þú getur valið um fjölda möguleika:**

**VEFURINN**
Skráðu þig sem notanda í gegnum Facebook á islandermedetta.is

**iPHONE**
iPhone-appið fyrir myndaleikinn er hægt að sækja í Applestore

**ANDROID**
Andoid-appið fyrir myndaleikinn er á markaðstorginu Google play

**TWITTER**
Merktu myndina með #islandermedetta og hún fer sjálfkrafa inn á vefinn

**INSTAGRAM**
Merktu myndina með #islandermedetta og hún fer sjálfkrafa inn á vefinn

**TÖLVUPÓSTUR**
Sendið póst á leikur@islandermedetta.is og myndin birtist sjálfkrafa á vefnum

Vefurinn islandermedetta.is auðveldar þér að finna spennandi ævintýri og upplifanir úti um allt land. Hvert á land viltu fara, hvenær viltu fara og hvað viltu gera? Islandermedetta.is hefur svarið.

**islandermedetta.is**

Sendu okkur þína mynd og þú gætir unnið ferðavinning!

**ÍSLAND ER MEÐ'ETTA**

H:N Markaðssamskipti / SÍA

# Hálfgildings lausn? - um Ísland í Evrópu

Evrópumál
Árni Páll Árnason
alþingismaður



Í fyrri greinum hef ég rakið stöðu Íslands í Evrópu og þau flóknu úrlausnarefni sem við – og aðrar þjóðir Evrópu – glíma við nú þessi misseri og mánuði. Skuldakreppan birtist með misjöfnum hætti eftir því hvaða land á í hlut, hvernig hagstjórn var háttað á árunum fyrir 2008 og hvort landið er hluti af sameiginlegu gjaldmiðilssvæði evrunnar. Af því leiðir að hvert og eitt land verður að meta hvernig best er að haga aðildinni að hinum innri markaði. Er hægt að vera hluti af innri markaðnum einum, er betra að vera innan evrunnar og yrði betra að vera innan nýs og eflds samstarfs um fjármálamarkaðinn eða utan þess? Svörin geta verið jafn misjöfn og löndin eru mörg.

Þátttaka okkar í innri markaðnum á grundvelli EES-samningsins hefur skilað okkur miklum árangri en líka gert okkur berskjölduð fyrir hættum sem leitt hafa af samspili frjálsra fjármagnsflutninga og tilvist lítils gjaldmiðils. Gengi krónunnar sveiflast í frjálsu umhverfi langt umfram það sem undirliggjandi efnahagsstærðir gefa tilefni til. Á toppi innflæðis erlends fjármagns vorið 2006 styrktist krónan á sama tíma og fréttir bárust af stórfelldum niðurskurði í þorskafla. Ekkert sýnir betur að gengisþróun krónunnar endurspeglaði ekki verðmætasköpun í hagkerfinu. Fyrir vikið varð íslenskur almenningur ofurseldur dyntum erlendra spekúlanta. Þegar þeir vildu allir út á sama tíma hrundi gjaldeyrismarkaðurinn og haftatíminn tók við.

Getum við aflétt höftum og lifað við umgjörð EES? Höfum við nægilega sterka umgjörð um hagvarnir okkar innan EES? Er EES-samningurinn dæmi um „hálfgildings hugsun“ í anda þess sem Hannes Pétursson lýsti í frægu ljóði, sem ég hef áður vísað til – lausn sem einkennist af þörf okkar fyrir að stíga ekki skrefin til fulls, en dugar kannski heldur ekki til fullnustu?

Í þeirri fyrirferðarmiklu umræðu um kosti Íslands í Evrópumálum sem staðið hefur undanfarin misseri hefur farið frekar hljótt um þá staðreynd að við getum ekki í dag uppfyllt ákvæði EES-samningsins og að alls óvíst er hvernig við förum að því þegar fram í sækir. Við höfum reist gjaldeyrishöft sem ekki standast ákvæði samningsins. Í nýútkominni skýrslu Seðlabankans um varúðarreglur eftir höft er gert ráð fyrir að áfram verði unnt að viðhalda ýmsum hömlum á frjálsum fjármagnshreyfingum, eftir að höftum hefur verið aflétt. Þegar nánar er að gáð er óvíst að þær standist allar ákvæði EES-samningsins. Þannig er til dæmis gert ráð fyrir banni við lántöku heimila og fyrirtækja sem ekki hafa erlendar tekjur í erlendri mynt, en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við Ísland um bann við gengistryggðum lánveitingum og telur það ekki samrýmast ákvæðum EES-samningsins. Við munum, að óbreyttu regluverki, eiga erfitt með að takmarka heimildir íslenskra banka til að sækja á erlenda markaði eftir afnám hafta og innstæðutryggingakerfi hefur ekki verið útfært með trúverðugum hætti fyrir íslenska banka að afléttum höftum. Og jafnvel þótt hægt væri að laga EES-samninginn að slíkum hömlum – höftum undir nýju nafni – fælist að öllum líkindum í þeim ákvörðun um að skapa séríslenskt einangrunarregluverk um íslenskan fjármálamarkað. Slíkt mun hafa í för með sér afleiðingar – þær augljósustu enn hærri fjármögnunarkostnað fyrir íslensk fyrirtæki og heimili.

Því til viðbótar er sífellt að koma betur í ljós að EES-samningurinn reynir mjög á þanþol stjórnarskrárinnar að því er varðar framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana. Með hugmyndaríkri túlkun stjórnarskrárinnar má telja mögulegt að fela alþjóðastofnunum, sem Ísland á aðild að, tiltekin verkefni en þó er þar teflt á tæpasta vað. Málið vandast hins vegar ef um er að ræða alþjóðastofnanir sem Ísland á ekki aðild að. Í sífellt ríkari mæli blasir nú við að stofnanir ESB þurfi að fá völd til að taka ákvarðanir sem gildi líka um Ísland og Noreg, sem standa utan ESB. Þessi staða er uppi varðandi viðskiptakerfi með losunarheimildir, um lyf til barnalækninga, og það sem mestu skiptir, um nýjar stofnanir á sviði fjármálastöðugleika og bankaeftirlits.

Sú öfugsnúna staða er því uppi nú að Ísland – sem varð fyrir miklu höggi vegna skorts á sameiginlegu regluverki um fjármálastöðugleika og bankaeftirlit – getur ekki leitt í lög hér þær úrbætur á því sviði sem Evrópusambandsríkin hafa þegar tekið ákvarðanir um. Við erum því enn sem fyrr bundin af því að hafa í heiðri fullt frelsi til fjármagnsflutninga, en höfum ekki stjórnskipulegar heimildir til að takmarka það frelsi og regla fjármálakerfið með sama hætti og hin löndin á hinu evrópska efnahagssvæði. Samningurinn leyfir okkur líklega ekki heldur séríslenskar haftalausnir, sem eru að öðrum kosti nauðsynlegar fyrir farsæla sambúð fjármagnsfrelsis og fljótandi veikburða gjaldmiðils. Fátt sýnir betur hversu öfugsnúin staða Íslands er orðin innan umgjarðar EES-samningsins.

> Sú hálfgildings lausn sem fólst í EES-samningnum virðist ekki duga okkur til fulls. Þess vegna er okkur brýn nauðsyn að halda áfram með aðildarumsóknina.

Af öllu þessu leiðir að EES-samningurinn er okkur umtalsvert vandamál og ekki er einfalt að finna leiðir til að lifa við hann að óbreyttu. Við munum eiga í erfiðleikum við afnám hafta og tæpast hafa það svigrúm til að setja hömlur sem Seðlabankinn telur nauðsynlegt til að reka sjálfstæðan gjaldmiðil í umgjörð frjálsra fjármagnshreyfinga. Við höfum ekki stjórnskipulegar heimildir til að láta fjölþjóðlegar eftirlitsstofnanir fá fullnægjandi valdheimildir til fjármálaeftirlits og varúðar, sem gætu sett fjármagnsfrelsinu alþjóðlega viðurkenndar hömlur. EES-samningurinn býður því að óbreyttu ekki upp á annað en að endurtaka tilraunina um samspil minnsta fljótandi gjaldmiðils í heimi og óhefts fjármagnsflæðis. Hún tókst ekki vel.

Sú hálfgildings lausn sem fólst í EES-samningnum virðist ekki duga okkur til fulls. Þess vegna er okkur brýn nauðsyn að halda áfram með aðildarumsóknina, til að freista þess að finna betri leið fyrir þátttöku Íslands í hinu evrópska viðskiptaumhverfi. Um kosti aðildarinnar og galla fjalla ég í næstu grein.

# Vilt þú ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá?

Ný stjórnarskrá
Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði



Í þjóðaratkvæðagreiðslunni um tillögur stjórnlagráðs 20. október nk. verður spurt um stjórnskipunarlega stöðu þjóðkirkjunnar. Ekki um tilvist hennar heldur um það hvort kirkjunnar skuli getið sérstaklega í sjálfri stjórnarskránni. Orðrétt er spurningin þannig: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?“

Málið er hitamál og eðlilegt að þjóðin sé spurð. Frambjóðendur til stjórnlagaþings – og síðar fulltrúar í stjórnlagaráði – fengu kröftug tilmæli annars vegar frá þeim sem vilja algeran aðskilnað ríkis og kirkju og þar með öll ákvæði um þjóðkirkjuna burt úr stjórnarskrá og hins vegar frá þeim sem vilja óbreytt fyrirkomulag.

Á Þjóðfundinum 2010, sem var aðdragandi að öllu starfi stjórnlagaþings og síðar stjórnlagaráðs, voru skoðanir skiptar um þetta mál. Stjórnlaganefnd – sem var fagnefnd til undirbúnings starfinu – reifaði því báða kosti og lagði fram textadæmi um hvort tveggja.

Skulu nú færð helstu rök fyrir hvoru tveggja svarinu, já eða nei.

> Stjórnlagaráð fór að dæmi Þorgeirs ljósvetningagoða um bil beggja. Ráðið leggur til nýja skipan...

### Rök fyrir JÁ við spurningunni

Þeir sem svara umræddri spurningu með jái eru væntanlega að greiða því atkvæði að ákvæði um þjóðkirkjuna verði óbreytt frá því sem er í gildandi stjórnarskrá, en þau eru einkum þessi:

**S1:** Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum. (62. gr.)

**S2:** Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. (63. gr.)

**S3:** Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr. og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. (79. gr., 2. mgr.)

Rök fyrir því að halda þessum ákvæðum efnislega óbreyttum eru m.a. sögð þessi:

- Mikill meirihluti þjóðarinnar er í þjóðkirkjunni. Ekki er ástæða eða tilefni nú til að losa um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins.
- Mannréttindadómstóll Evrópu telur ríkiskirkju ekki stangast á við önnur mannréttinda- eða trúfrelsisákvæði.
- Þjóðkirkja er í Danmörku og Noregi, en þangað sækjum við margt, ef ekki flest, í stjórnskipun okkar.
- Sérhver breyting á stjórnarskrárákvæðunum um kirkjuna (S1-S3) kallar á sérstakt samþykki þjóðarinnar (S3) að mati sumra lögspekinga. Þessu er andmælt af öðrum með þeim rökum að einungis þurfi að leita til þjóðarinnar ef kirkjuskipaninni er breytt með almennum lögum. Þetta geti ekki átt við um stjórnarskrárbreytingar.
- Hví ekki að fara að eins og nú er ráðgert í Noregi um að ríkið skuli áfram styðja þjóðkirkjuna en jafnframt önnur trúfélög svo að jafnræðis sé gætt? Ámóta lausn var rædd í stjórnlagaráði en talið varhugavert að gefa illa skilgreinanlegum félögum vilyrði um ríkisstuðning.

### Rök fyrir NEI við spurningunni

Ekki er fulljóst hvað taki við verði neiið ofan á. En væntanlega eru þeir sem segja nei að lýsa yfir stuðningi við tillögur stjórnlagaráðs um kirkjuskipanina en þær eru einkum þessar:

**R1:** Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. (18. gr., 1. mgr.)

**R2:** Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. (19. gr., 1. mgr.)

**R3:** Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. (19. mgr., 2. mgr.)

Eftir miklar vangaveltur í stjórnlagaráði fannst þessi gerð sem þótti vænleg málamiðlun og sáttatillaga milli beggja hugmynda stjórnlaganefndar. Rökin eru t.d. þessi:

- Sé þjóðkirkjuákvæðið (S1) fellt út úr stjórnarskránni er trúfrelsið (R1) formlega að fullu virt. Þetta á að gera nú, þegar stjórnarskráin er í heildarendurskoðun, en ekki gera það að sérstöku ágreiningsefni síðar.
- Málamiðlun ráðsins felst í því að heimila áfram sérstök lög um samband ríkis og kirkju (R2) og halda því óbreyttu að lagabreytingar um kirkjuskipanina þurfi að bera undir þjóðina (R3).
- Stjórnarskrárákvæði um sérstaka þjóð- eða ríkiskirkju eru á undanhaldi í grannlöndunum. Þannig hurfu þau út úr sænsku og finnsku stjórnarskránum um síðustu aldamót.
- Finna má nýtt fyrirkomulag um samskipti ríkis og kirkju við hentugleika, t.d. að sænskri fyrirmynd þar sem ríkið og þjóðkirkjan hafa gert með sér sérstakan þjónustusamning. Þar yrði m.a. kveðið á um hið mikilvæga menningarhlutverk kirkjunnar.

### Ályktun

Stjórnlagaráð fór að dæmi Þorgeirs ljósvetningagoða um bil beggja. Ráðið leggur til nýja skipan þar sem engin trú nýtur sérstakrar stjórnarskrárbundinnar verndar ríkisins, en að samband ríkis og þjóðkirkju megi haldast óbreytt þar til þjóðin kann að kjósa annað.

Þeir sem vilja svara þessari spurningu í anda frumvarps stjórnlagaráðs gera það með neii. Það er öndvert við allar hinar spurningarnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni þar sem stuðningur við sjónarmið ráðsins felst í jáyrði.

Pistilhöfundur mælir með neii við spurningunni um sérstakt þjóðkirkjuákvæði en telur þó að slíkt ákvæði stangist ekki á við aðra þætti í stjórnarskrárdrögunum vilji þjóðin halda formlegri stöðu þjóðkirkjunnar óbreyttri. Hvort sem verður ofan á breytir það því ekki að stjórnarskrá okkar, sú núverandi og sú komandi, er og verður byggð kristnum gildum.


# Perudagar

Nú þegar hausta tekur og landsmenn verða áþreifanlega varir við myrkrið, ætlar Glóey að efna til svokallaðra perudaga sem standa munu **dagana 10.-14. september.**

Verslunin býður þá viðskiptavinum sínum aðstoð og lausnir við val á ljósaperum og verða allar perur seldar á sérstökum afslætti.

Boðið verður upp á ráðgjöf varðandi orkusparnað í inni- og útiljósum og hvað er til ráða vegna glóperubannsins.

**Þessa dagana brenna ýmsar spurningar á fólki.**

- Er hægt að dimma sparperur?
- Fæ ég perur í gömlu ljósakrónuna mína?
- Fást sérperur áfram sem glóperur?
- Eru allar sparperur með blárri/gulri birtu?

**Verslunin Glóey er til húsa í Ármúla 19.**



Glóey www.gloey.is

BÓKA LAGERSALA




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

## Opið alla daga kl. 10–19




HVAR ER VALLI?
**Verð: 1.790 kr.**




HVAR ER VALLI NÚNA?
**Verð: 1.790 kr.**




LEGO – NINJAGO
**Verð: 2.990 kr.**




GAMLINGINN SEM SKREIÐ ÚT UM GLUGGANN ... – KILJA
**Verð: 1.790 kr.**




FRÖNSK SVÍTA
**Verð: 1.990 kr.**




PÉTUR OG ÚLFURINN
**Verð: 1.190 kr.**




1000 DRAUMARÁÐNINGAR
**Verð: 1.590 kr.**



STJÓRNARSKRÁ LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
**Verð: 99 kr.**

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær veglegar bækur að gjöf.




DÁVALDURINN – KILJA
**Verð: 1.590 kr.**




RÍKISFANG: EKKERT
**Verð: 1.990 kr.**







2 fyrir 1

SAFAR OG ÞEYTINGAR

DETOX – 14 LEIÐIR TIL AÐ HREINSA LÍKAMANN OG STYRKJA VARNIR HANS

**Verð: 1.690 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

# Að spara eða auka lífsgæði

Samfélagsmál
Guðmundur Magnússon
formaður Öryrkjabandalags Íslands



Það er áberandi í allri opinberri umræðu, sama um hvað er rætt, að nær öllum stjórnmálamönnum hættir til, hvar í flokki sem þeir standa, að leggja fyrst áherslu á hversu mikið „nýjungin“ muni spara. Í stað þess að benda á hve mikið nýjungin muni auka lífsgæði þegnanna. Sparnaður yrði svo mögulega einhver, en það væri hreinn bónus.

Ég er þess reyndar fullviss að aukin lífsgæði þegnanna skili sér nær ávallt með sparnaði til lengdar fyrir samfélagið í heild. Fólk þarfnast minni aðstoðar ef því líður vel, t.d. í heilbrigðiskerfinu og það sem mest er um vert, verður virkara í samfélaginu til starfa eða annarrar virkni. Þetta er sú áhersla sem á að hafa í huga þegar breytingar eru gerðar eða lagfæra þarf það sem fyrir er.

Gott dæmi um þessa röngu nálgun er aðferð starfshóps um endurskoðun laga um almannatryggingar. Þar er fyrst ákveðið að ekki megi setja meira fé í þennan málaflokk og síðan er hrært í núverandi kerfi án þess að athuga og sníða stóru vankanta kerfisins af fyrst!

Hvað með skerðingar sem eru augljóslega vinnuletjandi, letja til sparnaðar og eru andstæðar fjölskyldumyndun? Með skerðingum og lágum frítekjumörkum nær sá sem er að vinna þrátt fyrir veikindi eða fötlun ekki að bæta hag sinn að neinu marki og situr eftir í gildru fátæktar. Sama á við um þann sem hefur tekist að spara og leggja í banka eða fengið ákveðna upphæð í tryggingabætur þar sem skattur af vöxtum og jafnvel verðbætur skerða framfærslu þess fatlaða. Þegar rætt er um fjölskylduvæna stefnu stjórnvalda eru lífeyrisgreiðslur hrein mótsetning, þar sem það er ekki sparnaður að búa með öðrum heldur er það til lækkunar framfærslu lífeyris.

> Hvað með skerðingar sem eru augljóslega vinnuletjandi, letja til sparnaðar og eru andstæðar fjölskyldumyndun?

Það er líka óumdeilt að fötlun eða langvarandi veikindi hafa nær alltaf í för með sér aukinn kostnað. Fólk þarf að kaupa sér aðstoð sem aðrir þurfa ekki, auk þess sem lyfja- og lækniskostnaður er ekki eins lítill og stjórnvöld vilja vera láta. Á meðan við öll greiðum skatta (líka af öllum lífeyrisgreiðslum) þurfum við einnig að greiða svo og svo mikið í hvert sinn sem við förum til læknis eða í apótek, að ekki sé talað um sjúkra-, iðju- eða talþjálfun, sem mörgum er nauðsynleg til að geta tekið þátt í samfélaginu.

Að búa við fötlun eða langvarandi veikindi er ekki eitt og sér ávísun á ófullnægjandi lífsfyllingu. En þegar samfélagið er farið að starfa þannig að viðkomandi er dæmdur til fátæktar við að komast í þessar aðstæður í stað þess að aðstoða til aukinna lífsgæða er einhvers staðar pottur brotinn.

Tökum höndum saman og tryggjum öllum mannsæmandi líf á Íslandi. Það er nokkuð sem við, ein ríkasta þjóð í Evrópu, eigum að geta gert. Allir þegnar samfélagsins eru jafn mikils virði. Vinnum að réttlátu samfélagi og okkur mun farnast vel.

# Samráð í sátt

Samfélagsmál
Ketill B. Magnússon
formaður Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra



Þann 17. september nk. eiga Heimili og skóli – landssamtök foreldra 20 ára afmæli. Við þau tímamót er rétt að spyrja hvort þörf er á slíkum samtökum? Fyrir tveimur áratugum var hrópandi þörf fyrir landssamtök foreldra. Mikil gjá var enn þá milli skóla og heimila í landinu. Grunnskólar voru tvísetnir og vissu foreldrar ekki fyrr en í byrjun september ár hvert hvort börnin þeirra ættu vaktina fyrir eða eftir hádegi þann veturinn. Þá voru ekki til frístundaheimili og foreldrar þurftu bara að gjöra svo vel að skipuleggja vinnu sína í kringum skólagöngu barnanna eða semja við ættingja um að gæta þeirra part úr degi. Fjöldi barna fékk húslykil um hálsinn og skyldu sjá um sig sjálf þar til foreldrarnir komu heim úr vinnu. Foreldrar sáu að þeir urðu að standa saman til að fá þessu skipulagi skólanna breytt. Það var ekki síst vegna samstöðu og þrýstings samtaka foreldra sem grunnskólanum var breytt og hann gerður einsetinn.

### Hlutverk foreldra

Foreldrar gegndu takmörkuðu hlutverki í skólagöngu barna sinna áður fyrr. Komu oftast bara í skólann í foreldraviðtal einu sinni á ári, en oftar ef þau voru kölluð til skólastjórans vegna hegðunarvandamála barna sinna. Foreldrafélög voru fátíð og starf þeirra hafði lítið með dagleg störf skólans að gera. Smám saman breyttist þetta viðhorf, meðal annars fyrir þrýsting samtaka foreldra, og í dag eiga foreldrar lögskipað sæti fyrir fulltrúa sína í stjórnskipulagi skóla á öllum skólastigunum þremur, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Almennt er viðurkennt, bæði hjá menntayfirvöldum og í skólum landsins, að foreldrar hafi mikilvægu hlutverki að gegna í skólunum. Bæði við að styðja við skólagöngu barna sinna og einnig við að veita skólunum heilbrigt aðhald. Foreldrar verða þannig að gæta vel að þeim árangri sem náðst hefur. Hann er ekki sjálfgefinn. Menntayfirvöld hafa sett sér það markmið að kalla alltaf til fulltrúa foreldra við mótun skólastefnu í landinu. Þegar kemur að menntamálum þá eru foreldrar mikilvægur hagaðili og á þá verður að hlusta ef við viljum búa í lýðræðislegu þjóðfélagi.

### Í hverju felst samráð?

Sveitarfélögin í landinu fara með málefni leik- og grunnskólans og undanfarin ár hafa verið þeim fjárhagslega erfið. Vissulega reyna sveitarstjórnarmenn að hagræða í skólastarfinu og breyta til. Skólinn er einnig sífellt í faglegri þróun og því eru breytingar þar eðlilegar. En, of oft hafa komið upp mál að undanförnu þar sem foreldrar eru óánægðir með hvernig sveitarfélögin standa að breytingum. Þeir kvarta undan því að ekki sé haft nægjanlegt samráð. Þessi sömu sveitarfélög telja gjarnan að þau sýni mikið og gott samráð. Búið sé að halda svona marga kynningarfundi, fylgja tímaáætlunum og senda bréf. Greinilegt er að foreldrar og sveitarstjórnir hafa ekki sömu væntingar og skilning á því hvað nægjanlegt samráð er.

### Umræðan færð á næsta stig

Heimili og skóli – landssamtök foreldra telja mjög brýnt að aðilar skóla öðlist sameiginlegan skilning á hvernig standa skuli að breytingum á skólum. Við viljum vinna að sameiginlegum skilningi á hugtakinu „samráð“ og færa umræðuna á næsta stig, öllum til heilla. Landssamtök foreldra telja það hlutverk sitt að vinna áfram að hag foreldra og barna.

# Ég á ekki að borga. Ég á bara að fá

Fjármál
Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Jón Steinsson, hagfræðingur og áður ráðgjafi Geirs H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra, furðar sig á því, að ríkisstjórnin skuli ekki njóta nema 38% stuðnings þjóðarinnar þrátt fyrir þann mikla árangur, sem hún hafi náð við úrlausn erfiðra verkefna. Telur hann upp í grein í Fréttablaðinu mikinn árangur ríkisstjórnarinnar í sjö liðum, sem að sögn hagfræðingsins skipta verulega miklu máli um framtíðarvelferð þjóðarinnar.

Ég er ekkert hissa. Hvenær hafa Íslendingar ráðstafað atkvæði sínu með hliðsjón af heilsufari ríkissjóðs? Hvenær hafa Íslendingar greitt atkvæði með hliðsjón af nafni þess sem stýrir Seðlabankanum eða hvað sá annars segir? Hvenær hafa Íslendingar látið það ráða atkvæði sínu hvort ríkisvald hafi einkavætt banka með eða án spillingar? Ég bara spyr! Hvenær hefur slíkt gerst? Á átján ára valdaskeiði frjálshyggjunnar? Einhvern tíma á árunum þar á undan?

Spyrjum „Jón á förnum vegi“. Hvað ræður afstöðu hans? Hann er reiður ríkisstjórninni því hún vildi ekki lækka skuldirnar hans (les: Láta einhverja aðra borga). Jón á förnum vegi telur sig eiga rétt á því vegna „forsendubrests“. Jón kallar það „forsendubrest“ að íslenska krónan hafi haldið áfram að falla árin 2007 og 2008 eins og hún hefur gert með svipuðum hætti alla þá áratugi, sem hún hefur verið til. Jón á förnum vegi er samt sem áður mikill stuðningsmaður krónunnar. Hann vill bara að samfélagið bæti sér upp hversu ónýtur pappír hún er.

> Hvenær hafa Íslendingar látið það ráða atkvæði sínu hvort ríkisvald hafi einkavætt banka með eða án spillingar?

Ekki dregur það svo úr óánægju Jóns á förnum vegi með ríkisstjórnina að Palli nágranni, sem komist hafði á lista 16 þúsund vanskilamanna fyrir hrun, skyldi hafa fengið hluta skulda sinna niðurfelldan fyrir atbeina stjórnvalda. „Þessi óráðssíumaður, sem skuldaði öllum allt og átti aldrei neitt. Honum var hjálpað, en ekki mér.“

Palli nágranni er líka mjög ósáttur með ríkisstjórnina. Hann átti nefnilega kröfu á miklu meiri leiðréttingu en hann fékk! Allt ríkisstjórninni að kenna.

„Ég á ekki að borga. Ég á bara að fá.“ Þetta eru ekki bara pólitísk viðmið þeirra Jóns á röltinu og Palla nágranna. Lítum á forystusauði íslensks efnahagslífs. Samfélagið hefur verið og er enn að fella niður af þeim skuldakröfur upp á þúsundir milljóna króna. Byrðarnar bera ellilífeyrisþegar og öryrkjar með milligöngu lífeyrissjóðanna og skattborgarar og landsmenn allir í rýrðum lífskjörum og hrapandi kaupmætti. Hvað hafast þeir svo að, sem „fá“? Þeir koma fjármunum sínum í skattaskjól erlendis og skrá sjálfa sig til heimilis í Bretlandi, í Lúxemborg og í öðrum löndum. Til hvers? Til þess að komast hjá því að greiða skatta og gjöld til þess samfélags sem þeir eru að krefjast af að létti af þeim milljarðaskuldum. „Ég vil ekki borga. Ég vil bara fá.“ Er furða, þó eftir höfðinu dansi limirnir. Jón á röltinu og Palli nágranni eru ekki að gera neitt annað, en fyrir þeim er haft. Bara í miklu minna mæli. Af hverju? Af því að þeim gefst ekki kostur á meiru.

# Kæru yfirmenn

Fjármál
Hjörtur Traustason
fjölskyldufaðir



Þetta er opið bréf til yfirmanna minna, Jóhönnu og Steingríms.

Kæru yfirmenn. Ég er bara venjulegur tveggja barna fjölskyldufaðir. Ég á enn þá gamalt túbusjónvarp. Ég fer ekki í utanlandsferðir og á ekki snjallsíma. Ég er ekki óreiðumaður en samt er alltaf að verða erfiðara og erfiðara að lifa. Ekki finn ég fyrir því að kreppan sé að minnka. Ég stend enn í skilum og vil borga skatta til að leggja mitt á vogarskálarnar. En ég er í rusli yfir því hvernig ég eigi að kaupa föt á börnin mín. Er ekki rétt að ríkið hætti að hafa tekjur af nauðþurftum barnafjölskyldna? Virðisaukaskattur af barnavörum og aukagjöld tengd námi barna eiga ekki að vera tekjulind fyrir ríkið. Eða hvað finnst ykkur?

Kæru yfirmenn. Ég treysti því fyrir síðustu kosningar að vinstri flokkarnir ykkar myndu hugsa vel um barnafjölskyldur. En púðrið hefur farið í að passa að fólk geti haldið áfram að borga bönkunum. Í dag hugsar fólk sig tvisvar um að eignast börn. En auðvitað vill fólk eignast börn. Til þess er maður kominn hingað. Að sá niður fræjum og fá fallegan garð. Ég sé núna að það er bara í raun einn flokkur alltaf við völd. Sama þó það sé vinstri stjórn þá fá peningamennirnir alltaf meira og aðrir minna.

Kæru yfirmenn. Það er að koma vetur og ég er ekki vongóður. En ég get ekkert gert nema haldið áfram að vinna og borga og bíða eftir kosningunum í vor. Vonandi velja barnafjölskyldur landsins sér þá betri yfirmenn ef þið sannið ykkur ekki fyrir okkur í vetur.

# Barnfóstra internetsins

Samskipti
Bjarni Rúnar Einarsson
tölvunarfræðingur



Enn eina ferðina eru netsíur til umræðu. Samkvæmt grein í blaðinu Grapevine eru bæði Vodafone og Síminn að undirbúa það að hindra aðgang að klám- og fjárhættuspilavefsíðum. Látið er í veðri vaka að þetta sé lítið mál og eingöngu gert til að vernda venjulega netnotendur gegn hættum frjáls upplýsingaflæðis.

Mörgum finnst bara í góðu lagi að hindra aðgang að vefsíðum sem innihalda ólöglegt efni. Jafnframt blöskrar okkur ýmislegt á netinu sem er, því miður, fullkomlega löglegt í því landi þar sem það er gefið út. Því er gjarnan gripið til netsíunnar.

En stöldrum aðeins við.

Ef það á að taka upp allsherjar ritskoðun og eftirlit með netnotkun landsmanna, er ekki ástæða til að vega og meta kosti og galla kerfisins sem um ræðir? Þetta snýst ekki bara um glæpi og óæskilegt efni, heldur koma friðhelgi einkalífsins og málfrelsi líka við sögu.

Margir ímynda sér kannski að netsíur séu eins og dyraverðir skemmtistaða, tækni sem angrar ekki gangandi vegfarendur heldur stoppar bara fólk við innganginn og biður um skilríki því til staðfestingar að allir séu komnir til vits og ára. Það er enginn vafi á því að skuggahverfi netsins veitti ekki af fleiri dyravörðum!

Vandinn er að miðlægar netsíur virka alls ekki svona.

Netsíur eins og Vodafone og Síminn eru að leggja til, fylgjast með allri netnotkun allra, alltaf, og bera hverja tengingu undir svartan lista yfir „óæskilega vefi“. Þær halda jafnframt skrá yfir hvað þær sjá og hvað þær gera.

Netsíur eru því ekki eins og dyraverðir, netsíur eru eins og barnfóstrur sem eru alltaf að fylgjast með. Þær elta okkur í skólann, sitja með okkur í vinnunni, horfa á okkur í sturtu og skrá hjá sér ef við skiljum klósettsetuna eftir uppi. Netsíur sitja á rúmstokknum meðan við elskumst. Þær elta okkur til læknis, á Vog og til Stígamóta og halda vandlega skrá yfir hve oft við mætum á fund hjá Samtökunum 78.

Ef svo ólíklega vill til að við óvart álpumst inn á súludansstað, þá er það rétt, barnfóstran getur kannski bjargað okkur frá því óláni að sjá geirvörtu. En netsían er ósköp vitlaus. Hún er vélmenni sem skilur hvorki umhverfi né aðstæður, heldur flettir öllu upp í gulu síðunum frá árinu 2008. Ef það var bakarí á staðnum hérna áður fyrr, þá bara hleypir fóstran okkur inn án athugasemda. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvað gerist þegar súludansstaður lokar og bakari tekur við húsnæðinu.

Allir sem vilja, læra fljótt að fela sig fyrir fóstrunni. Það er auðvelt. Fóstran stoppar aldrei þá sem ætla sér virkilega að komast leiðar sinnar, hún hindrar ekki glæpi, hún útrýmir ekki barnaklámi og hún mun ekki bjarga neinum spilafíklum.

Fóstran þvælist bara fyrir, njósnar um saklaust fólk og sópar vandamálunum undir teppið.

Nei takk, segi ég nú bara.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## HRESSANDI HVERSDAGS

**Litríkir blazerar voru áberandi í sumar og engin ástæða til að pakka þeim niður nú þegar haustar enda ótrúlegt hvað þeir hressa upp á einfaldan hversdagsklæðnað eins og svartar buxur og bol.**




Peysur í fallegum litum

Stærðir 36-52

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



Mikið úrval af flottum nærbuxum



til dæmis þessar í M,L,XL,XXL og fást í hvítu og svörtu á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur





FOSCAM öryggismyndavélar

Eirberg -gæsla og öryggi

Kíktu heim – til öryggis

• Þráðlaus samskipti við tölvur og snjallsíma

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is




# TÓK PELSINN Í SÁTT

**FANNST HANN HRÆÐILEGUR** *Ásrún Ágústsdóttir er hrifin af stórum yfirhöfnum og er hæstánægð með tuttugu ára gamlan pels sem mamma hennar átti.*

Ásrún Ágústsdóttir er nemi á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Hún hefur eins og gefur að skilja mikinn áhuga á tísku og leggst veturinn vel í hana. „Ég er hrifin af stórum yfirhöfnum. Mig dreymir um stóra ullarkápu og væri alveg til í glansandi reiðstígvél við.“ Ásrún er mikill hipphoppaðdáandi og segir fatasmekk sinn bera þess merki. „Ég er hrifin af stórum gullkeðjum, eyrnalokkum og öðru skarti. Ég blanda því samt við fínni fatnað.“

Ásrún segir hipphoppið án efa koma til með að skína í gegn í framtíðarhönnun hennar að einhverju leiti. Sem stendur er hún að gera verkefni í markaðssetningu í skólanum. „Við áttum að vinna út frá rauðu þema og datt í hug að búa til fyrirtæki innblásið af BDSM sem myndi hanna klæðilegan hversdagsfatnað með BDSM-skírskotun.“ Umræða um bókina Fifty Shades of Grey er í hámæli og ákváðu hún og samnemendur hennar að grípa það á lofti. Ásrún hefur verið með nefið ofan í þessu verkefni síðustu daga og ber klæðnaðurinn í dag þess merki.

„Leðurbuxurnar hafa lengi verið í uppáhaldi en þær eru gamlar úr Zöru. Pelsinn keypti mamma fyrir um tuttugu árum. Ég man að mér fannst hann hræðilegur þegar hún kom með hann heim og hann hefur verið uppi á lofti í mörg ár. En tískan fer í stöðuga hringi og ég nota hann heilmikið í dag.“

Í framtíðinni stefnir Ásrún á nám í Central Saint Martins College of Art í London. „Fatahönnun snýst um að skera sig úr og það er virkilega fylgst með hönnuðum sem útskrifast þaðan.“

**HIPHOPPAÐDÁANDI** Ásrún er mikill hipphoppaðdáandi og ber fatasmekkur hennar þess merki. Hún er til dæmis mjög hrifin af gullkeðjum og alls kyns „blingi“.

MYND/GVA


Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*



NÝTT

BOAS RAFDRIFNIR
Leður hægindasófar
og stólar



Ný sending
af hágæða
sængurverasettum

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

## NAUÐSYNLEGUR FYLGIHLUTUR

**Handtaska er nauðsynlegur fylgihlutur fyrir allar konur. Jason Wu vill blanda klassík við hið hefðbundna.**



Hönnuðurinn Jason Wu varð frægur eftir að forsetafrú Bandaríkjanna, Michelle Obama, klæddist kjól eftir hann við innsetningarathöfn eiginmanns hennar. Kjóllinn er nú orðinn nánast heilagur og nafn hönnuðarins alþekkt. Nýlega var tilkynnt að tískulína Wu, Miss Wu, yrði til sölu í vöruhúsinu Nordstrom frá og með nóvember. Línan er ódýrari útgáfa af fötum hönnuðarins og samanstendur af fjörutíu flíkum. Innblásturinn að haustlínu sinni segir Wu hafa sótt til sjöunda áratugarins. Í kjölfarið lét Wu hafa eftir sér að allar konur ættu að eiga handtösku með margþætta notkunarmöguleika.



**FRÆGUR HÖNNUÐUR** Jason Wu segir allar konur verða að eiga að minnsta kosti eina klassíska tösku.


# Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:



- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í. , Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




**GÆÐI OG GOTT HANDBRAGÐ** „Fjöldaframleiðsla heillar mig ekki,“ segir Birna.



**HERRATÍSKAN HEILLAR** Birnu langar til að hanna meira á herra. MYND/HÚNBJÖRN

# HANNAR Á HERRA

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Birna Sigurjónsdóttir hannar undir merkinu HúnBjörn og rekur sína eigin verslun á Norðurbrú í Kaupmannahöfn.*

Birna Sigurjónsdóttir fatahönnuður er búsett í Kaupmannahöfn en hún útskrifaðist frá Köbenhavns Mode og Designskole árið 2007. Birna hannar undir merkinu HúnBjörn og rekur litla verslun, Polymorph, á Norðurbrú ásamt fleiri hönnuðum og segir Kaupmannahafnarlífið eiga vel við sig.

„Ég byrjaði í klæðskeranum hér heima en langaði að gera eitthvað annað. Ég ætlaði bara að prófa að búa hér í hálft ár en nú eru liðin átta ár, alveg óvart,“ segir Birna hlæjandi. „Ég rek mitt fyrirtæki hér en lifi þó ekki af hönnuninni einni saman enn þá en vonandi verður það samt einn góðan veðurdag,“ segir hún en auk þess að reka Polymorph selur Birna hönnun sína í versluninni Field's Designstore í verslunarmiðstöðinni Fields.

„Polymorph er samt „litla barnið mitt“ ef svo má segja. Þar er ég með vinnustofuna mína en ég framleiði enn þá mikið sjálf. Ekki allt en ég læt líka sauma fyrir mig á lítilli saumastofu í Ungverjalandi. Þannig hef ég meiri tíma sjálf til að teikna meira og hanna,“ segir Birna. „Ég hanna alklæðnaði á bæði kyn og hef fram að þessu verið að gera þrjár til fjórar flíkur í einu og bætt svo ofan á það. Fjöldaframleiðsla heillar mig ekki. Gæði og gott handbragð er mér mikilvægt og ég vil að fötin standist tímans tönn,“ segir Birna. „Í framtíðinni langar mig til að færa mig meira yfir í herrafatnað.“

Nánar má forvitnast um hönnun Birnu á heimasíðunni, www.hunbjorn.net og á facebook.



**REKUR VERSLUN Í KÖBEN** Birna rekur verslunina Polymorph við Jagtvej í Kaupmannahöfn ásamt fleiri hönnuðum. Hér á landi fæst hönnun Birnu í Leynibúðinni CollectiveOf YoungDesigners á Laugavegi.


# Fujifilm X-PRO 1

Stoltur handhafi bæði TIPA og EISA verðlauna




LJÓSMYNDAVÖRUR

Skipholti 31 – ljosmyndavorur.is





Full búð af flottum fötum Fyrir flottar konur

Vertu þú sjálf
Vertu Belladonna

st. 40 – 60

Verslunin Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427





GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



# Lepicol

- fyrir meltinguna




Inniheldur Psyllium husk trefjar ásamt mjólkursýrugerlum. Lepicol Plús inniheldur einnig meltingarenzym. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



**HÖFUÐKLÚTAR** Klútar voru mikið notaðir sem fylgihlutir. Þeir voru bæði vafðir um höfuð fyrirsætnanna og notaðir í stað belta.



**LITRÍKT** Hönnun Marc Jacobs sem hann sýndi á tískuvikunni í New York var lífleg og kröftug. NORDIC PHOTO/GETTY



**RENDUR** Rendur voru áberandi í herralínu Marc Jacobs. Einnig síðar peysur undir styttri peysum eða skyrtum.



**BERT Á MILLI** Pilsin voru lág og sátu á mjöðmunum og sást í beran magann á milli.

# LÍFLEGT OG HRESST

**TÍSKAN 2013** *Tískuspekúlantar hafa lengi verið hrifnir af hönnun Marc Jacobs. Sumar- og vorlína hans sem hann sýndi nú á dögunum féll vel í kramið.*

Marc Jacobs reynir alltaf að setja einhverja merkingu í tískulínur sínar. Oft er vísun í eitthvað ákveðið hjá honum svo sem kynlíf, fortíðina, frægð eða eitthvað persónulegt. Með þessu hefur hann náð ákveðnu sambandi við aðdáendur sína.

Á sýningu hans á tískuvikunni í New York á mánudag var mikið um dragtir þar sem pilsin náðu niður fyrir hné og lágu á mjöðmunum og maginn var ber. Breiðar rendur, svart og dumbrautt var áberandi. Veskin voru í stíl og skórnir voru með lágum hæl. Innblásturinn var sóttur til sjöunda áratugarins og klæðnaðurinn var kynþokkafullur. Meira að segja dragtirnar sem hingað til hafa verið taldar tákn íhaldssemi og framagirni voru sexí.

Á þriðjudag sýndi Jacobs línu sem kallast einfaldlega Marc en þar gaf að mörgu leyti að líta andstæður þess sem hann sýndi daginn áður. Línan var fjörleg, ungleg og lífleg. Mikið var um hressa liti og mynstur. Fyrirsæturnar voru með klúta á höfðinu og báru þá sem belti. Þær voru í of stórum skyrtum og mynstruðum buxum. Karlarnir voru í síðum, hnepptum peysum yfir styttri peysur og víðum stuttbuxum.

■ lilja.bjork@365.is







# ALPHA DAILY TEKUR Á RÓT VANDANS OG EYKUR ORKU

*HP Heilsa kynnir Hallgrímur Magnússon segir Alpha Daily-drykkinn gera öllum gott og bæta meltinguna.*





**HALLGRÍMUR Þ. MAGNÚSSON**

Alpha Daily-drykkurinn inniheldur ógerilsneytt epladedik, náttúrulegt hunang, sölt og ýmsar kryddjurtir. „Epladedik hefur verið þekkt í gegnum aldirnar sem heilsudrykkur. Í því eru öll efni sem líkami okkar þarf á að halda og það hjálpar til við að gera líkamann minna súran,“ segir Hallgrímur Magnússon læknir.

Hallgrímur segir Alpha Daily-drykkinn hafa mikil áhrif á meltinguna. „Þegar fólk fær sér Alpha Daily áður en það borðar verður meltingin betur undirbúin til að taka á móti fæðu; meltingin verður betri og minni hnökrar verða á henni. Þegar meltingin gengur betur þá fer ýmislegt að gerast. Vökvabúskapurinn breytist, bjúgur minnkar og þá fer fólki að líða betur á allan hátt.“

„Góð heilsa byggist á eigin vinnu og hvað við gerum til að viðhalda henni. Alpha Daily tekur á rót vandans, jafnvel áður vandamál koma fram,“ segir Hallgrímur sem finnur sjálfur mun eftir að hann fór að drekka heilsudrykkinn. „Ég þarf minni svefn og hef meiri orku til að nota allan daginn. Þegar ég er orkumeiri fæ ég meiri gleði út úr vinnunni og lífinu almennt.“

Alpha Daily fæst í Hagkaupi, Víði, Fjarðarkaupum, Kosti, Melabúðinni, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Garðheimum, Iceland Engihjalla, Þinni verslun Seljabraut og Blómavali. Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til HP Heilsu, Smiðjuvegi 38 í Kópavogi, og fá áfyllingu. Ef skilað er inn sex flöskum fæst áfylling á heildsöluverði.





## BÍLAR & FARATÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



VOLVO Xc90. Árgerð 2003, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.090.000. Rnr.103871.



CHRYSLER Town - country touring lx. Árgerð 2008, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.221718.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**ÚTSALA !**
Nissan Qashqai+2 árg 07/2012 ek 5 þ.km Flottur jepplingur nývirði 5990 ! okkar verð 5190 !!!!



**ÚTSALA !**
Nissan Qashqai árg 06/2011 ek 29 þ.km Bíll á frábæru verði verð 4.590 ! Okkar verð 3950 !!!!



**ÚTSALA !**
Suzuki Swift árg 06/2012 ek 10 þ.km nývirði 2550 ! okkar verð 2250 !!!!



**ÚTSALA !**
Suzuki Jimny árg 06/2007 ek 73 þ.km með dráttarbeisli ! verð 1790 ! okkar verð 1490 !!!!

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**VANTAR BÍLA Á SKRÁ**
**www.br.is**

588-0700 Bílabankinn.is



RENAULT Kangoo express. Árgerð 1998, ekinn 199 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 290.000. Rnr.101687.100% visa euro lán Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



TOYOTA Corolla xli. Árgerð 1997, ekinn 221 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr.103364. 100% visa euro lán Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



OPEL 7 MANNA Zafira-a comfort 7manna . Árgerð 2000, ekinn 222 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 490.000. Rnr.103101. 100% visa euro lán Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



FORD Explorer sport trac 4wd. Árgerð 2005, ekinn 133 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.103390. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



**ÚTSALA !!!!**
FORD Explorer xlt 4wd. Árgerð 2005, ekinn 115 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.480.000. Rnr.103379. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



**ÚTSALA !!!!**
NISSAN Patrol gr. Árgerð 2001, ekinn 190 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.180.000. Rnr.103415.Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



**ÚTSALA !!!!**
MMC Pajero sport gls 3000. Árgerð 2005, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.200.000. Rnr.103419. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Lokað á laugardögum í sumar**
**www.bilabankinn.is**

588-0700 Bílabankinn.is



**ÚTSALA !!!!**
MMC Montero limited. Árgerð 2002, ekinn 144 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.180.000. Rnr.103413. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



**ÚTSALA !!!!**
MMC Pajero int.turbo diesel/langur. Árgerð 2000, ekinn 234 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.103396. Opið til 21:00 í kvöld!



**ÚTSALA !!!!**
MMC Pajero sport gls 3000 bensín. Árgerð 2001, ekinn 175 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 595.000. Rnr.103648. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



BMW 1 116i h/b e87. Árgerð 2004, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.102522. Bílabankinn 5880700 Opið til 21:00 í kvöld!



PEUGEOT 207 xr plus 1,4 75hö. Árgerð 2007, ekinn 31 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.580.000. Rnr.103476. Bílabankinn 5880700 Opið til 21:00 í kvöld!



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2006, ekinn 102 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.320.000. Rnr.103461.Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2010, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.103590. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Lokað á laugardögum í sumar**
**www.bilabankinn.is**

588-0700 Bílabankinn.is



TOYOTA Auris terra eco. Árgerð 2011, ekinn 48 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.650.000. Rnr.103594. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



VW Polo trendline. Árgerð 2011, ekinn 53 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.103593. BÍLABANKINN 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



VW Polo trendline. Árgerð 2011, ekinn 48 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.830.000. Rnr.103490 BÍLABANKINN 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



VW Polo comfortline. Árgerð 2011, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.150.000. Rnr.103591. Bílabankinn 588-0700 Opið til 21:00 í kvöld!



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgerð 2011, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.103630. Opið til 21:00 í kvöld!

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Lokað á laugardögum í sumar**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf



**TILBOÐ 4.470.000.-**
M.BENZ ML 500.Árgerð 2006,ekinn 92.þ km, bensín, sjálfskiptur,með öllum aukabúnaði,er á staðnum. Verð áður 5.690.000.- Tilboð 4.470.000.- Rnr.102596.Sími:562-1717.



**TILBOÐ 1.990.000.-**
AUDI A4 AVANT. Árgerð 2005, ekinn 97.þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð áður 2.480.000.- Tilboð 1.990.000.- er á staðnum. Rnr.102848. Sími:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotaklettahalsi.is



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2011, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.210301. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



TOYOTA Verso 5 manna. Árgerð 2011, ekinn 21 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.390.000. Rnr.210300. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



TOYOTA Rav4 x. Árgerð 2011, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.201483. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



TOYOTA Corolla s/d terra vvti. Árgerð 2011, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.220422. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



TOYOTA Avensis wagon sol 2009 ng. Árgerð 2011, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.150.000. Rnr.201482. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklettahalsi.is**

bifreidar.is
bifreiðar & vinnuvélasalan
577 4777



MMC Pajero int.turbo diesel/langur. Árg 1997, ekinn 311 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 499. þús. Rnr.105189.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



Bílakaup Korputorgi auglýsir stærsta innisal landsins, þar sem þú getur skoðað draumabílinn við bestu aðstæður, það hefur aldrei kostað að skrá bíl hjá okkur og ekkert innigjald tekið af bílum í salnum.



HONDA Accord sedan sport. Árgerð 2006, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.204065.



PEUGEOT 508 sw panorama. Árgerð 2011, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.204992.



FORD F150 supercrew ss 4x4. Árgerð 2006, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.102901.



HYUNDAI Santa fe crdi. Árgerð 2007, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.103453.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



**ÚTSALA ÚTSALA**
BMW 523i e60. Árgerð 2006, ekinn 281 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Ásett verð 2.690 okkar verð 1.690. Mjög góð þjónstusaga og bíll í toppstandi Rnr.217613.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**Opið til kl. 21 á fimmtudögum.**
**www.nyja.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# SJÓNMÆLINGAR

FIMMTUDAGUR **13. SEPTEMBER 2012**

**Kynningarblað** Gleraugu, augnheilsa, augnlinsur og augnskoðun





Helga Kristinsdóttir sjóntækjafræðingur hjá gleraugnaverslunninni Eyesland sem staðsett er á 5. hæð í Glæsibæ. MYNDIR/ANTON

# Gleraugu eru ekki munaðarvara

Gleraugnaverslunin Eyesland er gósenland gleraugnafólks. Þar fást yfir þúsund hágæða gleraugu fyrir allt að 70 prósentum lægra verð en gengur og gerist. Í Eyesland er einnig boðið upp á sjónmælingar, hjálpartæki fyrir sjónskerta og margskiptar linsur fyrir einstaklinga með óvenjulega sjón.

Gleraugu hafa alltof lengi verið munaðarvara hér á landi en snúast vitaskuld um almenna augnheilsu fólks og þurfa að vera á viðráðanlegu verði," segir Helga Kristinsdóttir sjóntækjafræðingur.

Helga opnaði gleraugnaverslunina Eyesland fyrir tveimur árum á 5. hæð í Glæsibæ, eftir að hafa starfað í hartnær tvo áratugi sem sjóntækjafræðingur.

„Mér blöskraði einfaldlega verðlag á gleraugum og sú staðreynd að fólk trassaði í áratugi að kaupa sér ný gleraugu vegna hárra útgjalda. Í dag eru breyttir tímar og fæstir sáttir við að nota sömu gleraugun í tíu ár. Því var tímabært að bjóða nýja möguleika og lægra verð og því hafa viðskiptavinir tekið fagnandi."

### Þrenn gleraugu á verði einna

Í Eyesland fást gleraugu á mun lægra verði en þekkist í öðrum gleraugnaverslunum.

„Við förum óhefðbundnar leiðir í vöruúrvali og flytjum inn hágæða gleraugu frá Bandaríkjunum, Asíu og Evrópu. Verð á gleraugum í Eyesland er um sjötíu prósentum lægra en gengur og gerist. Sem dæmi má nefna margskipt gleraugu sem kosta hjá okkur á bilinu 25 til 30 þúsund í stað 100 þúsund króna annars staðar," segir Helga sem í innkaupum fylgir helstu tískustraumum í bland við hefðbundnar, klassískar gleraugnaumgjarðir. Til gamans má geta að í Eyesland fást yfir þúsund mismunandi gleraugnaumgjarðir og víst að allir finna sitthvað við hæfi.

„Flestum hentar að eiga tvenn til þrenn gleraugu fyrir mismunandi aðstæður. Margir kaupa ein hlutlaus og önnur áberandi gleraugu. Aðrir kaupa margskipt gönguglerauga, margskipt sólgleraugu og markskipt lesgleraugu í einni og sömu ferðinni; alls þrenn gleraugu á verði einna. Það er búbót sem munar um fyrir heimilin og algengt að fá í búðina fólk sem ekki þarf að horfa í aurinn en kærir sig ekki um að eyða að óþörfu í alltof dýr gleraugu," segir Helga.

### Sjónmælt fyrir gleraugnakaup

Í Eyesland er bæði hægt að panta tíma í sjónmælingu og koma óvænt inn af götunni.

„Áður en gleraugu eru valin er alltaf skynsamlegt að láta athuga sjónina fyrst, bæði til að sjá hvað hægt er að gera fyrir viðkomandi og til að fá ráðleggingar um hvers konar gleraugu henta best. Mismunandi gleraugu henta ólíkum aðstæðum og tilefnum og taka ávallt mið af daglegum störfum og áhugamálum einstaklingsins," útskýrir Helga.

### Linsur fyrir óvenjulega sjón

Helga hefur áralanga reynslu í mátun augnlinsa fyrir einstaklinga með erfiða eða óvenjulega sjón. Í þann hóp falla þeir sem eru með augnsjúkdóma, mikla sjónskekkju eða óreglulegar hornhimnur.

„Þessir einstaklingar hafa margir hverjir gefist upp á notkun linsa því árangur var óviðunandi. Í dag hefur orðið bylting í augnlinsum sem henta þessum hópi og við höfum sérhæft okkur í að hjálpa þeim með nýjum og sérstökum linsum. Hægt er að panta allar venjulegar augnlinsur í netverslun Eyesland en fyrir sérstakar linsur þarf að sjálfsögðu að koma í linsumátun," segir Helga.

Í Eyesland fást einnig sjónhjálpartæki fyrir sjónskerta og úrval fylgihluta fyrir gleraugu.

Eyesland á 5. hæð í Glæsibæ er opið frá klukkan 8.30 til 17 alla virka daga. Sjá einnig vefverslun á www.eyesland.is.

E YES LAND

Merki Eyesland minnir á stafaspjald augnlækna. Helga hefur verið spurð hvort verslunin heiti Yesland og svarað því til að Eyesland sé jákvæða gleraugnaverslunin í Glæsibæ.







Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, tp. benediktj@365.is, s. 512 5411.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Jóna Birna Ragnarsdóttir að störfum í Optical Studio en hún er með mastersgráðu í sjóntækjafræði.

# Góð og snögg þjónusta í þrjátíu ár

**Optical Studio** fagnar þrjátíu ára afmæli sínu um þessar mundir en fyrirtækið rekur þrjár verslanir, í Smáralind, Keflavík og í Leifsstöð. Mikil áhersla er lögð á vandaða og viðurkennda vöru og að veita góða og snögga þjónustu. Sjö löggiltir sjóntækjafræðingar starfa hjá fyrirtækinu með sjónmælinga- og linsuréttindi.

Fyrirtækið var stofnað í Keflavík árið 1982 og hét þá Gleraugnaverslun Keflavíkur. „Nafninu var síðar breytt þegar fyrirtækið haslaði sér völl á Stór-Reykjavíkursvæðinu eða í kringum 1997. Optical Studio rekur verslanir í Smáralind, í Leifsstöð og að sjálfsögðu á Hafnargötu í Keflavík,“ segir Kjartan Kristjánsson, eigandi Optical Studio.

## Áhersla á góða þjónustu og vandaðar vörur

Hjá fyrirtækinu starfa 38 manns. „Við höfum alltaf lagt áherslu á góða þjónustu hjá okkur. Góð þjónusta verður ekki til án góðs starfsfólks sem er tilbúið að leggja sig fram og með áhuga fyrir starfinu, það eru því mikil verðmæti í góðu starfsfólki. Ég hef verið heppinn að þessu leyti og hjá mér er lítil starfsmannavelta. Ég hef sjálfur verið á gólfinu, eins og maður segir, í ein þrjátíu ár og hef kynnst vel hvers ber að gæta í allri framsetningu á vörunni, meðhöndlun og faglegri ráðgjöf fyrir viðskiptavininn. Árið 1998 opnaði Optical Studio verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Kjartan segir það hafa verið verulega spennandi enda hafi þar verið rennt blint í sjóinn. Íslendingar sem eru þekktir fyrir að nýta sér vel fríhafnarsvæðið í Leifsstöð til að versla nánast allt sem hugurinn girnist áttu þó ekki kost á því, fram að þessu, að geta keypt sér gleraugu á fríhafnarverði (án gjalda).

Strax í upphafi var þó komið upp þeirri þjónustu að fólk gat valið og fengið smíðuð gleraugu í verslun



Hugvit Lego nær nú til barnagleraugna sem Optical Studio er með umboð fyrir og kynnir um þessar mundir.



Optical Studio í Leifsstöð á tíu til fimmtán mínútum. Þar var Kjartan brautryðjandi í þeirri þjónustu með afgreiðslu á sérsmíðuðum gleraugum, auk þess að bjóða upp á sjónmælingar og linsumátanir. „Ekki er vitað til þess að sams konar verslun og þjónusta sem Optical Studio býður upp á sé að finna í flugstöðum annars staðar í heiminum. Því er hér um „einstaka verslun“ að ræða. Við opnum klukkan fimm á morgnana og lokum klukkan sex seinni partinn og erum með opið alla daga, árið um kring.“

## Leyfi til sjónmælinga

Það urðu töluverðar breytingar á starfsemi gleraugnaverslana árið 2003 þegar leyfi til sjóntækjamælinga fékkst. Þá varð aðgangur að sjónmælingum greiðari. Hjá Optical Studio eru sjónmælingar og snertilinsumælingar framkvæmdar í verslununum með nýjustu og fullkomnustu sjónmælingatækjum af sjóntækjafræðingum. „Hér á landi mæla sjóntækjafræðingar eingöngu sjón fyrir nýjum gleraugum. Þetta er mjög ólíkt hér á landi og til dæmis í Noregi þar sem ég lærði,“ segir Jóna Ragnarsdóttir, sjóntækjafræðingur hjá Optical Studio. „Á Norðurlöndunum skoða sjóntækjafræðingar augað sjálft mun betur og kanna augnbotna fólks. Þannig fást meiri upplýsingar um það hvort eitthvað sé að og þurfi að senda viðkomandi til augnlæknis. Hér á landi höfum við ekki heimild til að kíkja inn í augað, við erum einungis með leyfi til að mæla sjón með ákveðnum takmörkunum. Að sjálfsögðu vinnum við samt sem áður eftir bestu sannfæringu og sendum fólk frá okkur ef okkur finnst þörf á því og biðjum fólk að fara reglulega til augnlæknis. Ég myndi samt sem áður vilja fá að gera það sem ég kann og lærði en ég er með mastersprófi í sjóntækjafræði.“

## Hvers konar gleraugu henta?

Jóna segir sjóntækjafræðinga veita mikilvæga þjónustu þar sem biðlistar séu hjá mörgum augnlæknum og fólk þurfi í mörgum tilfellum að bíða lengi eftir að fá mælingu og skoðun. „Fólk getur hins vegar gengið inn í gleraugnabúð og fengið mælingu með litlum fyrirvara. Þetta hefur aukið þjónustu við viðskiptavini umtalsvert.“

Starf sjóntækjafræðinga felst að miklu leyti í því að finna út hvers konar gleraugu eða linsur henti hverjum og einum. „Það er mikilvægt að finna út hvers konar gler hentar fólki miðað við aðstæður hvers og eins. Það er til dæmis ekki sama hvers konar lesgleraugu fólk fær sér. Það þarf að taka tillit til hvað og hvar fólk er að lesa. Við reynum að finna út hvað er best fyrir hvern og einn. Því er mikilvægt að byrja á því að tala við viðskiptavinina og heyra hvert vandamálið er og hvað fólk vill laga og á hvaða hátt. Fólk veit oft ekki hvaða möguleikar eru í boði og við reynum að upplýsa það um þá,“ segir Jóna.

## Vandaðar vörur

Hjá Optical Studio er lögð áhersla á að vera með vandaða vöru. Optical Studio státar af góðum og þekktum gleraugnaumboðum svo sem Ray Ban, Oakley, Prada, Chanel, D&G, Victoria Beckham, Cutler & Gross og Lindberg svo dæmi séu tekin. „Undanfarið höfum við líka lagt áherslu á að vera með sérútbúin Oakley-gleraugu fyrir íþróttafólk. Sérstaklega þá sem stunda hlaup, hjólamennsku, brettamennsku og skíðaiðkun. Við reynum líka að fylgjast alltaf með því nýjasta sem er að gerast og reynum að vera samkeppnishæf, líka við útlönd, enda merkjum við aukningu í verslun útlendinga.“

## Vel hugsað um þau yngstu

Í verslun Optical Studio í Smáralind er afmarkað herbergi með gleraugu fyrir börn og þar fer mátun fram. „Umgjarðir frá Lindberg og Lego ráða þar ríkjum og þar er hægt að fá fríar myndatökur af börnunum með gleraugun. Okkur er umhugað um okkar yngstu viðskiptavini,“ segir Kjartan.

## SJÓNGLER FRÁ 13.ÖLD

**Upphaf glerlinsa** má rekja aftur til 13. aldar en á þeim tíma var farið að nota stækkunarlinsur í ramma til lestrar. Fyrstu gleraugun í Evrópu voru fundin upp á Ítalíu af Alessandro di Spina í Flórens. Fyrstu gleraugun voru þó eingöngu við fjarsýni. Gleraugu við nærsýni komu ekki fram fyrr en í byrjun 16. aldar. Fyrstu gleraugun voru úr kristöllum en fljótlega var farið að notast við gler. Eftir því sem tíminn hefur liðið hafa glerin verið endurbætt með því að bæta í þau efnum eða húða þau með magnesíumflúoríði sem kemur í veg fyrir speglun. Nýlega hefur plast verið tekið í notkun sem er mun léttara en gler og rispast aftur á móti frekar. HEIMILD: WWW.VISINDAVEFUR.IS





## LINSUR OG EFTIRLIT

**Þegar rætt** er um „venjulegar augnlinsur" í dag er yfirleitt átt við svokallaðar mjúkar linsur sem komu á markað um 1965.

Séu venjulegar linsur notaðar eins og ætlast er til eru þær mjög sjaldan skaðlegar eða hættulegar fyrir augun. Mesta og alvarlegasta hættan við notkun snertilinsa eru sýkingar, oftast af bakteríum. Þess vegna er sótthreinsunin mikilvægasta atriðið varðandi linsunotkun, það er að geyma linsurnar alltaf í sótthreinsivökva yfir nóttina eða þegar þær eru ekki í augunum. Ofnotkun linsanna eru önnur mistök og jafnframt þau algengustu sem linsunotendur gera. Margir halda að það sé unnt að nota linsurnar í 16 klukkustundir á dag, alla daga vikunnar og svo árum skiptir. Svo er þó alls ekki. Þol fólks fyrir snertilinsum er mjög misjafnt og eru augnlæknar einkum færir um að segja til um það. Því ættu allir sem nota linsur að einhverju ráði að fara í eftirlit hjá augnlækni árlega.

HEIMILD: VISINDAVEFUR.HI.IS



## AUGNSKOÐUN NAUÐSYNLEG

**Regluleg augnskoðun** er þýðingarmikil fyrir alla aldurshópa enda þarf að láta fylgjast með augunum alveg eins og tönnum og almennu heilsufari. Flestir líta á sjónina sem sjálfsagðan hlut en lífsgæðin skerðast til muna ef augnsjúkdómar gera vart við sig auk þess sem sjónin tekur oftar en ekki breytingum með hækkandi aldri.

**Samkvæmt ráðleggingum** alþjóðlegra augnlæknasamtaka ættu þeir sem eru yngri en fjörutíu ára að fara til augnlæknis á fimm til tíu ára fresti. Fólk á aldrinum 40 til 54 ára á tveggja til fjögurra ára fresti. Fólk á aldrinum 55 til 64 ára á eins til þriggja ára fresti og 65 ára og eldri á eins til tveggja ára fresti.

## DÝR GLERAUGU

**Gleraugu frægra** einstaklinga seljast dýrum dómum á uppboðum erlendis. Karatekappinn Bruce Lee átti falleg Ray Ban-sólgleraugu frá árinu 1970. Þau seldust á uppboði árið 2005 á rúmlega 800 þúsund krónur. Öllu dýrari voru gullslegin sólgleraugu kóngsins, Elvis Presley, sem seld voru á rúmlega 2,7 milljónir króna á síðasta ári. Guðfaðir sálartónlistarinnar, James Brown, átti gott sólgleraugnasafn og voru 83 þeirra seld á rúmlega milljón krónur fyrir nokkrum árum.

**Sólgleraugu sem** voru í eigu söngvarans Michaels Jackson voru seld í sumar á tæplega 300 þúsund krónur á uppboði. Það þótti ágætlega sloppið miðað við að sólgleraugu Bítilsins Johns Lennon voru seld á uppboði árið 2006 fyrir 12,5 milljónir króna. Það voru ekki einungis sólgleraugu Bítilsins fyrrverandi sem seldust á góðu verði. Gullslegin kringlótt gleraugu tónlistarmannsins voru seld ári síðar á uppboði á tæplega 197 milljónir króna.

**Með dýrari** gleraugum sem farið hafa á uppboði eru gleraugu Gandhi sem seldust (ásamt sandölum hans) á tæplega 250 milljónir króna. Það var indverskur auðkýfingur sem keypti gleraugun en færði síðan indverskum yfirvöldum þau að gjöf.







# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinaut sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.







Allt sem þú þarft...

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Frystigámur óskast**
40ft frystigámur óskast, má vera beyglaður enn gangfær. Uppl. s. 897 1731

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

**Ódýrir dúkar**
Línóleum dúkar 500-1000kr/fm Harðviðarval, Krókháls 4 sími 567 1010.

## Ýmislegt

Húsgögn, fatnaður, plötur, gjafavara og margt fleira til sölu að Arnarási 6, 210 Garðabæ, laugardaginn 15. sept. kl 12-14.

## Verslun






Nánari upplýsingar í s. 849 0698.

## Til leigu

### Skrifstofuherbergi til leigu

**Níu fermetra skrifstofuherbergi á 4. hæð í lyftuhúsi á Háaleitisbraut 13 er til leigu.** Skrifstofan er björt með stórum gluggum og skrifstofuhúsgögnum. Mánaðarleiga er aðeins kr. 45.000. Innifalið í leigunni er; hiti, rafmagn, þrif, afnot af fundarherbergi á hæðinni, fín kaffiaðstaða og fleira.

Skrifstofan hentar vel frjálsum félagasamtökum, líknarfélögum eða ráðgjafarþjónustu. Þá er einnig möguleiki að tvö félög deili skrifstofunni ef áhugi er fyrir því. Hjólastólaaðgengi er gott.

Á Háaleitisbraut 13 starfa: Ráðgjafamiðstöðin Sjónarhóll, Fjölskyldumiðstöðin, CP félagið, Umsjónarfélag einhverfra, ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, Einstök börn, Átak félag fólks með þroskahömlun, Félag áhugafólks um Downs og Tölvumiðstöð fatlaðra.

**Skrifstofan er laus strax.** Nánari upplýsingar veitir Guðríður Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri Sjónarhóls í síma 535 1900 eða í tölvupósti gudridur@ sjonarholl.net

## Óskast til leigu

### ÓSKAST TIL LEIGU

**15325 - Fullbúið kennsluhúsnæði óskast á leigu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið**

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu kennsluhúsnæði fyrir 25-30 nemendur í Hafnarfirði.
Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 5 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar.

Gerð er krafa um staðsetningu húsnæðisins sunnan Hjallahrauns í Hafnarfirði, vestan Fjarðarhrauns/Reykjanesbrautar, norðan Selvogsgötu og austan Reykjavíkurvegar. Æskilegt er að húsnæðið sé á einni hæð og til staðar þarf að vera gott aðgengi.

Húsrýmisþörf er áætluð um **330 fermetrar**.

Húsnæðið verður að vera tilbúið til afhendingar í síðasta lagi **31. október 2012.**

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is frá kl. 13.00, fimmtudaginn, 13. september, 2012.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 15535 skulu sendar á netfangið utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

Fyrirspurnarfrestur rennur út 18. september 2012, en svarfrestur er til og með 21. september 2012.

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en **þriðjudaginn 25. september 2012**.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3-4 herbergja 85fm íbúð til leigu í Stigahlíð 105 Rvík, 140.000 á mánuði, GSM 899-2758

## Sumarbústaðir

Stórt sumarhús til leigu við Selfoss Gistiaðstaða f. 8-12 manns. Helgarleiga 45 þús. Stök nótt virkan dag 15.000.- þús. lágmark 2 nætur. Heitur pottur, internet, heimabíó, mikill trjágróður og skjól. Uppl.8482781

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu mjög gott 100fm iðnaðarbil með stórri innkeyrsluhurð á góðum stað í Hafnarfirði + 30-60fm skrifstofur geta fylgt með. Uppl. í s. 893 9678

Til leigu 2 björt og snyrtileg skrifstofuherb. 30 fm hvort á góðum stað í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893 9678

**Til leigu.**
104 fm við Krókháls með innkeyrsludyrum. leiguval.is simi 894 1022 og 553 9820

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012, www.solbakki.com

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Beitingafólk vantar á sunnanverðum Vestfjörðum í haust/ vetur. Nánari uppl. í s. 845 3480.

**Öflug heildsöluverslun**
**Óskum eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu, nótuútskrift og önnur tilfallandi störf.**
**Við leitum að duglegum starfsmanni, sem hefur áhuga á að vinna með fólki sem vill veita viðskiptavinum fyrirtækisins framúrskarandi þjónustu.**
**Umsóknir sendist á netfangið: vinnukraftar@gmail.is**

**Öllum fyrirspurnum verður svarað.**

**Lagerstarf**
**Hýsing - Vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir starfsfólki í tiltekt sölupantana á fatnaði og annarri sérvöru. Vinnutíminn er 8:00-16:30.**
**Umsóknir skulu fylltar út á www.voruhysing.is.**
**Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á staðnum.**

**Gullnesti Grafavogi**
**Óskar eftir rösku íslenskumælandi starfskrafti í vaktarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.**

**Aðstoðarmaður í eldhús**
**Óskum eftir uppvaskara og aðstoð í eldhús. Íslensku kunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 899 1965**

**Bakari / Kaffihús í Breiðholti**
**Óskar eftir starfskrafti frá kl. 15-19 og aðrahvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Umsóknir sendist á sveinsbakari@sveinsbakari.is eða í s. 820 7370**

**Veitingarstaður**
Panorama veitingarstaður óskar eftir þjón og aðstoðar kokk í morgunmat og kvöldmat. frekari uppl. panorama@ panoramaice.is eða 551 5800 / 691 1905.

**Stálsmiður óskast**
Stálsmiður og verkamaður óskast til starfa í stálsmíði á höfuðborgarsvæðinu. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst, nóg af verkefnum og mikil vinna fyrir duglega menn. Áhugasamir sendi umsókn merkt atvinna og ferilskrá á skh@internet.is

Verkstjóra vantar í frystihús á sunnanverðum Vestfjörðum, sem hefur góða þekkingu á ferskum útflutningi. Góð aðstaða. Nánari uppl. í s. 852 2272.

Verslunin Kvosin, Ingólfstorgi, óskar eftir framtíðar starfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund. Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið kjartan@ kvosin.is

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**GlerPro ehf.**
Framrúðu og bílljósaviðgerðir
Allar viðgerðir á framrúðum eru bíleiganda að kostnaðarlausu.
Vinnum fyrir öll tryggingafélög.
GlerPró ehf. Kaplahrauni 8 220 Hafnarfjörður
848 7007 | 453 7075 | 776 8600
www.glerpro.is - glerpro@gmail.com

Vinsælu læknahaldararnir komnir
í svörtu og hvítu.
Verð kr. 6990,-
Ynja
UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

NÁMSKEIÐIN OKKAR ERU AÐ HEFJAST.
GLERBRÆÐSLA, LEIRMÓTUN, LEIRSTEYPA, GLERSKARTGRIPIR OG SKARTGRIPAGERÐ.MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI.
WWW.GLIT.IS
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**

Sturlaugur Jónsson & Co
TÚRBÍNUR
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.
www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði

**ALLT Í KAMBSTÁLIÐ**
- Klippt & beygt kambstál 6 – 32 mm
- Tengijárnabakkar & Samsetningahólkar
- Fjarlægðaplast og Bindivír
- Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls

**Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is**
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814491
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

STERK LOK á alla heita potta.
Eitt verð á öllum stærðum
Framleiðum lokin eftir málum.
Sterkasta áklæðið á markaðnum sem þolir vel raka- klór og veðráttu.
(Myndir á facebook) Tjalda og Seglaþjónustan
Kristinn 899-7663 - 461-5077 Tjalda@simnet.is

KÆLAR
Kæliklefar - Frystiklefar
Stakir - Fullbúnir
íshúsið
www.ishusid.is
566 6000

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

## Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

# STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag

## Fasteignir

OPIÐ HÚS

HÍBÝLI FASTEIGNASALA

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

### HRAUNTUNGA 85, KÓPAVOGI

**OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG MILLI KL. 17:00 OG 18:00**





Glæsilegt og mikið endurnýjað 288 fm tvílyft tengihús á rólegum og eftirsóttum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið sem hefur allt verið endurnýjað að innan skiptist þannig: Stórar stofur, sólstofa lögð steinskífu, 30 fm suðursvalir útaf, vandað eldhús með eldunareyju, 4 svefnherbergi, tvö flísalögð baðherb. þvottahús, vinnuherb. og stór innbyggður bílskúr með miklu geymslurými þar fyrir innan. Gólf eru granítlögð. Eign í sérflokki.

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808

RE/MAX Lind

## Hef hafið störf á RE/MAX Lind

Sala fasteigna í 15 ár
Fagleg þjónusta og ráðgjöf



**Andri Sigurðsson**
**690 3111**
andri@remax.is

**Þórarinn Jónsson**
Lögg. fast. hdl.
**5107900**



HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

### Rauðalækur 28 - Sérhæð m. bílskúr.

**Opiðhús í dag kl. 17-18.**




Hugguleg 128,4 fm sérhæð á 2. hæð í fjórbýlishúsi, ásamt 22,9 fm. bílskúr, alls 151,3 fm. Skiptist m.a. í stofu, hol og borðstofu og þrjú svefnherbergi. Falleg og gróin lóð. **Verð kr. 34,9 millj.** **Eignin er til sýnis í dag kl. 17-18. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s. 892 7798.**

### Yrsufell 3

**Mjög góðar 2ja og 3ja herbergja íbúðir í viðhaldslitlu fjölbýli á góðum stað**



Til sölu einstaklega snyrtilegar nýmálaðar 2ja og 3ja herbergja íbúðir í mjög góðu litlu fjölbýli sem er klætt að utan og verið er að setja nýtt járn á þak. Öll sameign í toppstandi. Allar íbúðir nýmálaðar og mjög snyrtilegar.
Til afhendingar strax. Örstutt í alla skóla, verslanir, þjónustu, sund, íþróttir, menningarmiðst. Við Gerðuberg, barnaskíðalyftu, Elliðárdalinn og fl.
Verð: 2ja herbergja: **12,5 millj.** 3ja herbergja: **15,9 millj.**

**Sölumenn Valhallar sýna íbúðir. Upplýsingar á og utan opnunartíma Ingólfur 896 5222 og Bárður 896 5221.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

domus

Domus Blönduós Þverbraut 1 - Sími 440 6170

Allar eignir auglýstar á www.domus.is ı www.mbl.is ı www.visir.is

Stefán Ólafsson
lögg.fasteignasali, Hrl.
stefano@domus.is

Magnús Ólafsson
viðskiptastjóri
magnuso@domus.is




**N.k. laugardag 15. september verður opið hús að Suðurgötu 24a, neðri hæð.**
Eignin er 48 fm að stærð. Mikið endurbætt tveggja herbergja íbúð, sem selst með öllum húsgögnum. Frábær staðsetning. Sjón er sögu ríkari.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Ólafsson sölufulltrúi s 440 6028 eða 664 6028 magnus@domus.is eða Stefán Ólafsson hrl. löggiltur fasteignasali s 440 6170 netf. stefano@domus.is

www.domus.is Nútímaleg fasteignasala sem ber umhyggju fyrir þér

- með þér alla leið -

## MIKLABORG leitar að ...

**... ÍBÚÐ ÓSKAST VIÐ ÞORRAGÖTU**

Okkur hefur verið falið að útvega íbúð að Þorragötu 5-9 fyrir ákveðinn kaupanda með góðar greiðslur í huga. Rúmur afhendingatími ef þess er óskað.

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason, sölumaður í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
sölufulltrúi
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Klettagarðar - Glæsilegt atvinnuhúsnæði







Glæsilegt og mjög vel staðsett atvinnuhúsnæði við Skarfaklett við Sundahöfn. Húsið er samtals 6.680 fm að stærð. Það er laust nú þegar. Húsið stendur á 18.324 fm lóð sem er sjávarlóð og er nýtt sem lager-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Húsið er stálgrindarhús er klætt að utan með álklæðingu. Mjög gott malbikað athafnasvæði er við húsið á vestur- og austurhlið. Lofthæð við mæni er um 9,7 m en við útveggi um 8 m Meðallofthæð í lagerrými er um 8,45 m. **V. 895,0 m.** 1946

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Heiðarhjalli 7

**Glæsilegt parhús m.aukaíb.**

**Opið hús í dag fimmtud. 13. sept. frá kl. 17:30 – 18:00**






Glæsilegt vel hannað ca 270 fm parhús á einstaklega góðum útsýnisstað í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið var mikið endurnýjað 2006 eftir teikningum Halldóru Vífilsdóttur og er mjög smekklega innréttað. Lítil auka stúdíó íbúð í húsinu sem hægt er að sameina aðalíbúð. Vandaðar innréttingar. Gengheilt parket og flísar. Ljósahönnun frá Lumex. Stór afgirt timburverönd í bakgarði á pöllum með heitum rafmagnspotti og miklum trjágróðri. Einstaklega fallegt útsýni. **Verð 69,9 millj.**




## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala vísir




KOMDU MEÐ Í ÓGLEYMANLEGT FERÐALAG TIL GULLALDARÁRANNA
OG UPPLIFÐU ELLY Í MÁLI OG MYNDUM, LJÓSLIFANDI MINNINGUM SAMFERÐARFÓLKSINS
OG AUÐVITAÐ TÓNLISTINNI SEM HÚN GAF OKKUR ÖLLUM.

ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON

Iceland Express

www.sena.is/elly

MIÐASALA Á MIÐI.IS, Í SÍMA 540-9800 OG Í
VERSLUNUM BRIM LAUGAVEGI OG KRINGLUNNI

sena

# tímamót

timamot@frettabladid.is



60 **EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR** leikkona er 60 ára í dag

*„Ég er bara hinn fullkomni sígauni, ég verð alltaf að vera að takast á við einhverja erfiða hluti, annaðhvort um allt land eða um allan heim.“*



✝

Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,

**BIRNA GUNNARSDÓTTIR**
**Kringlumýri 31, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 9. september. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju 21. september kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Jakobssjóð Knattspyrnufélags Akureyrar eða Gjafasjóð öldrunarheimila Akureyrar.

**Gunnar Níelsson**
**Ragnhildur Björg Jósefsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,

**KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Lækjasmára 4, Kópavogi**

lést á Landspítalanum þann 8. september sl. Hún verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 17. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Sigríður Rafnsdóttir** — **Guðmundur Þór Björnsson**
**Margrét Júlía Rafnsdóttir** — **Sigurður Haukur Gíslason**
**María Valborg Guðmundsdóttir** — **Viðar S. Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KARITAS JENSEN**
**Stóragerði 42, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 7. september. Útförin fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 21. september kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar LSH, sími: 543-1159.

**Steinunn Margrét Tómasdóttir** — **Aðalsteinn Karlsson**
**Þórunn Elín Tómasdóttir** — **Kjartan Jónsson**
**Bryndís María Tómasdóttir** — **Thomas Möller**
**Lára Anna Tómasdóttir** — **Hörður Jón Gærdbo**
**Óskar Már Tómasson** — **Auður Pálmadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**MATTHÍAS BALDUR EINARSSON**

andaðist á heimili sínu í Svíþjóð 9. september sl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðbjörg Arnberg Matthíasdóttir**
**Matthías Arnberg Matthíasson**
**Jóhanna Kristín Arnberg Matthíasdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**



✝

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát elskulegrar móður okkar og tengdamóður,

**Önnu Margrétar Vestmann Einarsdóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks DAS í Boðaþingi í Kópavogi fyrir frábæra umönnun og alúð við móður okkar.

**Guðríður Vestmann Guðjónsdóttir**
**Hallgerður Ásta Guðjónsdóttir** — **Björgvin M. H. Snorrason**
**Magnea Thor Guðjónsdóttir**
**Elín Guðjónsdóttir** — **Óli Þór Valgeirsson**
**Anna Jóna Guðjónsdóttir** — **Þorbjörn Daníelsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN MAGNÚSSON**
**járnsmiður**
**Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 11. september.

**Guðrún Hjaltalín Jónsdóttir**
**Ingibjörg H. Jónsdóttir** — **Jóhann G. Ögmundsson**
**Magnús Þór Jónsson** — **Sigríður Erlingsdóttir**
**Jón Gunnar Jónsson** — **Sigríður Ríkharðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Andrea Gylfadóttir Hefur verið í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna frá því að hún stökk fram á sjónarsviðið með Grafík árið 1987. Hún heldur upp á stórafmælið með safnplötu og stórtónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ANDREA GYLFADÓTTIR SÖNGKONA: Á AFMÆLI Í DAG

# FIMMTUGUR STELPUROKKARI

„Ég er bara kát yfir því að ná að komast á þennan virðulega aldur,“ segir Andrea Gylfadóttir söngkona, sem fagnar 50 ára afmæli í dag.

Óhætt er að segja að Andrea haldi upp á tímamótin með pompi og prakt. Í dag kemur út safndiskurinn Stelpurokk sem inniheldur flest þekktustu lög Andreu frá árunum 1987 til 2012. Á laugardag efnir hún síðan til stórtónleika í Hörpu.

„Ég held ég hafi aldrei haft jafn mikið fyrir einum afmælisfögnuði,“ segir Andrea og hlær þegar blaðamaður náði tali af henni á milli æfinga.

Andrea er ein fjölhæfasta söngkona landsins og er jafnvíg á margar stefnur, svo sem popp, rokk, djass og blús. Hún segir það hins vegar ekki hafa vakað sérstaklega fyrir sér þegar hún gekk til liðs við Grafík árið 1987.

„Þá var ég bara í poppsveit og var svo sem ekkert að hugsa lengra en það. En með árunum hef ég fengið tækifæri til að syngja fleiri tegundir af tónlist og komist að því að það á mjög vel við mig.”

Sjálf segist hún ekki aðhyllast neina ákveðna tónlistarstefnu frekar en aðra.

„Það er kannski klisja en mér finnst þetta allt jafn skemmtilegt, ef ég á að segja eins og er. Það veltur allt á hvernig skapi maður er í.” Það sama á við lögin og plöturnar. „Ég get ekki valið neitt uppáhaldslag eða plötu sem ég hef sungið í gegnum tíðina, það væri eins og að gera upp á milli barnanna sinna.”

Auk plötuútgáfu og tónleikahalds ætlar Andrea líka að halda upp á afmælið með hefðbundnum hætti og bjóða nánustu fjölskyldu í afmæliskvöldverð í kvöld.

„Svo er stór hluti af fjölskyldunni, sem býr öll í Noregi, á landinu og skyldfólk frá Akureyri í bænum og tvö ættarmót fram undan.”

Andrea slær ekki slöku við í tónlistinni í haust og ætlar meðal annars að koma fram á tónleikum með Todmobile.

„Við erum að æfa á fullu en svo er ég líka með ýmis fleiri járn í eldinum.”

bergsteinn@frettabladid.is

**FERILL ANDREU:**

Andrea Gylfadóttir stökk fram á sjónarsviðið með hljómsveitinni Grafík árið 1987. Í kjölfarið stofnaði hún hljómsveitina Todmobile ásamt Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni og Eyþóri Arnalds. Andrea hefur þess utan lengi sungið blús og djass, meðal annars með Blúsmönnum Andreu og Borgardætrum. Þá hefur hún tekið þátt í ýmsum söngleikjum á sviði, svo sem Ávaxtakörfunni, Evítu og Litlu hryllingsbúðinni. Andrea var valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í vor.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 14. september kl. 12.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar bendum við á Nótt og dag-söfnun Á allra vörum, kennitala: 510608-1350, reikningsnúmer: 101-26-55555.

**Gunnar Á. Mýrdal**
**Sigurður Þór Mýrdal** — **Þórdís Ingibjartsdóttir**
**Ása Mýrdal**
**Jón Gunnar Mýrdal** — **Steinunn B. Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför hjartans konunnar minnar, yndislegu mömmu okkar, ömmu Jósefínu, tengdamömmu, dóttur og systur,

**JÓSEFÍNU KRISTBJARGAR ARNBJÖRNSDÓTTUR**
**Sunnubraut 12, Garði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Magnús Torfason**
**Brynja Magnúsdóttir** — **Karl Einarsson**
**Jónína Magnúsdóttir** — **Guðni Ingimundarson**
**Jóhann Daði Magnússon**
**Ingimundur Aron Guðnason**
**Björn Bogi Guðnason**
**Magnús Máni Guðnason**
**Jóhanna Sigurðardóttir**
**og systkini hinnar látnu.**



✝

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**RÓSAR ÓLAFSDÓTTUR**
**Laugarnesvegi 89, Reykjavík,**

en hún lést mánudaginn 27. ágúst sl. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Þorbergur Pétursson**
**Pétur Þorbergsson** — **Jóhanna Traustadóttir**
**Kristján Þorbergsson** — **Þórunn Sigurðardóttir**
**Sigríður Rós Pétursdóttir** — **Bryndís María Kristjánsdóttir**
**Bergrós Kristjánsdóttir** — **Sigrún Valdís Kristjánsdóttir**



✝

Elskuleg móðursystir okkar og frænka,

**MARY ANDERSEN**

lést þann 22. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.

**Mogens L. Markússon** — **Dagbjört Þorsteinsdóttir**
**Markús L. Mogensson**
**Brynjólfur L. Mogensson**
**Sigþór H. Markússon** — **Júlíana Sigþórsdóttir**

Tilboðin gilda **13 - 16.** sept.

**netto**
Kræsingar & kostakjör

## FROSTNAR KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR - 900G

# 1.398
KR/PK



## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** lingeðja, **6.** í röð, **8.** vafi, **9.** bekkur, **11.** hreyfing, **12.** sannfæringar, **14.** bugsigling, **16.** málmur, **17.** dýrahljóð, **18.** lepja, **20.** ekki heldur, **21.** einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eyðast, **3.** tveir eins, **4.** yfirlit, **5.** skjögur, **7.** sjúkdómur, **10.** ferð, **13.** drulla, **15.** baklaf á flík, **16.** spíra, **19.** grískur bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. meyr, 6. áb, 8. efi, 9. set, 11. ið, 12. trúar, 14. kruss, 16. ál, 17. rýt, 18. lap, 20. né, 21. aría.
**LÓÐRÉTT:** 1. mást, 3. ee, 4. yfirsýn, 5. rið, 7. berklar, 10. túr, 13. aur, 15. stél, 16. ála, 19. pí.






# Valdarán

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Svertingjar, mikið ósköp eruð þið orðnir þreytandi með þetta jafnréttistal ykkar, það er orðið að þráhyggju. Það má bara ekki ráða hvítan mann í góðu störfin, þá byrjið þið að vola – hvað um verri störfin – þar heyrist ekkert í ykkur. Þið eruð farnir að ganga á rétt hvítra. Hafið þið, svertingjar, hugsað út í það, hvort yfir höfuð störf mál séu réttu störfin fyrir svertingja? Hafið þið hugleitt hvort allt ruglið sé af því að þið eruð orðnir of margir í störfum sem þið valdið ekki. Þið skulið hugsa þessi mál, en ekki vera með þennan yfirgang. Lífið á að vera ganga hvers og eins á eigin forsendu, og hver og einn á að vita sín takmörk.

**EF** morgunkaffið þitt frussaðist yfir Fréttablaðið biðst ég velvirðingar. Flestir sem lesa ofangreinda efnisgrein geta sammælst um að þarna fari fornfálegur hugsunarháttur; hugsunarháttur sem var við líði áður en Rosa Parks neitaði að standa upp fyrir hvítum manni í strætó; þankagangur tíma áður en fólk lét sig mannréttindi varða. Sé orðið „kona" hins vegar sett í staðinn fyrir orðið „svertingi" horfir málið öðruvísi við. Orðræðan er ekki lengur fornfáleg. Um er að ræða orðræðu samtímans; orðræðuna á Íslandi árið 2012. Textinn að ofan styðst við aðsenda grein Stefaníu Jónasdóttur sem birtist í Morgunblaðinu í síðustu viku nema hvað í grein hennar er konum lesinn pistillinn fyrir að „ganga á rétt drengja og karla" þegar kemur að tækifærum samfélagsins.

**INNLEGG** Stefaníu í jafnréttisumræðuna væri hin besta skemmtun ef ekki væri fyrir þær ógnvekjandi sakir að hún á sér fjölda skoðanasystkina. Undanfarin misseri er sem gripið hafi um sig ofstopafull vænisýki í garð þeirra sem láta sig jafnrétti kynjanna varða. Það er eins og sumir trúi á eitthvert samsæri kvenna. Að í bígerð sé valdarán byggt á frekju og hatri á karlmönnum og markmiðið sé ekki jafnrétti heldur alger yfirráð sem felist í að hlekkja alla með Y-litning við eldavél og græða í lófa þeirra skúringakúst. En þeim sem kúldrast í skotgröfum kommentakerfa internetsins með bogana spennta tilbúnir að verjast byltingunni er óhætt að fara í hvíldarstöðu. Tölfræðin sýnir að langt er í þessa valdatöku kvenþjóðarinnar.

**AF** 200 launahæstu einstaklingum landsins eru tólf prósent konur. Samkvæmt nýjustu tölum OECD er launamunur kynjanna 13,5%. Konur eru 20% framkvæmdastjóra fyrirtækja landsins. Af tólf dómurum í Hæstarétti eru tvær konur. Ritstjórar allra helstu dagblaða landsins eru karlmenn.

**STEFANÍA** og félagar geta andað léttar. Staða konunnar „bak við eldavélina" virðist tryggð enn um sinn.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
SKOÐAÐU NÝJASTA BÆKLINGINN Á WWW.TOLVUTEK.IS
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
3DAGA TILBOÐ
KINDLE LESTÖLVA
KINDLE LESTÖLVAN FRÁ AMAZON Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI
16.900
STÚTFULLAR VERSLANIR
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
2TB
24.900
3TB
34.900
USB GLINGUR
FRÁ 990
149.900
27.900
36.900
49.900
8BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Tröllahafrar
Rauðrófusafi
Epla & mangó
Engiferdrykkur
Límonaðidrykkur
Appelsínudrykkur
Ólífuolía
HIMNESKT
5 KRÓNUR
AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í SEPTEMBER RENNA TIL BARNAHEILLA
Barnaheill
Save the Children Iceland
Chiafræ
Hörfræolía
Kornflögur
Maískökur
Hrískökur
SALTAÐAR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDSLAMB
FERSKAR
LAMBALÆRISNEIÐAR
Í RASPI
1798
KR. KG
HÁLFUR LAMBSSKROKKUR
FROSINN SLÁTRUN 2012
959
KR. KG
750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN
598 KR
HEIMA MÖNDLUR
500 GR MEÐ HÝÐI
698 KR
EURO SHOPPER
KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR 900 GR
KYCKLINGFILÉ
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS
1498 KR.PK
BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
BRAUÐOSTUR
300 KRÓNA
VERÐLÆKKUN
1057 KR.KG
VERÐ ÁÐUR: 1375 KR.KG
SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
1259 KR.KG
L&L
Tilboð
Létt & laggott
LÉTT & LAGGOTT 400 gr
50 KR VERÐLÆKKUN
224 KR.
VERÐ ÁÐUR: 274 KR. DS
FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSINN LAMBABÓGUR
SAGAÐUR Í
SÚPUKJÖTSBITA
HAUSTSLÁTRUN 2011
859 KR.KG
ÓDÝRUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS
DIAPERS MIDI
DIAPERS MAXI
DIAPERS JUNIOR
1398
KR.PK
MIDI 4-9 KG/ 56 STK.- MAXI 9-18 KG/50 STK.-JUNIOR 15-25 KG/44 STK
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
KAUPIR 4 FÆRÐ 6
6 X 250 ML
HLEÐSLA M.SÚLLULAÐIBRAGÐI
6 FERNUR Á VERÐI 4
SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ
SLÁTUR Á GÓÐU VERÐI
LIFRARPYLSA
598 KR.KG
BLÓÐMÖR
579 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
1295
KR. KG
NAUTAVEISLU
298
KR. 620 G
KJARNAFÆÐI
OPNUM
KL.11:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is



**ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR** verða á Borgarinnunni eftir Sögu Jónsdóttur í Samkomuhúsinu á Akureyri á föstudags- og laugardagskvöld. Margir hafa nú kynnst kjarnakonunni Vilhelmínu Lever og hefur sýningin fengið einróma lof. Tuttugu leikarar koma fram og túlka margar skemmtilegar og skrautlegar persónur. Nú er ekki möguleiki á fleiri sýningum þar sem leikár Leikfélags Akureyrar er að hefjast í Samkomuhúsinu.

Bækur ★★☆☆☆

**Fimmtíu gráir skuggar**

E.L. James/Þýðing: Ásdís Guðnadóttir

**JPV-útgáfa**

## Fríða, Dýrið og flengingarnar

Ung og saklaus stúlka lendir í höndum óargadýrs með myrkar hvatir og þau fella hugi saman. Hann er þjakaður af myrkrinu sem í honum býr, enda er það afleiðing óhuggulegrar frumbernsku auk þess sem vond norn hneppti hann í álög fimmtán ára gamlan og festi hann í hlutverki dýrsins. Unga saklausa stúlkan, sem að sjálfsögðu er hrein mey, tekur upp samband við Dýrið og ætlar sér að létta af því álögunum með djúpri og fagurri ást sinni. Átök sakleysis og illsku magnast þar til hún gefst upp og flýr kastala Dýrsins, en getur ekki gleymt Dýrinu sínu…




Þetta er ekki endursögn á gömlu ævintýri eða Disney-mynd. Þetta er í grófum dráttum söguþráðurinn í hinni umdeildu og geysivinsælu skáldsögu E.L. James, Fimmtíu gráir skuggar. Myrkrið sem býr sál hins ægifagra og ofurríka Grey brýst út í þörf fyrir BDSM-kynlíf, en hin ofursaklausa Anastasia (meira að segja nafnið er úr Disney-mynd) er ekki á því að gangast undir þær kröfur hans enda ljóst af ævintýrum og ástarsögum allra tíma að ástin sigrar allt á endanum. Áttatíu prósent af sögunni fara því í samningaviðræður þeirra á milli: hvað vill hann gefa eftir? Hversu langt er hún tilbúin að ganga til að mæta honum? Textinn er álíka banall og plottið og kynlífslýsingarnar frekar til þess fallnar að vekja hlátur en kynferðislegan æsing: „Ég styn þegar hann opnar mig, fyllir mig, munnur minn opinn af undrun yfir dásamlegri, frábærri, kveljandi, yfirfullri tilfinningunni“ (bls. 257). „Ég spring utan um hann, hvirflast inn í ákafa alltumlykjandi fullnægingu… hann stynur hátt og óskiljanlega þegar hann finnur lausn“ (bls. 457). Hverjum samförunum eftir aðrar er lýst nákvæmlega eins og verða þær lýsingar ansi leiðigjarnar. Hinar margauglýstu BDSM-kynlífssenur eru fáar og lýst á álíka uppskrúfaðan hátt. Pempíuskapurinn gengur svo langt að kynfæri eru varla nefnd á nafn, hann snertir hana „þarna niðri“ og hún finnur fyrir „honum“ inni í sér, eða tekur um „hann“. Þess á milli morar textinn í unglingslegum upphrópunum, „fjandinn hafi það“ kemur fyrir á nærri hverri síðu (holy crap á frummálinu) og Jesús er mikið ákallaður.

Persónurnar eru hreinar steríótýpur ástarsagnanna; bæði ung og fögur, hún óviss um sjálfa sig og klaufaleg, hann sjálfsöruggur og meðvitaður um áhrif sín á konur. Þróun þeirra í átt hvort til annars, hennar inn í myrkrið – hans fram í ljósið, er afskaplega ósannfærandi og á köflum veit lesandinn ekki hvort hann á að gráta eða hlæja yfir klisjusafninu. BDSM-ið sem svo mjög er veifað í auglýsingum og umræðu snýst aðallega um endalausar lýsingar á hlutverki undirlægju og drottnara, lýsingar á tólum sem eru notuð við slíkt kynlíf, herberginu sem Grey hefur innréttað til slíkra leikja og svo framvegis. Það er með ólíkindum að þessi bók hafi valdið þeim usla sem raun ber vitni. Þetta er hvorki mömmuklám né ömmuklám, þetta er í besta falli langömmuklám sem hefði getað verið skrifað á 19. öldinni.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Afskaplega hefðbundin ástarsaga, með lauflettu porn-ívafi, um góðu stúlkuna og þjáða manninn sem hún vill frelsa.



TINNA ÁSGEIRSDÓTTIR Segir eitthvað fyrir alla á hátíðinni, svo sem málstofur, upplestra og vinnustofur þar sem höfundar og fræðimenn bera saman bækur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bitastæðar barnabækur

**Barnabókmenntahátíðin Mýrin verður haldin í sjötta sinn í Norræna húsinu um helgina. Að þessu sinni er hátíðin helguð mat og birtingarmyndum hans í bókum – allt frá megrunum til mannáts.**

Barna- og unglingabókmenntahátíðin Úti í mýri verður haldin í sjötta sinn í Norræna húsinu 15. til 17. september. Yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni er Matur úti í Mýri en dagskráin er tileinkuð mat og matarmenningu í barna- og unglingabókum.

„Matur er oft til staðar í barnabókum og gegnir gjarnan ákveðnu hlutverki, þótt maður taki kannski ekki alltaf eftir því,“ segir Tinna Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri hátíðarinnar.

Hún segir dagskrá hátíðarinnar miðast við að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

„Dagskráin á laugardag er fyrir almenna áhugamenn um bókmenntir fyrir börn, þar á meðal málstofa þar sem rithöfundarnir Svein Nyhus, Sigrún Eldjárn og Ragnheiður Gestsdóttir ræða mat og græðgi, vini sem eru étnir og þá sem eiga það til að éta vini sína. Á sunnudag erum við með dagskrá fyrir börn frá þriggja ára aldri og upp úr, meðal annars upplestra og vinnustofur. Á mánudag verður svo fræðileg dagskrá þar sem sjö fræðimenn, íslenskir og erlendir, bera saman bækur sínar í tveimur málstofum.“

Alls leggja sjö erlendir rithöfundar og fjórir fræðimenn leið sína á hátíðina, auk íslenskra kollega þeirra, og eiga allir sameiginlegt að matur hefur skipað sess í verkum eða rannsóknum þeirra.

Tinna segir að vel hafi gengið að bóka erlenda gesti á hátíðina.

„Allir sem við höfðum samband við þáðu boðið nema þeir sem voru þegar búnir að bóka sig annars staðar. Ísland trekkir og barnabókahöfundar reyna yfirleitt að grípa tækifærið til að mæta á svona hátíðir enda eru þær af skornum skammti.“

Auk dagskrárinnar um helgina er boðið upp á tvær myndlistarsýningar í tengslum við hátíðina. Í Norræna húsinu er sýningin Matarlist í íslenskum barnabókum, þar sem til sýnis eru matartengdar myndir sautján íslenskra myndhöfunda. Í Borgarbókasafninu verða til sýnis myndir úr bókinni Í skóginum stóð kofi einn eftir þýska höfundinn Jutta Bauer.

Gjaldfrjálst er á alla viðburði hátíðarinnar en þeir sem vilja taka þátt í vinnustofum þurfa að skrá sig. Nánari upplýsingar má finna á myrin.is.

**bergsteinn@frettabladid.is**






GULLEYJAN Sýningin var sýnd fimmtíu sinnum fyrir fullu húsi í Hofi á Akureyri en sýningin hefur verið uppfærð og löguð að stóra sviði Borgarleikhússins.

# Uppfærð Gulleyja í Borgarleikhúsinu

Söngleikurinn Gulleyjan verður frumsýndur á Stóra sviði Borgarleikhússins á föstudag. Sýningin er samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Leikfélags Akureyrar og var sýnd í Hofi nærri fimmtíu sinnum á síðasta leikári. Sýningin hefur verið uppfærð og löguð að Stóra sviðinu og nokkrir nýir leikarar leyst aðra af hólmi.

Gulleyjan byggir á klassísku verki Roberts Louis Stevenson. Þar segir frá Jim, ungum manni sem fyrir tilviljun lendir á skipsfjöl með sjóræningjum á leið í Suðurhöf í fjársjóðsleit. Þar á meðal er skipskokkurinn Langi-Jón Silfur sem er ekki allur þar sem hann er séður.

Um leikgerð sáu þeir Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson en sá síðarnefndi er jafnframt leikstjóri verksins. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson semur tónlist en í helstu hlutverkum eru Björn Jörundur Friðbjörnsson, Sigurður Þór Óskarsson og Álfrún Örnólfsdóttir.

# Æfingar hafnar á Il Trovatore

Æfingar á haustuppfærslu Íslensku óperunnar, Il Trovatore eftir Giuseppe Verdi, hófust í vikunni.

Sýningin sætir tíðindum fyrir nokkrar sakir; þetta er í fyrsta sinn sem ópera ítalska meistarans er færð upp í tónlistarhúsinu Hörpu og þá kvað þetta vera í fyrsta sinn sem kona heldur um tónsprotann í óperuuppfærslu hjá Íslensku óperunni, en hljómsveitarstjóri er hin bandaríska Carol I. Crowford.

Il Trovatore verður frumsýnd 20. október en alls verða sýningarnar sex. Einvalalið úr bæði sönglist og leikhúsi kemur að uppfærslunni: barítónsöngvarinn Anooshah Golesorki syngur hlutverk Luna greifa í þremur sýningum á móti Tómasi Tómassyni, sem þreytir frumraun sína á sviði Scala-óperunnar í Mílanó síðar í haust. Í öðrum aðalhlutverkum er Jóhann Friðgeir Valdimarsson í hlutverki Manrico, Auður Gunnarsdóttir og Hulda Björk Garðarsdóttir í hlutverki Leonoru, Alina Dubik og Elsa Waage sem skipta með sér hlutverki Azucenu og Viðar Gunnarsson í hlutverki Ferrando. Leikstjóri er Halldór E. Laxness.



**IL TROVATORE** Einvalalið kemur að uppfærslunni. Fréttablaðið/Anton



Tónlist ★★★☆☆

**Tilraunamessa á Norrænu kirkjutónlistarmóti**

Ýmsir flytjendur

**Hallgrímskirkja, 7. september**

## Sveimsöngur og slæðudans

Ungverska tónskáldið Gyorgy Ligeti hélt eitt sinn frægan fyrirlestur um framtíð tónlistarinnar. Hann stóð í pontu og sagði ekki neitt. Áheyrendur héldu að hann væri fífl. Þeir urðu mjög reiðir. Á endanum var Ligeti tekinn með valdi og honum hent út.

En Ligeti meinti það sem hann sagði ekki: Framtíð tónlistarinnar væri svo óljós að það væri ekki hægt að segja neitt um hana. Kannski er framtíð kirkjutónlistar álíka þokukennd. Gagnrýnandi gæti t.d. sent frá sér auða grein um hana, en ég ætla þó ekki að gera það núna! Heldur segja frá messu í Hallgrímskirkju á föstudagskvöldið. Þar varð ég vitni að framtíðarsýn sem kannski á eftir að verða að veruleika.

Messan var hluti af Norrænu kirkjutónlistarmóti, sem fór hér fram um helgina. Mótið er haldið á fjögurra ára fresti á einu af Norðurlöndunum. Gildi þess fyrir hverja þjóð er að kynna fyrir hinum hvernig tónlist er verið að iðka í kirkjunum og hvernig hún er að þróast. Alls konar hugmyndir dúkka upp, og menn koma oft innblásnir til baka.

Óhætt er að segja að mikil gróska sé í kirkjutónlist á Íslandi. Það eru ótal sálmar samdir hér á hverju ári, sumir forkunnarfagrir. Stærri verk skjóta líka upp kollinum með reglulegu millibili.

Tónlistin í messunni á föstudagskvöldið var þó ekki eins formföst og sú sem maður heyrir á tónleikum. Hún var fyrst og fremst spuni. Vinnustofur höfðu verið haldnar um daginn, afraksturinn var opinberaður í kirkjunni.

Nokkrir organistar komu við sögu, og mér skilst að um stund hafi þrír verið að spila á orgelið á sama tíma. Klaisorgelið er mögnuð smíð, og þegar prestarnir gengu inn í kirkjuna var orgelspuninn svo kraftmikill og tignarlegur að hárin risu á höfði manns.

Orgelspuninn virkaði þó ekki alltaf. Spilið undir ritningarlestrunum var of fjölbreytilegt og stal athyglinni. Hér hefði einfaldleiki komið betur út.

Kórsöngurinn var athyglisverður. Kórmeðlimir virtust vera allir þátttakendur mótsins, um fimm hundruð manns að því er mér skilst. Söngurinn var kliðkenndur, og tók gjarnan á sig mynd liggjandi, en síbreytilegs hljóms. Þetta var ambient-tónlist, en hún er stundum kölluð sveimtónlist á íslensku. Sveimtónlist er algeng í slökunaræfingum. Hún skapaði heilmikið andrúmsloft í kirkjunni.

Auðvitað heppnast tilraunir ekki alltaf. Dansinn í messunni var dálítið skringilegur, hann samanstóð fyrst og fremst af handahreyfingum í tengslum við söng. Á tímabili var slæðum sveiflað um loftið. Það var ósköp tilgerðarlegt. En sveimsöngurinn einn og sér var flottur; vonandi verður meira um hann í messum hér á Íslandi í framtíðinni.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Spuni réð ríkjum í messu í Hallgrímskirkju, hann var stundum tilgerðarlegur og truflandi, en oftar fallegur og áhrifamikill.




# Sló í gegn á vefnum



Þessi norðurljósamynd eftir Fred Schalk var mynd dagsins á vef National Geographic hinn 31. ágúst og var einnig valin með bestu myndum þar í ágústmánuði. Hún er tekin við Hvassahraun á Reykjanesi og húsið sem þar sést blasir við frá veginum milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Hin gullna birta stafar frá götuljósum og húsum á höfuðborgarsvæðinu.

Þess má geta að Fred Schalk átti líka mynd sem kallaðist Gullteppi undir Eyjafjöllum og komst í úrslit í Sumarmyndakeppni Fréttablaðsins.

- gun

# Hreint borð Þorvaldar

Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og fulltrúi í stjórnlagaráði, hefur sent frá sér greinasafnið Hreint borð.

Í ritinu hefur Þorvaldur safnað saman greinum sem innihalda vangaveltur hans um hvaðeina sem viðkemur tilurð nýrrar stjórnarskrár. Að mati Þorvaldar er krafan um nýja og betri stjórnarskrá svo sjálfsögð „að þeir sem mótfallnir eru hugmyndinni, hljóta að hafa hagsmuna að gæta sem eru á skjön við það sem helst er til heilla fyrir almenning,“ eins og segir á bókakápu.

Greinarnar í ritinu hafa áður birst í Fréttablaðinu, DV og víðar og ná aftur til ársins 2008, þótt flestar séu frá því í fyrra og í ár.



**ÞORVALDUR GYLFASON** Hefur sent frá sér greinasafnið Hreint borð.

Eftir Þorvald liggja nítján bækur og á annað hundrað ritgerðir og bókarkaflar, innanlands sem utan.




# Veðráttan og sagan

**Hvernig veðrátta og saga fléttast saman er umfjöllunarefni Dr. Kirsten Hastrup prófessors, í opinberum fyrirlestri í Norræna húsinu á morgun, 14. september klukkan 17. Fyrirlesturinn nefnist „Den lille istid: Islands klima i historiens spejl og verður fluttur á dönsku.**

**Dr. Hastrup er prófessor í mannfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Doktorsritgerð hennar fjallaði um sögulega mannfræði Íslands og Íslendinga. Nú leiðir hún rannsóknir á umhverfis- og samfélagsbreytingum á norðurslóðum, einkum á Grænlandi.**

**Fyrirlesturinn er í boði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og er haldinn á fæðingardegi dr. Sigurðar Nordal. Allir eru velkomnir.**

- gun



**PRÓFESSORINN** Kirsten Hastrup varpar nýju ljósi á söguna í fyrirlestri sínum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 13. september**

### Fundir

**11.45** Framsóknarfélag Reykjavíkur stendur fyrir opnum hádegisfundi með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni á Grand Hótel. Þar mun hann fjalla um leiðir sem enn séu færar í skuldamálum fólks.

### Sýningar

**21.00** Óperusýningin Ráðskonuríki verður flutt á Café Rosenberg. Það er Alþýðuóperan sem setur verkið á svið á hátt sem aldrei hefur þekkst hérlendis. Miðaverð er kr. 2.500.

### Málþing

**15.00** Málþing um gildi grunnrannsókna á Íslandi á brjóstakrabbameini verður haldið í Hátíðasal Háskóla Íslands. Það er styrktarfélagið Göngum saman sem efnir til málþingsins sem er öllum opið og aðgangur ókeypis.

### Tónlist

**22.00** Hljómsveitin Spottarnir heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Efnt verður til rokk-tónleika í tilefni lækkandi sólar næstkomandi fimmtudag á Bar 11. Slímhljómsveitin Skelkur í bringu og dómsdagshljómsveitin Godchilla munu spila. Fólk er hvatt til að laumast inn og sitja undir borðum meðan á tónleikunum stendur en aðgangur er ókeypis.

### Bækur

**17.00** Märtha Louise Noregsprinsessa og Elisabeth Nordeng segja frá nýjustu bók sinni, Leyndarmál englanna, á veitingahúsinu Dill í Norræna húsinu. Þær munu einnig sitja fyrir svörum við spurningum gesta.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Sýndur heiður með vígslunni

Brynja Pétursdóttir danskennari var nýlega tekin inn í virtan waacking-danshóp í New York, The Imperial House of Waacking. Það var kennari hennar, Tyrone Procter, sem valdi hana í hópinn en hann tók þátt í að móta stílinn og hefur, að sögn Brynju, alið upp flottustu waacking-dansara í heimi.

„Mér var mikill heiður sýndur með þessari vígslu,“ segir Brynja og útskýrir að „húsið“, eins og danshópar waacking-stílsins eru kallaðir, teygi anga sína víðar en um Bandaríkin, svo sem til Kanada, Kóreu, Japans, Ítalíu og fleiri landa. Staða hennar í hópnum gefur henni rétt til að velja dansara í hann í framtíðinni og „stækka þennan nýja Íslandshluta“ eins og hún orðar það.

Brynja hefur dvalið erlendis í þrjá mánuði við æfingar í danslistinni, meðal annars í París. Þar kveðst hún hafa verið beðin að vera dómari í „vogueing“-keppni sem er einn af stílunum sem hún lærði í New York. „Það er í fyrsta skipti sem ég dæmi viðburð á erlendri grund,“ segir Brynja, sem nú er að undirbúa dansönnina hér heima, í Árbæ, Breiðholti, Hafnarfirði og í fyrsta skipti í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Meira um það inn á www.brynjapeturs.is. - gun



**GÖTUDANSARINN** „Í klúbbum í New York er dansað af hjarta og sál án þess að neyta dropa af áfengi,“ segir hún og kveðst hafa mætt þar annað hvert kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Smalar hipsterum saman

Mikið verður um dýrðir á skemmtistaðnum Dolly á laugardaginn en þá fer fram svokallaður hipstera-fögnuður. Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, heldur utan um viðburðinn sem er í tengslum við hina vinsælu vefsíðu hans Hverjir voru hvar.tumblr.com.

Plötusnúðurinn sívinsæli Danni Deluxx ætlar að sjá um að þeyta skífum en í tilkynningu segir að hann ætli sér að að spila Baltimore Club, Minimal, Juggalo Rap og „alls konar rugl sem enginn nennir að hlusta á“.

Hipsterar borgarinnar eru hvattir til að mæta í sínu fínasta pússi en gleðin hefst á slaginu 21.00.



**LOFAR GÓÐU STUÐI** Dóri DNA er vanalega með puttana á púlsinum og veit hverjir voru hvar en á laugardagskvöld stendur honum á sama á meðan sem flestir mæta í hipstera-partíið á Dolly. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BRAD PITT** Hjartaknúsarinn hefur mikinn áhuga á byssum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Öruggur með byssu

**Leikaranum Brad Pitt finnst hann ekki vera öruggur nema hann sé með byssu geymda einhvers staðar í húsinu sínu. „Byssur áttu þátt í stofnun Bandaríkjanna. Þær er hluti af genamengi okkar. Það er skrítið að segja frá því en mér líður betur ef ég á byssu. Annars finnst mér ég ekki vera öruggur og mér finnst heimilið ekki vera öruggt nema ég geymi eina þar,“ sagði Pitt í viðtali við Live, tímarit Daily Mail. Hann bætti við að hann hefði eignast sína fyrstu byssu þegar hann var aðeins sex ára.**

# Þreyttur í Toronto

Leikarinn Chris Evans er einn þeirra sem er viðstaddur kvikmyndahátíðina í Toronto. Hann er þar til að kynna myndina Iceman þar sem hann fer með hlutverk leigumorðingja.

Evans var orðinn þreyttur og lúinn þegar viðtalið átti sér stað, enda veitti hann fjölda viðtala dag hvern, og var því ekki skrafhreyfinn þegar blaðamaðurinn settist niður með honum. Þegar leikarinn var spurður út í daginn sinn kvaðst hann vera þreyttur og bætti við: „Ég hugsa með mér „Hverjum er ekki sama?“ Þetta er bévítans kvikmynd. Hún skiptir engu máli. Það er ekki eins og ég sé að bjarga mannslífum.“



**ÞREYTTUR** Chris Evans var þreyttur eftir stranga dagskrá á kvikmyndahátíðinni í Toronto.





# FAGNAÐU MEÐ OKKUR Í BREIDDINNI

Í ár er sannkallað afmælisár hjá BYKO. Fyrirtækið er 50 ára og verslunin okkar í Breiddinni er 10 ára. Í tilefni 10 ára afmælisins bjóðum við vörur á 10 ára verði, auk fjölda vara á ótrúlegu afmælisverði.

**Morgunverður**
Fimmtudag og föstudag bjóðum við upp á morgunkaffi og dýrindis bakkelsi kl. 8:00-10:30 í kaffihorninu okkar.

**Afmælisveisla**
Á laugardaginn höldum við upp á afmælið með 10 metra afmælisköku, pylsum og gosi fyrir gesti.

**Happdrætti**
Í tilefni afmælisins gefum við heppnum gestum stórglæsilega vinninga.

10 ÁRA
AFMÆLISVERÐ 590 kr.



Vnr. 70210023
BYKO trésög.

10 ÁRA
AFMÆLISVERÐ 1.442 kr.



KAPRO
Vnr. 49278150
KAPRO hallamál, 60 cm.

10 ÁRA
AFMÆLISVERÐ 390 kr.



KAPRO
Vnr. 49250519
KAPRO málband,
5 m, 19 mm, króm.

# VERSLUN BR

## ÓTRÚLEGT AFMÆLISVERÐ DAGANA 13. – 16. SEPTEMBER





## TAKTU ÞÁTT OG ÞÚ GETUR UNNIÐ!

**Í tilefni 10 ára afmælis BYKO Breidd gefum við heppnum gestum glæsilega vinninga.**

Skilaðu miðanum í þátttökukassa í BYKO Breidd. Þar með ertu komin(n) í pottinn og gætir átt von á glæsilegum vinningi.

| Vinningar: | Að verðmæti: |
|---|---|
| SUNWIND GASGRILL KANSAS 4000 | 119.900 kr. |
| STERLING GASGRILL 1716-3 | 49.900 kr. |
| BOSCH RAFHLÖÐUVÉL PSR 14,4V LI | 27.900 kr. |
| BOSCH RAFHLÖÐUVÉL PSR 10,8V LI-2 | 20.900 kr. |
| PHILIPS SENSEO KAFFIVÉL, BLÁ | 15.995 kr. |
| BOSCH TÖFRASPROTI 600W | 12.995 kr. |
| SODASTREAM JET | 12.949 kr. |
| RATTAN BISTRO SETT BORÐ OG 2 STÓLAR | 12.990 kr. |

AFMÆLISVERÐ 4.990 kr.



Vnr. 65103211
SINBO safa-pressa, 450W.
~~7.390 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 9.990 kr.



Vnr. 94990000
SODASTREAM JET tæki. Eitt gashylki og 1 l plast-flaska fylgja. Hylki dugar í 60 l af kranavatni.
~~12.949 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 1.990 kr.



Vnr. 58084790
Geymslubox, 52 l, svart.
~~3.125 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 11.990 kr.



Vnr. 50698063
NANIA RACER barnabíl-stóll fyrir 9-36 kg börn.
~~16.990 kr.~~

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
www.expo.is

# VÖRUR Á 10 ÁRA VERÐI*

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 2.590 kr.
Vnr. 50170181
Trappa, 3 þrep,
þolir 120 kg.

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 590 kr.
Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 1.990 kr.
Vnr. 49961650
ROASTER pottur.

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 3.995 kr.
Vnr. 38910040
Járnhillur,
100x40x188 cm.

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 1.990 kr.
Vnr. 68116116
LUX vinnuborð.

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 2.990 kr.
Vnr. 86620040
KÓPAL Glitra, hvít, 4 l.

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 5.900 kr.
BOSCH
Vnr. 74860500
BOSCH 500-RE borvél,
500 W, 13 mm sjálf-
herðandi patróna, stiglaus
hraðabreyting, ljós í hand-
fangi. Taska fylgir.

10 ÁRA — AFMÆLISVERÐ 990 kr./lm
Vnr. 16004101
Skipadregill, margir litir.

*Takmarkað magn - eitt stk. á viðskiptavin - Vörur á afmælisverði fást í verslun BYKO í Breidd á meðan birgðir endast.

# EIDD – 10 ÁRA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50

## SÝNISHORN AF ÖÐRUM FRÁBÆRUM AFMÆLISTILBOÐUM

AFMÆLISVERÐ 2.990 kr.
Vnr. 74800500
BAVARIA 500E höggborvél.
~~3.870 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 2.990 kr.
Vnr. 74092405
SKIL rafhlöðuskrúfvél, 3,6V.
~~6.999 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 1.290 kr./m²
Vnr. 0113450
Plastparket, Saragossa, eik, 7 mm,
3ja stafa, 192 x 1285 mm.
~~1.890 kr./m²~~

AFMÆLISVERÐ 29.990 kr.
Vnr. 10700200
Glass Akrýl baðkar
með fótum. 180x80 cm.
~~44.989 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 19.990 kr.
Vnr. 36000326
MOTORLIFT
bílskúrshurðaopnari.
~~23.990 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 4.990 kr.
Vnr. 85540083
BYKO innimálning, 10 l.
~~6.990 kr.~~

AFMÆLISVERÐ 5.990 kr.
Vnr. 15328667
GROHE TEMPEST
MONO sturtusett.
~~8.479 kr.~~

tonlist@frettabladid.is



**DÝRÐ Í DAUÐAÞÖGN** með Ásgeiri Trausta er plata vikunnar ★★★★

*„Hinn tvítugi höfundur lagsins Sumargestur á greinilega fullt af flottum lögum.“* -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# 50 ára sögu fagnað

Jamaíka fagnaði 50 ára sjálfstæði 5. ágúst sl. Af því tilefni voru haldin mörg góð partí, en um leið komu út nokkrir veglegir safnpakkar með tónlist frá eyjunni. Almennt er talað um að reggítónlistin hafi orðið til á seinni hluta sjöunda áratugarins, en rætur hennar liggja í ska og rocksteady sem komu fram nokkrum árum fyrr. Það má því segja að reggíið sé álíka gamalt og hin sjálfstæða Jamaíka.




**TVÖFALT AFMÆLI** Reggítónlistin er jafngömul sjálfstæði Jamaíku.

Þessir afmælissafnpakkar eru af öllum stærðum og gerðum. Ég nefni þrjá hér. Í fyrsta lagi er það lúxuspakkinn. Soundsystem: The Story of Jamaican Music er gefinn út af Island plötufyrirtækinu sem lengi hefur verið sterkt í reggítónlistinni og gaf meðal annars út tónlist Bobs Marley. Þetta eru átta diskar hlaðnir gæðaefni og glæsileg harðspjaldabók í stóru broti með myndum og texta. Verð: Yfir 20 þúsund krónur …

Næsti pakki er í millideildinni. Freedom Sounds er gefinn út af frægustu reggíútgáfu sögunnar, Trojan Records. Í honum eru fimm diskar og fimmtíu síðna bók. Mikið af góðri tónlist og áhersla lögð á að hafa bæði fræg lög og minna þekkt. Verð: Tæpar sjö þúsund krónur …

Síðasti pakkinn er svo þessi ódýri. Out of Many: 50 Years of Reggae Music er líka gefinn út af frægri útgáfu, VP Records. En þó að verðið sé ekki nema um tvö þúsund kall þá er innihaldið ekkert slor. Hugmyndin á bak við lagavalið er skemmtilega einföld: Á diskunum þremur í pakkanum eru fimmtíu lög, eitt frá hverju ári sögunnar. Sú aðferð hefur sína annmarka. Það segir sig sjálft að árin eru misgóð og það verður að sleppa miklu af góðu efni. Hún hefur hins vegar þann kost að með því að hlusta á þessa diska fær maður fimmtíu ára sögu og þróun reggítónlistarinnar beint í æð.

## Í SPILARANUM



The Vaccines - **Come of Age**



The Darkness - **Hot Cakes**



Cheek Mountain Thief - **Cheek mou**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

BOLTAVAKTIN

Staða og úrslit leikja í beinni



vísir - oft á dag



**LOKSINS NÝ PLATA** Brandon Flowers og félagar í The Killers senda loksins frá sér nýja plötu eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjögurra ára þögn rofin

**Rokkararnir í The Killers senda frá sér sína fjórðu plötu á þriðjudaginn eftir fjögurra ára hlé. Margir upptökustjórar aðstoðuðu við gerð Battle Born.**

Fjórða hljóðversplata Las Vegas-rokkaranna í The Killers, Battle Born, kemur út á þriðjudaginn. Fjögur ár eru liðin síðan Day & Age kom út en hún hafði að geyma hið vinsæla lag Human.

Söngvarinn Brandon Flowers og félagar fóru í átján mánaða tónleikaferðalag til að fylgja Day & Age eftir. Að henni lokinni árið 2010 ákváðu þeir að taka sér hlé um óákveðinn tíma. Gítarleikarinn Dave Keuning og bassaleikarinn Mark Stoermer höfðu báðir óskað eftir hvíld til að ná áttum og hlaða batteríin, enda úrvinda eftir mikla keyrslu, og að sjálfsögðu var orðið við því. Þrír af fjórum meðlimum The Killers nýttu tækifærið og gáfu út sólóplötur, eða Flowers, trymbillinn Ronnie Vannucci og Stoermer. Plata Flowers, Flamingo, fékk ágætar viðtökur og náði efsta sæti breska breiðskífulistans.

**15** The Killers hafa selt þrjár plötur sínar í yfir 15 milljónum eintaka.

Eftir að The Killers sneri aftur á svið og spilaði á hátíðinni Lollapalooza í Síle í apríl síðastliðnum var ákveðið að taka upp nýtt efni. Battle Born ber nafn með rentu því fæðing hennar gekk hægar fyrir sig en oftast áður. Nafnið Battle Born ber líka sama nafn og hljóðver The Killers í heimaborginni Las Vegas, auk þess sem orðin Battle Born eru á ríkisfána Nevada.

Hvað varðar upptökustjórn voru nokkrir þekktir kappar efstir á óskalista The Killers en enginn hafði tíma til að vinna heila plötu með sveitinni. Úr varð að margir stjórar komu að henni, þar á meðal Daniel Lanois sem hefur unnið með U2 og Bob Dylan, Steve Lillywhite, sem hefur einnig unnið með U2, Brendan O´Brien sem kom að upptökum Flamingo, og Stuart Price sem tók upp Day & Age ásamt meðlimum The Killers.

Útkoman er að sögn trommarans Vannucci ekta The Killers eins og þeir gerast bestir, án þeirrar tilraunastarfsemi sem einkenndi stundum Day & Age. Fyrsta smáskífulagið Runaway er einmitt þannig, týpískt The Killers-lag, grípandi og hresst.

Næstu tónleikar The Killers verða í Madrid á laugardaginn og svo í Los Angeles 26. september. Mánuði síðar hefst þriggja vikna tónleikaferð um Bretland og í janúar taka við fimm tónleikar á hátíðinni Big Day Out í Ástralíu.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 6. september - 12. september 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ► | 1 | Ásgeir Trausti | *Leyndarmál* |
| ▲ | 2 | Retro Stefson | *Glow* |
| ► | 3 | Moses Hightower | *Sjáum hvað setur* |
| ▲ | 4 | Muse | *Madness* |
| ▲ | 5 | Jónas Sigurðsson | *Þyrnigerðið* |
| ▲ | 6 | Pink | *Blow Me* |
| ▼ | 7 | Fun | *Some Nights* |
| ▲ | 8 | Þórunn Antonía | *So High* |
| ▲ | 9 | Keane | *Sovereign Light Café* |
| ▲ | 10 | Owl City / Carly Rae Jesper | Good Time |

## TÓNLISTINN

Vikuna 6. september - 12. september 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▼ | 2 | Eivör | *Room* |
| ► | 3 | Moses Hightower | *Önnur Mósebók* |
| * | 4 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▼ | 5 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▲ | 6 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | *Heim í heiðard.* |
| ► | 7 | Mannakorn | *Í blómabrekkunni* |
| ▲ | 8 | Mugison | *5 CD Pakki* |
| ▼ | 9 | Tilbury | *Exorcise* |
| ▲ | 10 | Ýmsir | *Pottapartý með Sigga Hlö* |

**Skýringar:**

► Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# Hártækjadagar

## ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á 20-50% AFSLÆTTI
AÐEINS Í NOKKRA DAGA

SLÉTTUJÁRN | BYLGJUJÁRN | VÖFFLU-JÁRN | HÁRKLIPPUR | KRULLUJÁRN | NEFHÁRASNYRTAR | BLÁSARAR | HITABURSTAR | RAKVÉLAR | KEILUJÁRN HITARÚLLUR | HÁRSNYRTAR | OG MARGT FLEIRA

Flottur kaupauki fylgir öllum Babyliss tækjum

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni





**LAS EKKI DÓMANA** Írski leikarinn Colin Farrell las ekki dómana sem birtir voru um síðustu mynd hans, Total Recall. Myndin féll hvorki í kramið hjá áhorfendum né gagnrýnendum. „Það var stórmál að lesa þá ekki. Það var þó ekki erfitt, ég bara las þá ekki,“ sagði leikarinn.

# Thor 2 í tökum

Byrjað er að skjóta framhaldsmyndina Thor: The Dark World í Bretlandi en myndin skartar þeim Chris Hemsworth, Natalie Portman, Kat Dennings og Anthony Hopkins í aðalhlutverkum.



**FRAMHALD** Chris Hemsworth og Anthony Hopkins eru nú í tökum á Thor 2 í Bretlandi.

Myndir af tökustað eru byrjaðar að hringsóla um internetið en þar má sjá heljarinnar bardagaatriði í bígerð. Reyndar voru aðalleikararnir sjálfir hvergi sýnilegir á tökustað en myndirnar frá tökustað þykja ávísun á að þessi mynd verði fjörugri en sú fyrri.

Það er Alan Taylor sem leikstýrir en hann er meðal annars frægur fyrir sjónvarpsþættina Game of Thrones.

Sögusagnir hafa gengið um að einhverjar senur í þessari framhaldsmynd um þrumuguðinn Þór eigi að taka upp hér á landi síðar á árinu en þær fregnir hafa ekki fengist staðfestar. Myndin verður frumsýnd í lok næsta árs.

# Fjórar ólíkar tónlistarmyndir

Fjórar mjög ólíkar heimildarmyndir um tónlist verða sýndar á Riff-hátíðinni sem hefst 27. september. Searching For Sugarman fjallar um þjóðlagasöngvarann Rodriguez sem tókst aldrei að slá í gegn þrátt fyrir góða dóma. Leikstjórinn Malik Bendjelloul hefur gert margar heimildarmyndir, meðal annars um Björk, Madonnu og U2.

Í Freddie Mercury - The Great Pretender er ferill söngvarans úr Queen tekinn fyrir. Meðal efnis eru sjaldséð viðtöl við Mercury og skyggnst á bak við tjöldin. Hápunktar í myndinni eru t.d. óútgefið lag sem hann gerði með Michael Jackson, auk prufuupptöku af laginu Take Another Piece of my Heart sem hann söng með Rod Stewart.

Draumur Wagner´s fjallar um erfiða uppsetningu Roberts Lepage á Niflungahring Richards Wagner í Metropolitan-óperunni í New York. Loks verður sýnd Parallax Sounds sem fjallar um tónlistina sem kom áður en „síðrokkhljómsveitir“ á borð við Mogwai og Sigur Rós skutu upp kollinum.

Þess má geta að Rómarborg hefur ákveðið að heiðra Riff-hátíðina með því að halda kvikmyndahátíð tileinkaða Riff og Íslandi. Hátíðin fer fram í Róm seinni hluta október og mun standa yfir í fimm daga.



**SEARCHING FOR SUGARMAN** Myndin fjallar um þjóðlagasöngvarann Rodriguez sem tókst aldrei að slá í gegn.



**Í BARÁTTUHUG** Will Ferrell og Zach Galifianakis fara með aðalhlutverkin í gamanmyndinni The Campaign. Þeir leika tvo einstaklinga sem eru í framboði og gera hvað sem er til að ná sigri.

# Í BARÁTTU UM VINSÆLDIR

**Gamanmyndin The Campaign verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin skartar þeim Will Ferrell og Zach Galifianakis í aðalhlutverkum.**

Gamanmyndin The Campaign skartar þeim Will Ferrell, Zach Galifianakis, Jason Sudeikis og Dan Aykroyd í aðalhlutverkum. Ferrell leikur þingmanninn Cam Brady sem hefur þegar setið nokkur kjörtímabil í Norður-Karólínu og vill sitja áfram og ætlar sér að sitja lengur. Þó eru til þeir sem vildu gjarnan skipta Brady út og þar á meðal eru persónurnar sem leiknar eru af Aykroyd og Lithgow. Þegar þeir sjá sér leik á borði tala þeir hinn einfalda Marty Huggins til í framboð. Sá veit í fyrstu ekki hvað hann á í vændum en kemst fljótlega að því að Brady svífst einskis í kosningabaráttu sinni og ákveður Huggins að svara í sömu mynt.

## FJÖLMENNT LIÐ GESTALEIKARA

- Fjölmiðlafólkið Wolf Blitzer, Piers Morgan, Bill Maher, Chris Matthews, Dennis Miller, Lawrence O'Donnell, Joe Scarborough, Mika Brzezinski og Willie Geist kemur allt fram í kvikmyndinni sem það sjálft.
- Hundurinn Uggie kemur einnig fram sem hann sjálfur í The Campaign. Uggi er af Jack Russell-kyni og þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndunum Mr. Fix It, Water for Elephants og The Artist.
- Næsta mynd Wills Ferrell er Anchorman: The Legend Continues. Þar bregður hann sér aftur í hlutverk fréttamannsins Rons Burgundy. Næsta hlutverk Zacks Galifianakis er einnig í framhaldsmynd. Hann snýr aftur sem Alan Garner í The Hangover Part III.

Gagnrýnendur virðast hrifnari af myndinni en hinn almenni áhorfandi og hefur myndin fengið misjafna dóma. Brandararnir eru sagðir standa fyrir sínu og þykja Ferrell og Galifianakis góðir í hlutverkum stríðandi frambjóðenda. Þó að um gamanmynd sé að ræða er henni ætlað að varpa ljósi á þá klæki og kænskubrögð sem sögð eru viðgangast í kosningabaráttunni vestra.

Leikstjóri myndarinnar, Jay Roach, er þaulvanur á þessu sviði því hann leikstýrði einnig myndunum um spæjarann Austin Powers, Meet the Parents, The Hitchhiker‘s Guide to the Galaxy, Borat og Bruno. Annar handritshöfundur myndarinnar, Chris Henchy, er þekktastur sem framleiðandi sjónvarpsþáttanna Entourage og Eastbound & Down. Hann er jafnframt stofnandi vefsíðunnar Funny or Die og kvæntur leikkonunni Brooke Shields.




# Vírus og veisla í bíóhúsunum

Fimmta Resident Evil myndin verður frumsýnd í kvikmyndahúsum á morgun. Þessi ber titilinn Retribution og er það sem fyrr Milla Jovovich sem fer með aðalhlutverkið. Alice, leikin af Jovovich, er eina von mannkynsins gegn bannvænum T-vírus frá Umbrella-samsteypunni. Vírusinn breytir fólki í uppvakninga sem nærast á holdi og er á góðri leið með að leggja undir sig heiminn. Gamlir vinir skjóta upp kollinum í myndinni auk þess sem Alice eignast nýja bandamenn í baráttu sinni. Myndin er sýnd bæði í þrívídd og tvívídd.

Norræn kvikmyndaveisla hefst í Bíói Paradís á morgun og stendur hún til 20. september. Sýndar verða allar fimm myndirnar sem eru tilnefndar til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Íslenska myndin Á annan veg er þar á meðal en hinar eru A Royal Affair frá Danmörku, Kompani Orheim frá Noregi, Kovasikajuttu frá Finnlandi og Play frá Svíþjóð.

Þetta verður sannkölluð veisluhelgi í Bíói Paradís því íranska verðlaunamyndin A Seperation verður einnig frumsýnd á morgun. Myndin vann meðal annars til Óskarsverðlauna fyrr á þessu ári sem besta erlenda myndin. Hún fjallar um hjón í Teheran sem þurfa að velja á milli þess að flýja Íran og reyna að búa sér til betra líf eða vera um kyrrt og annast aldraðan föður eiginmannsins sem er með Alzheimer. - trs



**HJÓNABAND Í ÖNGSTRÆTI** Íranska Óskarsverðlaunamyndin A Seperation fjallar um hjón í Íran sem eru ósammála um hvaða ákvarðanir skuli taka um framtíðina. Hún hefur hlotið einstaklega góða dóma um allan heim.

## Lenovo E530

- Intel Pentium B960 2,2GHz örgjörvi
- 15,6" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 500GB diskur
- Intel HD graphics 3000 skjákort

Verð: 109.900 kr.

**Tilboð: 99.900 kr.**




# ÞRIGGJA ÁRA ÁBYRGÐ!

## Bæði til fyrirtækja og einstaklinga

Þriggja ára ábyrgð á vélbúnaði og eins árs ábyrgð á rafhlöðu

### Lenovo E330

- Intel Core i3 2370M 2,4GHz örgjörvi
- 13,3" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 500GB diskur
- Intel HD graphics 3000 skjákort

**Verð: 124.900 kr**

### Lenovo E530

- Intel Core i5 3210M 2,5GHz örgjörvi
- 15,6" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 750GB diskur
- nVIDIA GeForce GT630M 2GB skjákort

**Verð: 159.900 kr.**

### Lenovo E330

- Intel Core i5 3210M 2,5GHz örgjörvi
- 13,3" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 500GB diskur
- nVidia GeForce GT630M 2GB skjákort

**Verð: 149.900 kr.**

**Viltu dreifa greiðslum?**

6 mánaða vaxtalaus lán fyrir handhafa VISA. 3,25% lántökugjald og 320 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

Brandenburg

lenovo

Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is

NÝHERJI



**31 ÁRS** er söngkonan Jennifer Hudson sem sló í gegn í American Idol-þáttunum og vann einnig til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Dreamgirls árið 2006.



**OF MONSTERS AND MEN** Hljómsveitin hefur setið í efsta sæti Tónlistans í átján vikur samfleytt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Of Monsters setur nýtt met

Fyrsta plata Of Monsters and Men, My Head Is an Animal hefur sett nýtt met á Tónlistanum, samkvæmt Félagi hljómplötuframleiðenda. Hún hefur setið í efsta sæti þessa íslenska sölulista samanlagt í átján vikur, sem er lengri tími en nokkur önnur plata hefur setið frá því listinn var fyrst birtur.

My Head Is an Animal kom út 20. september í fyrra hér á landi og hefur selst í um sautján þúsund eintökum. Hún slær fyrra met Helga Björnssonar og Reiðmanna vindanna og Mugisons sem báðir náðu sautján vikum. Helgi Björns sat reyndar samfleytt í sautján vikur á toppnum en ekki Mugison.

Tónlistinn er unninn fyrir Félag hljómplötuframleiðenda samkvæmt sölugögnum frá verslunum Skífunnar, Eymundsson, Bókabúð Máls og menningar, Hagkaupum, 12 tónum, Bónus, Smekkleysu og Tónlist.is.

## NOKKRAR SÖLUHÆSTU PLÖTUR TÓNLISTANS

**18 vikur:** Of Monsters and Men - My Head Is an Animal
**17 vikur:** Helgi Björns & Reiðmenn vindanna - Þú komst í hlaðið
**17 vikur:** Mugison - Haglél
**14 vikur:** Bubbi - Frelsi til sölu
**13 vikur:** Nirvana - Nevermind
**13 vikur:** Papar - Þjóðsaga
**12 vikur:** Sálin Hans Jóns Míns - Garg
**11 vikur:** Emilíana Torrini - Fisherman's Woman






**VILJA FRÆGÐ** Kylie og Kendall Jenner vilja stærri hlutverk í raunveruleikaþáttunum um Kardashian-fjölskylduna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hætta í skóla fyrir frægð

**Yngri systur Kardashian-systkinanna, Kylie og Kendall Jenner, hafa ákveðið að hætta í gagnfræðaskóla til að geta betur einbeitt sér að sjónvarpsferli sínum.**

**Systurnar eru fimmtán og sextán ára gamlar og vilja heldur fá heimakennslu en að ganga í skóla, svo þær geti betur sinnt frægðinni.**

**Kendall hefur verið að reyna fyrir sér sem fyrirsæta og báðar vilja systurnar stærri hlutverk í raunveruleikaþættinum Keeping Up With The Kardashians.**

**Áður höfðu systurnar sagt að skólinn væri eina tenging þeirra við raunheiminn og vinina.**



**EIGNUÐUST TVÍBURA** Anna Paquin og Stephen Moyer eignuðust tvíbura fyrir skemmstu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eignuðust tvíbura

Leikararnir Anna Paquin og Stephen Moyer eignuðust tvíbura fyrir skemmstu. Börnin fæddust nokkrum vikum fyrir tímann en öllum heilsast vel.

Paquin og Moyer kynntust við tökur á sjónvarpsþáttunum True Blood og gengu í hjónaband í ágúst árið 2010. Moyer á fyrir dótturina Lilac og soninn Billy.

„Við getum staðfest að Paquin og Moyer hafa eignast tvíbura. Börnin fæddust nokkrum vikum fyrir tímann en heilsast vel og foreldrarnir eru himinlifandi," sagði í tilkynningu frá talsmanni parsins.



**JACK WHITE** Tónleikahöldurum varð ekkert ágengt í að lokka rokkarann til landsins.

# White ekki til Íslands

Bandaríski tónlistarmaðurinn Jack White er ekki á leiðinni til Íslands í nóvember eins og vangaveltur höfðu verið uppi um. Tveir tónleikahaldarar höfðu reynt að lokka White til landsins í nokkurn tíma en hvorugum varð ágengt.

White hafði áhuga á að heimsækja Ísland í annað sinn en hann spilaði með The White Stripes í Laugardalshöll árið 2006 við góðar undirtektir. Ein af ástæðunum fyrir því að rokkarinn kemur ekki til landsins er að hann er vanur að ferðast með græjurnar sínar þangað sem hann spilar en of dýrt þótti að fljúga með þær allar til Íslands. **- fb**



**EMMA WATSON** Leikkonan er „hættulegasta“ stjarnan á netinu.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Hættulegust á internetinu

Harry Potter-leikkonan Emma Watson hefur verið valin „hættulegasta“ stjarnan á netinu. Nafnið hennar er oftast notað af glæpamönnum á netinu sem vilja plata netverja til að hala niður vírusa eða vilja ná af þeim persónulegum upplýsingum.

Samkvæmt könnun fyrirtækisins McAfee, sem sér um netöryggi, eru líkurnar einn á móti átta að vandræði fylgi nafninu Emma Watson ef því er slegið upp á netinu. Á síðasta ári var ofurfyrirsætan fyrrverandi, Heidi Klum, efst á lista sem „hættulegasta“ stjarnan.

# Spilaður í New York

Söngvarinn sæti Daníel Óliver gaf út sitt nýjasta lag, DJ Blow My Speakers á dögunum. Lagið hefur verið að gera góða hluti í Evrópu og meðal annars fengið góða umfjöllun á vefmiðlum að undanförnu. Það virðist þó ætla að verða vinsælt utan heimsálfunnar líka því útvarpsstöðin SiriusXM í New York spilaði lagið í gær. Daníel er búsettur í Svíþjóð en heldur til London í lok mánaðarins til að halda þar tónleika.



**DANÍEL ÓLIVER** Lag Daníels, DJ Blow My Speakers var spilað í New York í gær.

# Pitsur með kolkrabba og jógúrt

„Þetta eru tæplega eitt hundrað áleggstegundir. Þú getur fengið nánast hvað sem er, til dæmis kolkrabba, snigla, kalkún og jógúrt,“ segir Þorleifur Jónsson, eða Tolli, eigandi pitsustaðarins La Luna við Rauðarárstíg.

Þar hefur hann undanfarið rekið ítalskan veitingastað með pastaréttum í bland við pitsur. Núna hefur Tolli ákveðið að einbeita sér að pitsunum og er hann þegar búinn að segja kokkinum sínum upp. Framandi áleggstegundir verða í boði sem Tolli hefur verið að þróa áfram síðan hann seldi Eldsmiðjuna fyrir fimm árum eftir að hafa átt staðinn í þrettán ár og gert hann landsþekktan. „Ég hef alltaf verið svolítið á undan minni samtíð með þetta,“ segir hann um áleggstegundirnar og bætir við að kominn hafi verið tími á breytingar. „Aðsóknin í pitsuna varð alltaf meiri og meiri og svo fengum við verðlaun í Grapevine fyrir bestu pitsuna. Í dag vantar svona stað fyrir fullorðið fólk.“

Tolli samdi á sínum tíma við kaupendur Eldsmiðjunnar um að halda sig fjarri veitingabransanum í fimm ár. Núna eru þau liðin og Tolli ætlar að koma sterkur til baka. Líklegt er að nýi matseðillinn verði kynntur á mánudaginn. Að sögn Tolla verður sú nýbreytni í boði að viðskiptavinir geta pantað pitsur til sín út í bíl. Einnig er líklegt að hægt verði að fá heimsenda þá fáu pastarétti sem verða í boði.

En hvernig smakkast eiginlega kolkrabbapitsa? „Hún er bara allt í lagi. En hún er öðruvísi og það eru ekki margir sem myndu vilja hana.“ **-fb**



**PITSAN Í OFNINN** Þorleifur Jónsson býður upp á hátt í eitt hundrað áleggstegundir á staðnum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**AFTUR TIL ÍSLANDS** DeAnne Smith er að koma til Íslands í annað sinn á skömmum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# GÓÐUR HÚMOR Á ÍSLANDI

**DeAnne Smith, bandarískur uppistandari, er stödd hérlendis í annað sinn. Hún segir Íslendinga vera með gott skopskyn en það taki tíma að kynnast þeim.**

DeAnne Smith er búsett í Montreal í Kanada. Síðan hún byrjaði í uppistandi árið 2005 hefur hún slegið í gegn, verið einn af helstu uppistöndurum Montreal og komið fram í þættinum Last Comic Standing á sjónvarpsstöðinni NBC og á The Comedy Network. Hún hefur troðið upp úti um allan heim við góðar undirtektir. Fyrr á þessu ári dvaldi hún í fjóra mánuði í Ástralíu og núna er hún nýkomin frá Edinborg í Skotlandi þar sem hún skemmti heimamönnum í einn mánuð.

Þetta er í annað sinn sem Smith heimsækir Ísland og hlakkar hún mikið til að stíga á svið á Gamla Gauknum í kvöld og Gamla Kaupfélaginu á Akranesi annað kvöld en í fyrra skemmti hún á Sódómu. „Ég skemmti mér mjög vel þegar ég kom hingað í fyrra. Það er alltaf gaman að vera með uppistand á nýjum stöðum og sjá hvernig viðbrögð áhorfenda verða.“

Aðspurð telur hún Íslendinga vera með gott skopskyn. „Ég held að það taki dálítinn tíma að kynnast Íslendingum. Kannski þess vegna var ég forvitin að koma hingað aftur,“ segir Smith, sem er þegar búin að ákveða að heimsækja Ísland í þriðja sinn á næsta ári. „Mín tilfinning er að um leið og þú kynnist Íslendingum séu þeir mjög opnir og skemmtilegir. En það er stór múr sem þarf að brjóta þangað til sú stund rennur upp. Ég er sjálf mjög opin manneskja og brosi alltaf til fólks úti á götu. Þangað til maður kynnist Íslendingum fær maður stundum kuldalegt augnaráð frá þeim á móti.“

Uppistand Smiths kallast Living the Sweet Life. „Ég ætla að segja sögur af því sem hefur gerst í lífi mínu undanfarið ár. Svo spila ég kannski á ukulele og kem eflaust með ýmsar athugasemdir um Ísland og Reykjavík sem fólk hefur vonandi gaman af.“

freyr@frettabladid.is



# Feðgar aftur til Toronto

Feðgarnir Óskar og Pan Thorarensen, sem skipa rafdúettinn Stereo Hypnosis, spila á lista- og raftónlistarhátíðinni Harvest Festival í Kanada á föstudaginn.

Hátíðin er haldin 240 kílómetra norður af Toronto og státar jafnan af frambærilegum listamönnum hvaðanæva að úr heiminum. Stereo Hypnosis spilaði einnig á hátíðinni í fyrra við góðan orðstír. Harvest Festival er nú stærri í sniðum og umfangsmeiri en árin á undan.

Reykjavík Loftbrú kemur til móts við feðgana varðandi flugið. Þar að auki munu Hið íslenska reðursafn, Íslensk hollusta og Hraun í Ölfusi Söl styrkja hljómsveitina á löngu ferðalagi sínu.

# Þú og ég og Móses spila

Diskótvíeykið Þú og ég heldur dansleik í Iðnó ásamt Moses Hightower á föstudagskvöld. Hljómsveitirnar komu fyrst saman á Innipúkanum um nýliðna verslunarmannahelgi og þótti samstarfið heppnast með eindæmum vel.

Moses Hightower stígur fyrst á svið og leikur lög af nýútkominni hljómplötu sinni, Annarri Mósebók. Í kjölfarið stíga svo Helga Möller og Jóhann Helgason á svið og gera allt vitlaust við undirleik Moses Hightower. Meðal laga á efnisskránni verða Þú og ég, Í Reykjavíkurborg, Villi og Lúlla, Dans dans dans og Ljúfa líf.



**ÞÚ OG ÉG** Diskótvíeykið syngur í Iðnó á föstudaginn.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
POWERSÝNING KL. 10
BOURNE LEGACY
ÍSL TAL!
60.000 MANNS! ÍSL TEXTI
Intouchables

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | 7, 10(P) | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | 8, 10.10 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 6 | L |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8, 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
„Spennandi og öðrvísi mynd.
FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ
FROST
THE BOURNE LEGACY
INSANELY FUNNY. BEST COMEDY OF THE YEAR!
HIT & RUN
FRÁ FRAMLEIÐENDUM „WEDDING CRASHERS“ KEMUR FRÁBÆR GRÍN SPENNUMYND ! BRADLEY COOPER ÚR HANGOVER FER Á KOSTUM.
YFIR 64.000 GESTIR
„Maður verður að sja þessa mynd aftur,
THE DARK KNIGHT RISES
STÆRSTA MYND WB ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI
Frá Framleiðendum Toy Story 3, Finding Nemo og Up.
BRAVE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 - 11 | 2D | 16 |
| FROST LUXUS VIP | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | VIP |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | VIP |
| HIT AND RUN | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HIT AND RUN | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 - 11 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP: REVOLUTION | KL. 5:40 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 16 |
| HIT AND RUN | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is
THE BOURNE LEGACY
LÚXUS
Ávaxtakarfan
HEILNÆMT FJÖR FYRIR ÞAU YNGSTU -H.V.A., FBL
EXPENDABLES 2
60 ÞÚSUND GESTIR
Intouchables

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 4 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 5.40 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 2D | KL. 3.30 | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 6 - 9 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
EIN SÝNING Á MÁNUÐI AÐ EIGIN VALI INNIFALIN AUK MARGSKONAR ANNARRA FRÍÐINDA!
bioparadis.is/klubburinn
TILNEFND TIL KVIKMYNDAVERÐLAUNA NORÐURLANDARÁÐS
STÆRSTA MYND DANA Á ÞESSU ÁRI
KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)
FIMMTUDAGUR: KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 20:00, 22:40 ■ ELLES (ÞÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 22:20 ■ HRAFNHILDUR 20:00, 22:00 ■ FJALLKONAN HRÓPAR Á VÆGÐ 18:00
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# EITT ÞAÐ BESTA FRÁ

# Panasonic




Panasonic TXL42E5Y

**159.990**

ÁÐUR **189.990**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Official 3D Equipment Partner
Panasonic



**ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐIÐ** í handbolta hefur formlega undirbúning sinn fyrir EM í handbolta (í byrjun desember í Serbíu) í dag þegar liðið mætir Ungverjalandi í fyrsta leik sínum á fjögurra þjóða æfingamóti í Tékklandi. Íslensku stelpurnar mæta Slóvakíu á morgun og svo Tékklandi á laugardaginn. Ágúst Þór Jóhannsson valdi 16 leikmenn og aðstoðarmaður hans í þessu verkefni er Hilmar Guðlaugsson, þjálfari kvennaliðs HK þar sem Gústaf Adolf Björnsson komst ekki í þessa ferð.



**UTAN VALLAR**
**Henry Birgir Gunnarsson**
segir sína skoðun

# Upp með hausinn og áfram gakk!

Íslenskir knattspyrnuáhugamenn eru búnir að fara allan tilfinningaskalann síðustu daga. Fyrst vannst frábær sigur á Norðmönnum, sem hleypti mestu bjartsýnismönnum á mikið flug, en í kjölfarið fylgdi skellur á Kýpur sem kom öllum niður á jörðina.

Þó svo tapið gegn Kýpur hafi verið sárt og leikurinn hreinasta hörmung hjá íslenska liðinu þá eru knattspyrnuáhugamenn almennt jákvæðir fyrir íslenska liðinu. Það er líka full ástæða til.

Liðið er komið með reyndan og góðan þjálfara sem allir leikmenn lofa í hástert fyrir mikla fagmennsku. Fagmennsku sem hafi ekki verið til staðar hjá fyrri þjálfurum. Honum við hlið er frábær íslenskur þjálfari, Heimir Hallgrímsson, sem lætur til sín taka í hópnum og einnig við að rífa upp áhuga landans á liðinu á ný.

Heimir kom að endurlífgun stuðningsmannaliðs landsliðsins, Tólfunnar, og hefur mætt til þeirra fyrir leiki með töflufund. Til mikillar fyrirmyndar.

Landsliðið okkar er líka skipað afar lofandi leikmönnum. Gullkynslóð sem þarf að hlúa vel að. Hæfileikaríkir strákar með mikið sjálfstraust. Strákar sem hafa trú á sjálfum sér, liðinu og ætla sér stóra hluti. Þetta eru þó ekki reynslumiklir menn og þeir munu stíga feilspor eins og á Kýpur.

Strákarnir hafa þess utan jákvætt viðhorf, koma vel fram og gefa af sér. Á því hefur verið vöntun eins og mörgu öðru undanfarin ár í kringum landsliðið. Viðhorf drengjanna og annarra í hópnum hefur mælst afar vel fyrir, smitast í knattspyrnuáhugamenn sem aldrei þessu vant sköpuðu flotta stemningu á leiknum gegn Noregi.

Ég var hundfúll yfir tapinu gegn Kýpur og með spilamennsku liðsins. Það er fullkomlega eðlilegt. Leikurinn var skelfilegur og þar fór mjög gott tækifæri til þess að fá algjöra draumabyrjun á undankeppni HM.

Björtu hliðarnar eru þó þær að liðið er komið nú þegar með þrjú stig og situr í öðru sæti riðilsins þrátt fyrir allt. Það er svo fullt af stigum eftir í pottinum. Þess utan á liðið möguleika gegn öllum sínum andstæðingum í þessum riðli.

Þetta unga lið hefur alla burði til þess að gera það gott í riðlinum og mun vonandi læra af leiknum og tapinu á Kýpur. Það er engin ástæða til þess að leggjast niður og væla.

Ég veit að strákarnir gefast ekki upp og munu mæta tvíefldir til leikjanna í næsta mánuði. Þá gefast ný tækifæri. Með áframhaldandi góðum stuðningi áhorfenda og jákvæðu hugarfari leikmanna er von á fleiri stigum.

Það tekur tíma að byggja upp nýtt lið á brunarústum þess gamla þar sem víða var pottur brotinn. Því segi ég upp með hausinn og áfram gakk.

Ég hef tröllatrú á þessu verkefni enda margt jákvætt í gangi innan sem utan vallar. Ég vona að fleiri geri það líka og sýni hug sinn í verki með því að styðja liðið áfram. Áfram Ísland!



# Betur má ef duga skal

**Í vikunni var fjárlagafrumvarp lagt fram á Alþingi fyrir næsta ár. Framlag til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands eykst frá síðasta ári en mun meira þarf til ef hlúa á almennilega að íslensku íþróttalífi, segir framkvæmdastjóri ÍSÍ.**

**ÍÞRÓTTIR** Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fær samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi 154,2 milljónir króna til að standa að rekstri sínum á næsta ári. Undir þann hatt fellur rekstur allra sérsambanda auk þess sem ÍSÍ þarf að taka þátt í miklum kostnaði vegna ýmissa verkefna, bæði hérlendis og ytra. Framlag ríkisstjórnarinnar hækkar um tæpar sex milljónir á milli ára en Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, segir að mun meira þurfi til.

„Stór hluti upphæðarinnar er eyrnamerktur fyrir sérsambönd og ýmis verkefni," segir Líney og á þar við ýmis Ólympíumót ytra sem og heilsuverkefni á Íslandi, svo sem Lífshlaupið og Kvennahlaupið. „Það sem eftir stendur fyrir rekstur ÍSÍ er um 75 milljónir. Sú upphæð þyrfti að vera nærri 100 milljónunum."

**Ferðasjóðurinn minnkar**

Tveir sjóðir á vegum ÍSÍ fá framlag frá ríkisvaldinu – ferðasjóðurinn, sem fær 52,7 milljónir og afrekssjóðurinn sem fær 34,7 milljónir. Framlag í ferðasjóð minnkar um tólf milljónir frá síðasta ári en framlag í afrekssjóðinn stendur í stað.

„Ég veit að íþróttafélög úti á landi hafa miklar áhyggjur af því að það er ekki betur hugað að ferðakostnaði því hann hefur sligandi áhrif á mörg þeirra. Sum hafa rætt um þann möguleika að draga úr ferðalögum og hætta jafnvel þátttöku í mótum vegna þess," segir Líney.

**Sami styrkur í áratug**

Framlag í afrekssjóðinn var á síðasta ári aukið um tíu milljónir. Sjóðnum er deilt á milli þeirra íþróttamanna sem fá afreksstyrk fyrir að leggja stund á sína íþrótt. Líney segir að þrátt fyrir aukninguna í fyrra sé langur vegur frá því að sjóðurinn sé nógu stór.

„Við vitum vel að peningar leysa ekki öll vandamál en það þarf samt að hafa nóg til að geta sinnt afreksstarfinu vel. Ég tel að 100 milljónir þurfi til þess," segir Líney.

A-styrkur úr afrekssjóði nemur 160 þúsund krónum á mánuði og hefur sú upphæð ekki breyst í um áratug. Íþróttamenn geta þó aðeins notað þá upphæð til að fá endurgreiddan útlagðan kostnað við keppnis- og æfingaferðalög. Frá ÍSÍ, og þar með ríkisvaldinu, fer ekki ein króna í framfærslu afreksíþróttamanna sem þurfa að leita annað til að geta greitt fyrir húsnæði, bensín, mat og fatnað svo eitthvað sé nefnt.

„Þetta er sá veruleiki sem við búum við í dag. Auðvitað vildum við gjarnan koma til móts við aðra kostnaðarliði en bara þá sem snúa að æfingum og keppnum en það er ekki hægt í dag," segir Líney.

Til samanburðar má nefna að Skáksamband Íslands fær 20,1 milljón af næstu fjárframlögum. Launasjóður stórmeistara í skák fær 19,3 milljónir og Skákskóli Íslands 8,1 milljón. Samtals 47,5 milljónir.

**Vantar launasjóð fyrir íþróttafólk**

„Ég er ekki hrifin af að fara í samkeppni við aðrar greinar með því að bera saman okkar kostnað og annarra. En það er til launasjóður fyrir stórmeistara í skák svo þeir geti helgað sig skáklistinni. Ég tel að svipaður launasjóður fyrir afreksmenn í íþróttum væri viðeigandi," segir Líney.

Frumvarpið fer nú í gegnum þrjár umræður á alþingi. Líney staðfestir að forráðamenn ÍSÍ vonist til að geta nýtt tímann til viðræðna við ríkisstjórnina um hærra framlag en það sem kemur fram í frumvarpinu.

eirikur@frettabladid.is



**ÞARF MEIRA TIL** Ásdís Hjálmsdóttir er eini íþróttamaðurinn sem er á A-styrk úr afreksíþróttamannasjóði ÍSÍ. Hún náði frábærum árangri á Ólympíuleikunum í London nú fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Auðvitað vildum við gjarnan koma til móts við aðra kostnaðarliði en bara þá sem snúa að æfingum og keppnum en það er ekki hægt í dag.
>
> **LÍNEY RUT HALLDÓRSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSÍ

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Aron Jóhannsson er með tvöfaldan ríkisborgararétt og er gjaldgengur í bandaríska knattspyrnulandsliðið:

# Íslenska landsliðið er enn efst á lista Arons

**FÓTBOLTI** Framherjinn Aron Jóhannsson vakti á dögunum mikla athygli þegar hann skoraði sex mörk í aðeins tveimur leikjum með AGF í dönsku úrvalsdeildinni. Í fyrri leiknum skoraði hann þrennu á tæpum fjórum mínútum sem er met. Afrek hans vöktu víða athygli, ekki síst í Bandaríkjunum þar sem Aron er fæddur.

Aron á íslenska foreldra en þar sem hann fæddist vestanhafs er hann með tvöfaldan ríkisborgararétt. Hann á enn eftir að spila A-landsleik og þar til hann verður valinn í annað landsliðið er hann gjaldgengur í bæði.

New York Times, eitt stærsta dagblað Bandaríkjanna, hafði samband við Aron og birti við hann viðtal um þetta. Hann segir að það hafi óneitanlega verið sérstakt. „Það er búið að gera ansi mikið úr þessu en þetta sýnir að maður er að gera eitthvað rétt. Það er gaman að þessu en ekkert meira en það," sagði Aron við Fréttablaðið í gær.

„Ég hafði aldrei íhugað að spila fyrir Bandaríkin. Frá því að ég byrjaði að spila fótbolta hefur mig alltaf langað til að spila með íslenska landsliðinu. Það hefur ekkert breyst," segir hann ákveðinn.

„Ég er tilbúinn að bíða eftir mínu tækifæri enda veit ég vel að það eru sterkir leikmenn á undan mér eins og er. Það má jafnvel velta því fyrir sér hvort Ísland eigi betri sóknarmenn en Bandaríkin í dag. Ég þarf bara að halda áfram að vinna í mínum málum, bæta mig og vonandi mun Lars [Lagerbäck, landsliðsþjálfari] kíkja á mig einn daginn."

Aron á nú eitt ár eftir af samningi sínum við AGF en þar hefur hann verið síðan 2008. Aron, sem verður 22 ára síðar á árinu, er þó ekki að stressa sig á framtíðinni.

„Umboðsmaður minn sér alfarið um þessi mál. Ég mæti bara á æfingar og reyni að sparka í bolta. Auðvitað hef ég fengið meiri athygli en vanalega síðustu vikurnar en þetta voru bara tveir leikir – þeir telja lítið ef ég stend mig ekki núna. Ég mun því einbeita mér áfram að því að spila eins vel og ég get."

- esá



**ARON JÓHANNSSON** Hér í leik með íslenska U-21 landsliðinu.


KSÍ
Miðasala á
midi.is
kr. 1.000 fyrir
17 ára og eldri
Ókeypis fyrir
16 ára og
yngri
EM KVENNA 2013
ÍSLAND - N. ÍRLAND
Á LAUGARDAG KL. 16:15
STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STELPUNUM OKKAR!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!
Alltaf í boltanum með KSÍ
BORGUN
Lengjan
ICELANDAIR
Coca-Cola

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**32.261** **BLEIKJA** hefur veiðst að meðaltali á síðustu tíu áru.

**25.436** **BLEIKJUR** veiddust sumarið 2011 sem er 21,2% undir tíu ára meðaltali.

# Þekkt að bleikju fjölgi þegar laxi fækkar

**Þorri veiðimanna er upptekinn af því að laxveiðin hefur ekki staðist væntingar. Hins vegar berast víða að fregnir af betri sjóbleikjuveiði en mörg fyrri ár. Þessi þróun hefur sést áður við íslenskar ár.**



**VIÐ HRÚTAFJARÐARÁ Í SUMAR** Vatnsleysi hefur svo gott sem eyðilagt laxveiðisumarið í Hrútafjarðará en þykkar sjóbleikjutorfur hafa haldið veiðimönnum heitum. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

Það liggur þegar fyrir að veiðisumarsins 2012 verður minnst fyrir litla laxveiði í mörgum af gjöfulustu ám landsins. Þetta hefur verið fyrsta og síðasta mál á dagskrá í öllum veiðihúsum í sumar, en lokasvör um ástæður þessa fást þó seint. Ekki verður horft fram hjá öfgum í veðri í þessu samhengi; er skemmst að minnast þess að þeir sem hafa haldið til veiða á Norðausturlandi glímdu lengst af í sumar við vatnsleysi og sólarbrækju en þeir sem veðjuðu á haustveiðina hrökklast undan snjóbyl. Fyrir undirrituðum er það allavega nýtt í byrjun september að á heimasíðum veiðifélaga séu veiðimenn hvattir til kynna sér færð á vegum áður en haldið er af stað.

**Góðar fréttir!**

Á sama tíma berast fréttir af góðri sjóbleikjuveiði, en af henni hafa menn haft töluverðar áhyggjur að undanförnu. Svo rammt kveður að þessu að þeir sem hafa farið til laxveiða snúa sér að nokkru leyti að bleikjunni, og hafa veitt vel. Má þar nefna Vatnsdalsá og Víðidalsá; landskunnar laxveiðiperlur en ekki síður frábær silungsveiðisvæði.

„Við erum að sjá meira af fiski í sumar en í langan tíma. Við erum að fá miklu meira af bleikju. Á móti kemur að laxinn hefur lítið sem ekkert látið sjá sig, en það er enginn missir að honum,“ segir Bergþór Þ. Pálsson, verslunarstjóri Veiðiflugunnar á Reyðarfirði, sem annast umsýslu fyrir Norðfjarðará, eina bestu sjóbleikjuveiðiá landsins.

Norðfjarðará hefur gefið um 800 bleikjur undanfarin ár og hefur sjaldan gefið undir 600 til 700 bleikjum. „En núna fer veiðin yfir þúsund bleikjur, það liggur fyrir. Veiðin hefur verið frábær eftir miðjan júlí en um það leyti helltist bleikjan inn og allir veiðistaðir hafa verið að gefa fína veiði,“ segir Bergþór.

Veiðibók Norðfjarðarár sýnir að 60 til 70 bleikju dagveiði er algeng, en eins og gengur eru það menn sem þekkja vel til sem stunda ána. Hins vegar eru dagstangirnar þrjár hvergi nærri fullnýttar yfir sumarið og koma vikur þar sem auðvelt er að fá leyfi. Má hafa þetta í huga þegar veiðitölurnar eru skoðaðar.

Bergþór þekkir vel til á Austurlandi, og var reyndar við veiðar í Breiðdalsá þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann segir að allar bleikjuár Austurlands, sem eru margar, hafi verið að gefa veiði. „Hún er ekki í neinu brjálæðislegu magni, en heilt yfir þá er alls staðar bleikja,“ segir Bergþór.

**Víða veiði**

Frá öðrum landshlutum berast svipaðar fréttir. Norðlenskar ár eru sumar hverjar að gefa betri veiði en lengi, aðrar halda vel sínu eins og Hörgá og Fnjóská. Í vatnsleysinu við Húnaflóann í sumar var sjóbleikjan það sem gladdi menn helst, til dæmis í Hrútafjarðará. Fréttir af góðri bleikjuveiði í Dölunum eru á skjön við fréttir undanfarinna ára. Má þá minnast á Fljótaá og Flókadalsá í Fljótum sem eru að gefa fantaveiði. Skal tekið fram að önnur þekkt svæði hafa ekki tekið við sér, eins og gengur, en uppsveifla er engu að síður merkjanleg.

**Bestu sjóbleikjusvæðin sumarið 2011**

| | |
|---|---|
| 1. Fljótaá | 1.978 |
| 2. Hlíðarvatn | 1.567 |
| 3. Vatnsdalsá | 1.342 |
| 4. Flókadalsá | 1.223 |
| 5. Víðidalsá | 1.042 |
| 6. Norðfjarðará | 749 |
| 7. Hörgá | 739 |
| 8. Héðinsfjarðará | 604 |
| 9. Eyjafjarðará | 593 |

**Hefur áður sést**

En þessi þróun er ekkert einsdæmi að sögn Guðna Guðbergssonar, fiskifræðings á Veiðimálastofnun. „Við höfum séð þetta áður; að þegar laxinn gefur eftir þá hefur bleikjan verið að sækja á. Við höfum stundum talið að veiðitölurnar hækki á bleikjunni vegna þess að sóknarmynstrið breytist þegar minna er af laxi en þar sem við erum með teljara þá sýna tölurnar þetta sama,“ segir Guðni.



**GUÐNI GUÐBERGSSON**

Guðni segir útilokað að fullyrða nokkuð um samhengi þarna á milli, enda um flókið samspil ólíkra þátta í náttúrunni að ræða. Til dæmis eigi eftir að gera sumarið upp í þessu tilliti. „En við höfum séð þetta áður og getur haft með það að gera að þegar skilyrðin eru laxinum óhagstæð þá líður bleikjunni betur, og öfugt. Þetta rímar við það að bleikjan er kaldvatnsfiskur og hann þrífst betur í kalda vatninu en laxinn. Minna má á að við fengum kalt vor í fyrra og það gæti haft með þetta að gera, að einhverju leyti. Þegar kemur að fiskstofnum þá geta hlutirnir gerst ansi hratt en erfitt er að fullyrða áður en öll kurl koma til grafar.“

svavar@frettabladid.is






# Tökum þátt í söfnunardegi **Á allra vörum** á RÚV og Rás 2

Á ALLRA VÖRUM




## Bein útsending á RÚV og Rás 2

Annað kvöld, **14. september**, verðum við í beinni útsendingu í fjörugum söfnunarþætti á RÚV þar sem landsþekktir listamenn koma fram og skemmta áhorfendum. Rás 2 tekur einnig þátt í gleðinni með stórskemmtilegum uppákomum allan daginn. Vertu með og leggðu þitt lóð á vogarskálarnar. **Allt skiptir máli.**

## Eitt gloss getur breytt svo miklu

Átakið ***Á allra vörum*** stendur sem hæst með sölu á glossum frá Dior. Við söfnum fyrir stuðningsmiðstöð fyrir fjölskyldur barna sem eru alvarlega veik og berjast fyrir lífi sínu á hverjum degi. Slík stuðningsmiðstöð mun skipta sköpum fyrir þessar fjölskyldur og létta undir með þeim í baráttunni við illvíga sjúkdóma.

**Hjálpum þessum ungu hetjum og kaupum *Á allra vörum* gloss frá Dior.**

Dior vistor MEDOR FITON truenorth

## Hringdu núna til að styðja söfnunina:

**903 1000**
og þú gefur 1.000 kr.

**903 3000**
og þú gefur 3.000 kr.

**903 5000**
og þú gefur 5.000 kr.

Fiton/SÍA



> **Stöð 2 kl. 20.55**
**Steindinn okkar**

***Grínistinn Steindi Jr. heldur áfram að kitla hláturtaugarnar með sínum einstaka húmor. Steindi bregður sér í hin ótrúlegustu gervi og fær fjölda þekktra einstaklinga til að taka þátt í gríninu.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR GRÆTUR YFIR GLEE

# *Gráturinn nær nýjum lægðum*

Ég man hvað ég skammaðist mín mikið þegar ég var þrettán ára og horfði á Titanic í fyrsta skipti með eldri systrum mínum og vinum þeirra. Sama hvað ég reyndi þá gat ég ekki haldið aftur af tárunum. Ég hágræt alltaf yfir Notebook og á enn í dag í mestu erfiðleikum með að horfa á Lion King. Þættir eins og Oprah og Extreme makeover: Home edition skilja mig líka oft eftir með ekkasog og hor.

Í stuttu máli: Ég græt oft yfir sjónvarpinu. Yfir lokaþætti þriðju seríu Glee á mánudaginn náði ég þó nýjum lægðum. Þar sem ekki liggur mjög djúpt á minni innri gelgju hef ég lítið fyrir því að elska söngóðu krúttmolana í Glee. Mér finnst æðislegt hvernig þættirnir tækla samfélagsvandamál nútímans á skemmtilegan hátt og hafandi fylgst með Finchel, Quinn, Puck, Mr. Shue og öllum hinum í þrjú ár er ég óhjákvæmilega farin að tengjast þeim tilfinningaböndum. Með öllum breytingunum og óvissunni sem lokaþátturinn hafði í för með sér gat ég því ekki annað en hrifist með í dramatíkina. Lokaatriðið fór þó alveg með mig. Þegar Rachel ók burt í lestinni var tissjúið orðið gegnsósa af tárum. Ég sá mig knúna til að slökkva á sjónvarpinu, opna frystinn og fá mér ís. Mér leið eins og mér hefði verið dömpað!



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dauðinn í Feneyjum **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Leikfélag andans **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.30 Herstöðvarlíf** (2:23) (Army Wives)
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.26 Geymslan**
**17.52 Múmínálfarnir**
**18.02 Lóa**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Dýraspítalinn** (1:10) (Djursjukhuset)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Hrefna Sætran grillar** (3:6)
**20.30 Njósnari** (5:6) (Spy) Bresk gamanþáttaröð. Tim á í forræðisdeilu við fyrrverandi konu sína og segir upp starfi sínu. Hann sækir um vinnu hjá hinu opinbera og kemst að því að verið er að bjóða honum njósnarastarf hjá MI5.
**20.55 Líf vina vorra** (10:10) (Våra vänners liv) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (6:18) Spennuþáttaröð um morðdeild lögreglunnar í Detroit sem á í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Berlínarsaga** (4:6) (Die Weissensee Saga) (e)
**23.55 Krabbinn** (4:13) (The Big C) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.25 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir**
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (12:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (144:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (14:25)
**11.50 Glee** (20:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Aliens in the Attic** Skemmtileg gamanmynd um hóp frísklegra krakka sem þurfa að vernda heimili sitt fyrir ágangi geimvera sem gera þeim lífið leitt.
**14.25 Smallville** (19:22)
**15.10 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (20:22)
**19.45 Modern Family** (21:24)
**20.10 Masterchef USA** (17:20) Áhugakokkar keppast við að vinna Gordon Ramsey og hina í dómnefndinni á sitt band.
**20.55 Steindinn okkar** (4:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
**21.25 The Closer** (19:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf Brendu Johnson og morðrannsóknardeildarinnar hjá lögreglunni í Los Angeles.
**22.10 Fringe** (13:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.55 Breaking Bad** (2:13)
**23.40 Harry's Law** (8:12)
**00.20 Rizzoli & Isles** (13:15)
**01.05 Mad Men** (5:13)
**01.50 Treme** (10:10)
**03.10 The Soloist**
**05.05 Malcolm in the Middle** (20:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.55 Spænsku mörkin**
**18.25 Pepsi deild kvk: Fylkir - Þór/KA**
**20.15 Unglingamótið í Mosfellsbæ** Efnilegustu kylfingar landsins tóku þátt.
**21.00 KPMG mótið** Skemmtilegur þáttur um KPMG-golfmótið þar sem úrvalslið Reykjavíkur mætir úrvalsliði landsbyggðarinnar í bráðfjörugu móti í anda Ryder bikarsins. Umsjónarmaður er Þorsteinn Hallgrímsson.
**22.00 OK búðarmótið**
**22.35 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Chelsea**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Southampton - Man. Utd.**
**20.05 Premier League World 2012/13**
**20.35 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**
**21.05 Premier League Review Show 2012/13**
**22.00 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.30 Newcastle - Tottenham**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (21:25)
**17.55 Tricky TV** (21:23)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (21:22)
**19.00 Friends**
**19.25 Simpson-fjölskyldan**
**19.50 2 Broke Girls** (1:24) Ný og hressileg gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær Max og Caroline þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið og þær leiða saman hesta sína til að láta sameiginlegan draum rætast.
**20.15 Suburgatory** (5:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.40 Pretty Little Liars** (5:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.25 Material Girl** (5:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljóN í veginum í átt til velgengni.
**22.15 2 Broke Girls** (1:24)
**22.40 Suburgatory** (5:22)
**23.05 Pretty Little Liars** (5:25)
**23.50 Material Girl** (5:6)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** (25:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (7:10)
**20.30 Að hætti Sigga Hall** (1:12)
**21.10 Það var lagið**
**22.05 Friends** (5:24)
**22.30 Ellen**
**23.15 Spurningabomban** (7:10)
**00.00 Að hætti Sigga Hall** (1:12)
**00.40 Doctors** (25:175)
**01.20 Friends** (5:24)
**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 The Biggest Loser** (18:20) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 America's Next Top Model** (3:13) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (3:25)
**19.55 Will & Grace** (15:24)
**20.20 Rules of Engagement** (9:15) Audrey telur að þjónustustúlkan hjá henni þurfi nauðsynlega að fara í skurðaðgerð og biður nágranna sína að styrkja hana.
**20.45 30 Rock** (4:22) Jack er stressaður yfir fjárhagnum og reynir að loka NBC síðunni.
**21.10 Monroe** (6:6) Í þessum síðasta þætti af þáttaröðinni er ung stúlka flutt á spítala eftir alvarlegt bílslys og Monroe telur litlar líkur á því að aðgerð komi henni að gagni.
**22.00 James Bond: You Only Live Twice** Þetta er fimmta Bond myndin og skartar hún Sean Connery í hlutverki njósnarans.
**00.00 Law & Order: Criminal Intent** (15:16) (e)
**00.45 Unforgettable** (21:22) (e)
**01.35 Crash & Burn** (7:13) (e)
**02.20 Everybody Loves Raymond** (3:25) (e)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** BMW Championship 2012 (4:4) **12.10** Golfing World **13.00** BMW Championship 2012 (4:4) **18.00** PGA Tour - Highlights (33:45) **18.55** AT&T National - PGA Tour 2012 (4:4) **23.55** Ryder Cup Official Film 2006 **01.10** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# MEIRA ÚRVAL
## SKJÁKORT - MÓÐURBORÐ - ÖRGJÖRVAR

POWER EDITION
BETRI GRAFÍK Í LEIKINA




TIL Á LAGER

msi

### VINSÆLASTA LEIKJASKJÁKORTIÐ OKKAR

**MSI NVIDIA GeForce GTX 660 Ti**
- Power Edition, þreföld orkustýring leyfir hámarksklukkun
- Ný hönnun tryggir betri yfirklukkun og meiri stöðugleika í hámarksnýtingu
- Nýjasta kynslóð NVIDIA grafíkkjarna ásamt þriðju kynslóðar PCI Express
- 2GB GDDR5 innbyggt minni fyrir stóra eða marga skjái
- Twin Frozr IV, betri kæling og minni hávaði
- Styður 3D og allt að 4 skjái í einu
- Miklir tengimöguleikar með 2 x DVI, 1 x Display porti og 1 x HDMI

**54.990**




ASUS MILITARY CLASS - HÁMARKSGÆÐI OG STÖÐUGLEIKI

**MSI Z77A-GD65**
- Intel Z77 kubbasett með Ivy Bridge stuðningi
- Allt að 32GB DDR3 vinnsluminni
- Þriðju kynslóðar PCI Express 3.0, USB3, SATA og HDMI
- THX TruStudio PRO hljóðkort
- Styður 3 skjákort með allt að 4 kjörnum
- Stuðningur við 3TB og stærri harða diska

**32.990**




**29.990**

**INTEL i5 2310 ÖRGJÖRVI**
- 4 kjarnar og 4 þræðir fyrir öfluga vinnslu
- 2,9GHz klukkutíðni og klukkar sig í allt að 3,2GHz
- Styður allt að 32GB vinnsluminni
- Intel HD 2000 skjákort
- 6MB flýtiminni

CORSAIR
DOMINATOR, VENGEANCE, XMS OG VALUESELECT VINNSLUMINNI FRÁ CORSAIR

tl.is




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*Besti bitinn er heima hjá mömmu auðvitað. Annars er það suZushii þegar maður er á hraðferð og Ban Thai þegar maður hefur tíma til að verða svengri á meðan matreitt er.*

Hallgerður Hallgrímsdóttir, blaðakona og ljósmyndari.

# Viðtökurnar verið framar vonum

„Toronto var frábær í ár og viðtökur áhorfenda við myndinni voru mjög góðar," segir framleiðandinn Eva María Daníels sem er nýkomin frá kvikmyndahátíðinni í Toronto þar sem hún var viðstödd frumsýningu myndarinnar What Maisie Knew.

Eva María er einn af framleiðendum myndarinnar sem skartar Hollywood-stjörnunum Julianne Moore og Alexander Skarsgård í aðalhlutverkum. „Það er mikið af góðum myndum á hátíðinni og jákvæð og skemmtileg stemmning í borginni. Myndin var frumsýnd síðastliðið föstudagskvöld fyrir pakkfullan sal en myndin er í sérstökum World Premiere-flokki," segir Eva María en sérstakt frumsýningarpartý var haldið eftir á þar sem The Kills þeyttu skífum.

What Maisie Knew hefur fengið góða dóma ytra. Kvikmyndaritið Variety og vefsíðan Screen Daily hafa lofað myndina í hástert. Myndin fjallar um ungu stúlkuna Maisie sem verður á milli í skilnaði foreldra sinna en nær að tengja við nýju maka þeirra sem sinna stúlkunni betur en foreldrarnir sjálfir. Samkvæmt gagnrýni Variety er What Maisie Knew talin eiga fullt erindi í kvikmyndahús. Bandaríski dreifingaraðilinn Millennium Entertainment hefur nú fest kaup á myndinni sem fer í almenna sýningu á næstu misserum. „Við erum mjög ánægð með þessa góða dóma sem fara fram úr okkar björtustu vonum," segir Eva María sem er með mörg verkefni í bígerð þessa stundina. „Ég byrja að vinna að næstu mynd á næsta ári en það er of snemmt að tala um það enn þá." **-áp**



**Á RAUÐA DREGLINUM** What Maisie Knew hefur fengið góða dóma en Eva María Daníels er einn framleiðandi myndarinnar. Hér sést hún við frumsýninguna í Toronto. NORDICPHOTOS/GETTY





Á Íslandi þurfa nokkur börn að takast á við ólæknandi sjúkdóma og erfiðleika sem mörgum hinna fullorðinna væri um megn. Öll fjölskyldan berst og þjáist með og enginn veit hvar illvíga sjúkdóma ber næst niður. En við getum hjálpað þessum ungu hetjum í baráttunni og með því að kaupa ***Á allra vörum*** gloss frá Dior leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar!



**Eftirtaldir staðir selja *Á allra vörum* gloss**

- Fríhöfnin, Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Snyrtivöruverslanir Hagkaups um land allt
- Lyf og heilsa um land allt
- Lyfja um land allt
- Hygea, Kringlunni og Smáralind // Sigurboginn // Snyrtivöruverslunin Glæsibæ // Ólöf snyrtistofa, Selfossi // Jara, Akureyri
- Einnig er hægt að kaupa gloss á www.aallravorum.is

Dior vistor MEDOR FITON truenorth

Fíton/SÍA




**FRÆÐAST UM KYNLÍF** Sunneva Sverrisdóttir og Veigar Ölnir Gunnarsson stýra saman sjónvarpsþættinum Tveir plús sex. Þátturinn fjallar um kynlíf og er fræðsluþáttur fyrir unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VEIGAR ÖLNIR GUNNARSSON: HEF LÆRT HEILAN HELLING Í LEIÐINNI

# FÓLK FORVITIÐ UM KYNLÍF

Sunneva Sverrisdóttir og Veigar Ölnir Gunnarsson stýra sjónvarpsþáttunum Tveir plús sex sem sýndir verða á Popptíví í vetur. Þættirnir fjalla á opinskáan hátt um kynlíf og eru hugsaðir sem skemmtilegir fræðsluþættir handa ungu fólki.

Hugmyndina að þáttunum fékk Sunneva þegar hún vann hjá Jafningjafræðslunni. Henni þótti áberandi hvað íslensk ungmenni voru forvitin um kynlíf og kviknaði þá hugmyndin að sjónvarpsþáttunum. Hún bar hana undir systur sína, Hrefnu Björk Sverrisdóttur, og þær settu sig í samband við Sigríði Dögg Arnardóttur kynfræðing og þá fór boltinn að rúlla.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sunneva reynir fyrir sér í sjónvarpi og aðspurð segist hún alveg ófeimin fyrir framan myndavélina. „Ég lærði að koma fram hjá Jafningjafræðslunni og var í ræðumennsku í grunn- og menntaskóla sem hefur hjálpað mikið til."

Sunneva kynntist Veigari Ölni í Menntaskólanum í Hamrahlíð og taldi hann tilvalinn í hlutverk meðstjórnanda þáttanna. „Hann er skemmtilegur, einlægur og hress og hefur líka verið í leiklist þannig að mér þótti tilvalið að fá hann með mér í þetta," segir hún.

Veigar kveðst þó hafa þurft svolítinn umhugsunarfrest áður en hann tók að sér verkefnið. „Ég stökk ekki á þetta einn, tveir og þrír heldur þurfti smá tíma til að melta þetta.

Þegar Sunneva útskýrði fyrir mér hversu mikil þörf væri á fræðslu sem þessari ákvað ég að vera með." Þetta er einnig í fyrsta sinn sem Veigar kemur fram í sjónvarpi og segir hann mun meiri vinnu liggja að baki gerðar þáttanna en hann hafi í fyrstu búist við. „En þetta er skemmtileg vinna og engin kvöð og ég hef lært heilan helling í leiðinni."

Veigar heldur til Suður-Ameríku stuttu eftir að tökum lýkur og verður því ekki á landinu þegar þættirnir verða frumsýndir. „Ég sting af til útlanda áður en þættirnir byrja," segir hann að lokum í gamansömum tón. **sara@frettabladid.is**

## VERÐLAUNAÞÆTTIR UM KYNLÍF

Norsku sjónvarpsþættirnir Trekant vöktu mikla athygli í Noregi í fyrra. Þættirnir fjalla um allt er viðkemur kynlífi og fór fyrsta þáttaröðin í loftið í fyrra. Þættirnir unnu til norsku sjónvarpsverðlaunanna árið 2011 og því var ráðist í gerð nýrrar þáttaraðar. Þar fá hinir ungu þáttastjórnendur meðal annars að líta bak við tjöldin við tökur á klámmynd og kynna sér „fisting" eða hnefun.

# Mugison meðal jólagesta systkinanna

Hinir árlegu jólatónleikar systkinanna KK og Ellenar verða í fyrsta sinn haldnir í Eldborgarsal Hörpunnar hinn 12. desember, eða 12.12.12. Kvöldið eftir spila þau í Hofi á Akureyri og hinn fjórtánda á Siglufirði.

„Við gáfum út jólaplötu systkinin árið 2005. Við byrjuðum í Hafnarfirði og svo fórum við út um allt land og spiluðum í kirkjum landsins. Núna er búið að byggja fína höll utan um okkur, þannig að það var ákveðið að fara þangað inn. Eldborgin er að hefja sinn feril og það er þegar kominn álitlegur hópur sem hefur spilað þar. Við erum voða ánægð að vera í þeim hópi," segir KK.

Góðir gestir verða á tónleikunum, eða Mugison, Maggi Eiríks, Elín Ey og Pikknikk. Tónlistarstjóri verður Eyþór Gunnarsson. „Ég hlakka mikið til. Við ætlum að reyna að hafa þetta svolítið „akkústískt". Húsið er þannig byggt að það ber mjög vel akkústíska tónlist." **- fb**



MUGISON



**KK OG ELLEN** Systkinin halda sína árlegu jólatónleika í Eldborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Styrktu stöðu þína

## Námskeið á sviði upplýsingatækni á haustmisseri



**WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi**
*Kennari: Valur Þór Gunnarsson,*
*sérfræðingur í rafrænum viðskiptum*
**skráningarfrestur til 14. september**

**Start Test Automation**
*Kennari: Mark Fewster,*
*software testing consultant and trainer, author and presenter*
*at national and international software conference*
**skráningarfrestur til 14. september**

**Automating Test Execution Successfully**
*Kennari: Mark Fewster,*
*software testing consultant and trainer, author and presenter*
*at national and international software conference*
**skráningarfrestur til 14. september**

**Agile hugbúnaðargerð og Scrum**
*Kennarar: Baldur Kristjánsson og Gunnar Sigurjónsson,*
*ráðgjafar hjá Advania, Certified Scrum Masters og Certified Scrum Product Owners*
**skráningarfrestur til 19. september**

**Lýsigögn (e. Metadata)**
*Kennari: Heimir Þór Sverrisson,*
*Enterprise Database Architect, Peoplenet Communications Corp*
**skráningarfrestur til 27. september**

**SQL fyrirspurnarmálið**
*Kennari: Hjálmtýr Hafsteinsson,*
*dósent í tölvunarfræði*
**skráningarfrestur til 1. október**

**WordPress II – Framhaldsnámskeið**
*Kennari: Valur Þór Gunnarsson,*
*sérfræðingur í rafrænum viðskiptum*
**skráningarfrestur til 12. október**

**Kanban í upplýsingatækni**
*Kennarar: Baldur Kristjánsson og Gunnar Sigurjónsson,*
*ráðgjafar hjá Advania*
**skráningarfrestur til 18. október**

**Vefhönnun fyrir hönnuði**
*Kennari: Már Örlygsson,*
*sérfræðingur í vefsmíði og hönnun notendaviðmóta*
**skráningarfrestur til 29. október**

**Framhaldsnámskeið í gagnasafnsfræði og SQL**
*Kennari: Hjálmtýr Hafsteinsson,*
*dósent í tölvunarfræði*
**skráningarfrestur til 5. nóvember**

Ef fyrirtæki eða stofnun skráir fimm eða fleiri á sama námskeið er veittur 20% afsláttur

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þekktir nágrannar

Söngvarinn **Jón Þór Birgisson,** eða Jónsi í Sigur Rós eins og hann er betur þekktur, hefur fest kaup á lóðinni við Spítalastíg 6a. Lóðin er óbyggð en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur til að byggja þar hljóðver. Jónsi og sambýlismaður hans búa skammt frá lóðinni og eru ekki einu landsþekktu einstaklingarnir sem búa þarna í kring; Leikarahjónin Ólafur Egill Egilsson og Esther Talía Casey búa þar skammt frá og söngkonan Ragnhildur Gísladóttir keypti hús á horni Spítalastígs og Bergstaðastrætis ásamt sambýlismanni sínum, Birki Kristinssyni. Leikararnir Hilmir Snær Guðnason og Vigdís Hrefna Pálsdóttir búa einnig í næsta nágrenni.



### Fantasíur í góðgerðarmál

**Hildur Sverrisdóttir,** höfundur bókarinnar Fantasíur, gaf í gær tvö hundruð þúsund krónur í safnanirnar Á allra vörum fyrir veik börn og Öll með tölu fyrir Kvennaathvarfið. Það svarar til um eitt þúsund króna fyrir hverja sögu sem Hildi barst frá íslenskum konum fyrir útgáfu Fantasía. „Mig langar sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag að gefa til þeirra tveggja safnana sem eru í gangi núna," segir Hildur.

**- sm, gar**



### Mest lesið vísir

1. Virtur Eve Online spilari lést í sendiráðinu
2. Kallaði lögreglubjón nasista og rottu
3. Sendiherra Bandaríkjanna drepinn í Líbýu
4. Fjöldi manna leitar að þúsundum kinda í dag
5. Kristján Hinrik og morðinginn voru félagar


HEITASTA ÁSTARSAGAN






